

ÁRSSKÝRSLA

2017

+

STARFSÁÆTLUN

2018



Menningarhúsin

í


Kópavogi

- [Ritstjórn](#)
Soffía Karlsdóttir
forstöðumaður menningarmála í Kópavogi
- [Ábyrgðarmaður](#)
Páll Magnússon
bæjarritari Kópavogs
- [Samantekt og samræming](#)
Capacent
- [Umbrot](#)
Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir, með aðstoð frá Chris Petter Spilde)
- [Prófarkalestur](#)
Brúarsmiðjan – Margrét Sveinbjörnsdóttir

Forsíða: Safngripir úr Náttúrufræðistofu Kópavogs
Ljósmyndari: Axel Sigurðarson

ISSN 2547-7773
Útgefið maí 2018


Innihald



Innihald


A Menningarmál	5
Skipurit	5
Lista- og menningarráð	5
B Hlutverk menningarmálaflokks Kópavogsbæjar	6
Menningarstefna	7
Tilgangur menningarstefnu	7
Leiðarljós menningarstefnu	7
C Kópavogur – kröftugur menningarbær	11
Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining	11
Stefnumörkun	12
Menningarhúsin og miðlæg menningarstarfsemi	13
Menningarhúsin	14
Lista- og menningarráð	15
Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins	16
Framlag bæjarlistamanns Kópavogs 2017-2018	18
Viðburðadagatal hátíða á vegum Kópavogsbæjar 2018	19
D Rekstur og mannauðsmál	21
Fjárhagsáætlun 2018	21
Mannauðsmál	24
E Viðburðir, fræðsla og kynning	26
Viðburðadagatal og lykiltölur	26
Viðburðadagatal	38

F Stofnanir sviðsins	43
Bókasafn Kópavogs	43
Hlutverk	43
Framtíðarsýn	43
Markmið	43
Starfsemi 2017	44
Helstu verkefni 2018	57
Lykiltölur	58
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	60
Hlutverk	61
Leiðarljós	61
Markmið	61
Starfsemi 2017	62
Helstu verkefni 2018	71
Sýningardagskrá	71
Lykiltölur	77
Héraðsskjalasafn Kópavogs	79
Hlutverk	79
Leiðarljós	79
Markmið	80
Starfsemi 2017	80
Helstu verkefni 2018	82
Lykiltölur	83
Náttúrufræðistofa Kópavogs	85
Hlutverk	85
Leiðarljós	85
Markmið	85
Viðburðadagatal og safnfræðsla	86
Sýningar	86
Helstu verkefni 2018	88
Lykiltölur	89
Salurinn	93
Hlutverk	93
Leiðarljós	93
Markmið	93
Starfsemi 2017	94
Helstu verkefni 2018	103
Lykiltölur	107



MENNINGARMÁL

Skipurit



Lista- og menningarráð

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í menningarmálum.

Kjörnir

- D** Karen Elísabet Halldórsdóttir formaður
- Æ** Auður Sigrúnardóttir
- B** Björg Baldursdóttir
- D** Sigurður Sigurbjörnsson
- S** Þórunn Sigurðardóttir
- V** Þuríður Backman (áheyrnarfulltrúi)

Til vara

- Æ** Bergþór Skúlason
- B** Birtna Björnsdóttir
- V** Einar Ólafsson
- S** Hafsteinn Karlsson
- D** Magdalena Anna Torfadóttir
- D** Þórður Gunnarsson

- D** Sjálfstæðisflokkurinn
- Æ** Björt framtíð
- S** Samfylkingin
- B** Framsóknarflokkurinn
- V** Vinstrireyfingin – grænt framboð



HLUTVERK MENNINGARMÁLAFLOKKS KÓPAVOGSBÆJAR

Menningarstarf í Kópavogi stendur á gömlum merg og fer að miklu leyti fram í fimm menningarhúsum sem standa í námunda hvert við annað. Styrkur menningarstarfsins felst meðal annars í þessari nálægð en óvígða hér á landi er að finna slíkan menningarkjarna. Að auki endurspeglast metnaður bæjarfélagsins á sviði menningarmála í byggingunum sjálfum, sem voru langflestar reistar til þess að hýsa menningarstarfseminu sem þar fer fram.

Menningarlífið í Kópavogi er í miklum blóma sem glögg má sjá á stórauðinni aðsókn að menningarhúsunum, vexti í viðburðum, þátttöku nýrra gesta og aukinni fjölmiðlaumfjöllun. Þetta fjölbreytta og spennandi starf má þakka vel samstilltum hópi starfsmanna Menningarhúsanna, sem stefnir á enn metnaðarfullri dagskrá á næstu misserum. Þessari skýrslu er ætlað að veita yfirlit yfir menningarstarf bæjarins árið 2017 og gefa um leið innsýn í áætlanir fyrir málaflokkinn árið 2018.

Hlutverk menningarmálaflokksins er að fara með framkvæmd allra menningarmála sem heyra undir Kópavogsbæ. Forstöðumaður menningarmálaflokksins ber ábyrgð á rekstri og starfsemi Bókasafns Kópavogs, Gerðarsafns, Héraðsskjalasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Salnum, en hvert hús um sig hefur sinn forstöðumann sem ber ábyrgð á því gagnvart forstöðumanni menningarmála.

Þverfaglegt samstarf um hátíðir, barnamenningu, menningar- og dægurviðburði auk kynningar- og markaðsmála er einnig á ábyrgð forstöðumanns menningarmála. Menningarstofnanirnar bæjarins starfa samkvæmt samþykktum Kópavogsbæjar og viðeigandi lögum og reglugerðum. Málaflokkurinn hefur jafnframt, fyrir hönd Kópavogsbæjar, umsjón með samstarfsvettvangi Leikfélags Kópavogs og hópum og einstaklingum sem þiggja framlög úr sjóðum Lista- og menningarráðs. Yfirstjórn menningarmála sér um samninga, styrki og samskipti við aðila sem koma að lista- og menningarlífi í Kópavogi og er bæjaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir yfirstjórnina heyra.

Forstöðumaður menningarmála er Soffía Karlsdóttir en við yfirstjórn menningarmála starfa auk hennar verkefnastjórnarnir Ólöf Breiðfjörð og Hrafnhildur Gissurardóttir.

Menningarstefna

Tilgangur menningarstefnu

Menningarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt í maí 2015 og nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins og þar með Menningarhúsanna. Stefnunni er ætlað að skerpa sýn og hlutverk menningarstarfs í bænum, stuðla að markvissari ákvörðunum og betri nýtingu fjármagns. Tilgangur hennar er meðal annars að auka lífsgæði bæjarbúa, styrkja bæjarbrag og laða að nýja íbúa, en einnig aðra innlenda jafnt sem erlenda gesti. Aðgerðaáætlun fylgir stefnunni og verður hún yfirfarin árið 2018.

Leiðarljós menningarstefnu

- Í stefnunni eru skilgreind átta lykilviðfangsefni og markmið og leiðir til að ná þeim.
- * Að vekja athygli á menningarstarfi í Kópavogi
 - * Að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð menningarhúsa
 - * Að efla næsta nágrenni
 - * Að sækja á ný mið
 - * Að efla tengingar og samtal við grasrótina
 - * Að tengjast skólastarfi í bænum
 - * Að móta sér sérstöðu
 - * Að samnýta starfskrafta betur





KÓPAVOGUR – KRÖFTUGUR MENNINGARBÆR

Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining

Líkt og segir í menningarstefnu Kópavogsbæjar er tilgangur menningarstarfsins í Kópavogi að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun. Þar er lögð áhersla á að þróa og bjóða viðburði og upplifun sem ekki er að finna annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og er það því hrein viðbót við þá menningarflóru sem í boði er. Þar segir enn fremur að hjarta menningarstarfs bæjarins sé í Menningarhúsunum sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Samspil og nálægð húsanna gefur kost á rekstrarlegri samlegð með aukinni samvinnu starfsmanna og sameiginlegri markaðssetningu þvert á húsinn og listgreinar.

Í stefnunni er gert ráð fyrir að unnið sé að fjölbreyttum markmiðum og hafa sum þeirra þegar náð fram að ganga. Nokkrir þættir stefnunnar eru undirliggjandi í allri starfsemi menningarhúsanna. Árið 2017 var lögð áhersla á að gera nýja vefsíðu fyrir öll menningarhúsin og eina sameiginlega yfirsíðu; viðamikið verkefni sem lauk í maí 2018. Kynningarmál voru endurskoðuð árið 2017, sérstaklega hvað varðaði útgáfu prentefnis, með það fyrir augum að nýta betur fjármuni, stuðla að minni pappírssóun og horfa meira til þess að ná til bæjarbúa með auglýsingum í nærumhverfinu. Einnig var litið til nýrri hópa með skilvirkari notkun á samfélagsmiðlum og með áhrifavaldamarkaðssetningu. Samstarf innan menningarhúsanna var eflt með því að stofna starfshópa þvert á húsinn, m.a. á sviði viðburða, miðlunar og kynninga.

Árið 2018 er stefnt að því að endurskoða menningarstefnu Kópavogs og setja fram með henni aðgerðaáætlun sem nær til fimm ára. Verið er að skoða hvernig unnt er að vekja athygli á starfsemi Menningarhúsanna gagnvart erlendum ferðamönnum, meðal annars í samstarfi við rekstraraðila og afþreyingu í nágrenninu á borð við Sundlaug Kópavogs, Garðskálann og Kópavogskirkju. Verkefnið er unnið undir merkjum og í samstarfi við Reykjavík Loves, sem Kópavogsbær er aðili að. Horft er til þess að með samstarfinu kunni að skapast vettvangur sem býður upp á afslátt af þjónustu og viðskiptum á svæðinu, sérstaklega gagnvart ferðamönnum.

Þessi skýrsla er hin fyrsta sinnar tegundar á sviði málaflokksins þar sem unnt er að finna yfirlit yfir starfsemi og starfsáætlun Menningarhúsanna á samræmdan máta og á einum stað. Þannig er hún hugsuð sem yfirlit yfir árið 2017 og áætlun fyrir árið 2018. Síðla árs 2018 mun svo hefjast undirbúningur að gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Menningarhúsanna fyrir árið 2019, en þannig skapast vettvangur til að fylgjast vel með þróun mælanlegra þátta á sviði menningarmála og Menningarhúsin geta sett sér raunhæf markmið.

Stefnumörkun

Helsta breyting á starfsemi menningarmálaflokksins árið 2017 fólst í því að Tónlistarsafn Íslands var lagt niður í núverandi mynd og fluttist starfsemin í Landsbókasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þá urðu skipti á forstöðumanni menningarmála Kópavogs en Arna Schram lét af störfum í maí 2017 og Soffía Karlsdóttir tók við í lok ágúst 2017. Hún hefur aðsetur á stjórnarsýslusviði á Digranesvegi 1.



Yfirstjórn menningarmála starfar í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar og mótast af forgangsriðun í verkefnum hennar. Árið 2017 var lagður grunnur að fjölmennningarlegu samstarfi innan málaflokksins og á næstu misserum er stefnt að því að flétta atriði úr jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs inn í starfsáætlun menningarmálaflokksins. Þar verður lögð áhersla á að allir fái notið mannréttinda og að tryggt sé að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sem menningarstofnanir bæjarins bjóða upp á. Enn fremur að mennta- og æskulýðsstarf taki mið af þörfum barnafólks af erlendum uppruna og að þau fái notið framboðs bæjarfélagsins til jafns við önnur börn. Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins verða þannig mikilvægur þáttur í menningarstarfi bæjarins þar sem áhersla verður lögð á að börnum og ungmönnum gefist tækifæri til að kynna heimamenningu sína og móðurmál.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Kópavogur – kröftugur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Í stefnumörkun málaflokksins verður jafnframt höfð til hliðsjónar Stefna Kópavogs í málefnum útlendinga frá 2001, þar sem fjallað er um túlkabjónustu, fræðslunámskeið um ýmis réttindi, menningarkynningar, upplýsingabæklinga og -efni um þjónustu og ýmsa þætti sem leikskólarnir og grunnskólarnir geta unnið að. Bókasafn Kópavogs hefur unnið með Rauða krossinum að stuðningi fólks með annað móðurmál og verður því starfi viðhaldið. Verkefnið hlaut viðurkenningu Jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogs í ársbyrjun 2018 og var Menningarhúsunum mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut. Frá og með árinu 2018 munu Menningarhúsin í Kópavogi vinna í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt samkomulagi sem Kópavogsbær hefur gert við verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Í árslok 2017 hlutu Menningarhúsin 1,5 milljón króna styrk úr sjóði sem settur var á laggirnar í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands, m.a. til að styðja enn frekar við þessa stefnumörkun í menningarmálum með fjölbreyttum, fjölmennningarlegum viðburðum í öllum Menningarhúsunum. Árið 2018 verður lögð rík áhersla á að móta enn frekar og vinna með menningarmál fyrir börn og fjölskyldufólk, en með ráðningu nýs verkefnisstjóra á þessu sviði hefur orðið mikill og jákvæður viðsnúningur í samþættingu samstarfs grunnskólanna og Menningarhúsanna. Við endurskoðun menningarstefnu og aðgerðaáætlunar verða viðburðir og hátíðir á vegum bæjarins endurskoðaðar og metnar með tilliti til þess hvað betur megi fara og hvar ný tækifæri leynist. Unnið hefur verið að fegrun svæðisins í kringum Menningarhúsin og verður áfram hugað að þeim þætti. Úttekt á útilistaverkum innan bæjarmarka Kópavogsbæjar með það í huga að fjölga þeim í nánustu framtíð verður einnig eitt af viðfangsefnum yfirstjórnar menningarmála árið 2018.

Menningarhúsin og miðlæg menningarstarfsemi

Frumsköpun og drifkraftur voru einkennandi fyrir starfsemi Menningarhúsa Kópavogs árið 2017 og verður áfram unnið á sömu braut. Í maí 2018 voru teknar í notkun sex nýjar vefsíður; ein fyrir hvert menningarhús auk yfirsíðu fyrir menningarmálaflokkinn í heild sinni. Markmiðið er að stuðla enn frekar að samstarfi og samlegðaráhrifum skyldrar starfsemi innan sviðsins. Vefsmíðin fór fram hjá Origo (áður TM Software) og verða vefirnir hýstir þar, útlitshönnuður var Arnar Freyr Guðmundsson og ljósmyndari forsíðumynda var Axel Sigurðsson.

Í byrjun árs 2018 var kveikt í fyrsta sinn á nýjum tölvustýrðum hátækniljósabúnaði undir viðar-klæðningu Salarins og Náttúrufræðistofu auk þess sem tölvustýrðir kastarar voru settir upp á staur á mitt útisvæði Menningarhúsanna. Einnig var lýsing í tröppum milli Bókasafnsins og Tónlistarskólans aukin. Er þetta til mikilla bóta yfir svartasta skammdegið og gefur ennfremur kærkomið tækifæri til að leika sér með fjölbreytta lýsingarmöguleika á hátíðarstundum. Til samræmis var gætt að því að lagfæra götulýsingu í kringum húsin. Við sama tækifæri var útlýsing við inngang Salarins endurnýjuð.

Áherslum í kynningar- og markaðsmálum var breytt á árinu en dregið var úr útgáfu á prentuðu efni vegna umhverfissjónarmiða og vegna þess að óljóst þótti hver virkni þess var. Í staðinn var lögð áhersla á að tala betur við nærumhverfið með kynningum og auglýsingum í héraðsfréttablöðum, með kostuðu efni á samfélagsmiðlum og reglubundnum auglýsingum í samlesnum auglýsingum RÚV. Í byrjun árs 2018 var gerð tilraun með áhrifavaldamarkaðssetningu á Fjölskyldustundum á laugardögum og fjölmargir starfsmenn málaflöksins sóttu námskeið Hugsmiðjunnar um hagnýta notkun Facebook.

Menningarhúsin

Ráðist var í margar stórfra-
kvæmdir innan Menningar-
húsanna á árinu. Salurinn
uppfærði ljósabúnað og hátækni-
mynddreifibúnað í ársbyrjun 2018.
Með því var verið að mæta mikilli
eftirspurn og meiri kröfum sem
gerðar eru til sala sem leigðir eru
út til ýmissa viðburða en mikil
aukning hefur verið á eftirspurn
eftir Salnum fyrir ólíka viðburði.

Stöðugt er unnið að viðhaldi
fasteigna Menningarhúsanna og
rýmum breytt til að þau standist
tímans tönn og einnig til að mæta
nýjum kröfum. Sýningagangur
Náttúrufræðistofu var endur-
nýjaður árið 2017 og stefnt er
að því að breyta og opna anddyri
safnsins árið 2018.

Bókasafnið stefnir að því að bæta
aðstöðu fyrir unglina árið 2018,
bæta við annarri sjálfsafgreiðslu-
vél og hlúa enn betur að mál-
efnum innflytjenda, sem hafa verið
snar þáttur í starfseminni. Undir
árslok 2017 voru borð og stólar
fundarstofu Náttúrufræðistofu
og Bókasafns endurnýjuð.

Héraðsskjalasafn stóð í ströngu
við að taka á móti gögnum vegna
flutninga bæjarskrifstofu og
annarra sviða bæjarins. Safninu
barst nýr liðsmaður frá 1. janúar
2018 en er honum ætlað að vinna
með ljósmyndagrunn bæjar-
félagsins, samfélagsmiðla og
að öðrum verkefnum.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Kópavogur – kröftugur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Í Gerðarsafni var rýmum breytt á þann veg að
skrifstofuaðstaða var færð til í óformlegt sýningarrými
á jarðhæð og nýrri fundaraðstöðu komið upp. Lögð
var áhersla á að koma upp góðu rými fyrir smiðjur
og einnig var afmarkað nýtt rými þar sem munum
úr safneigninni er stillt upp. Unnið verður að opnun
safnverslunar í Gerðarsafni árið 2018 auk þess
sem í undirbúningi er að búa til afsteypur af verkum
Gerðar Helgadóttur.

Menning fyrir börn og samstarf Menningarhúsanna
við grunnskóla Kópavogs hefur þróast á mjög
jákvæðan og eftirtektarverðan hátt. Á dagskrá
Menningarhúsanna yfir vetrarmánuðina er hægt
að ganga að reglubundnum viðburðum sem haldnir
eru í Menningarhúsunum á víxl en það eru Menning
á miðvikudögum og Fjölskyldustund á laugardögum.
Verkefnisstjóra barnamenningar- og kynningarmála
barst liðsauki í upphafi árs 2018 með nýjum starfs-
manni í 80% starfshlutfalli en með því móti er stuðlað
enn frekar að aðgerðaáætlun menningarstefnu
bæjarins.

Nánar verður vikið að helstu verkefnum
Menningarhúsanna í sérköflum síðar í ársskýrslunni.

Lista- og menningarráð

Lista- og menningarráð fer með og
mótar menningarstefnu bæjarins,
samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er
kosið af bæjarstjórn í upphafi
kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf
í málaflöknum. Ráðið sér jafnframt
um útnefningu heiðurslistamanns
og bæjarlistamanns og úthlutar
styrkjum úr Lista- og menningar-
sjóði samkvæmt þeim reglum sem
það hefur sett sér og samþykktar
hafa verið í bæjarstjórn. Fundir
ráðsins árið 2017 voru 16 talsins.

Fjármálahlið málaflöksins tók
breytingum frá árinu 2017 til ársins
2018. Tónlistarsafnið var lagt niður
og fluttist fjármagn þess annað.
Ráðstöfunarsjóður Lista- og
menningarráðs var eflur um
tuttugu milljónir en um helmingi
þess fjár verður varið til 17. júní
hátíðarhalda sem færast nú í
fyrsta sinn undir menningarmála-
flokkinn. Málaflökurinn hlaut 1,5
milljón króna styrk vegna dagskrár
sem tengist fullveldisafmæli
Íslands og verður dagskrá Men-
ningarhúsanna helguð minningu
þess atburðar árið 2018.

Í fjárhagsáætlun 2018 var lögð
áhersla á að skilgreina og áætla
fasta kostnaðarliði úr sjóðum
ráðsins til að standa straum af
reglubundnum viðburðum og
hátíðum Menningarhúsanna. Þá
samþykkti ráðið að auka framlag
sitt til viðburðarins Menning fyrir
alla og bjóða þar með reglulega
5.–7. bekkjum í grunnskólum
Kópavogs á tónlistarkynningu
í Salnum, en fram að því hafði
grunnskólabörnum í 1.–4. bekkjum
hlotnast sá heiður.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Lista- og menningarráð hefur það að markmiði að efla menningarlíf í Kópavogi og starfa í anda menningarstefnu bæjarins. Það gerir ráðið með því að styrkja metnaðarfullt menningarstarf sem höfðar bæði til fullorðinna og barna og styður við fjölmargar listgreinar og starf stærri og smærri lista- og menningarhópa. Lista- og menningarráð hefur yfir að ráða menningarsjóði sem ætlaður er til listrænnar fegrunar bæjarins, kaupa á listaverkum, útnefningar heiðurslistamanns, launa bæjarlistamanns Kópavogs og ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör. Árlega styrkir sjóðurinn einstaklinga, hópa og stofnanir samkvæmt samþykktum reglum. Styrkúthlutanir eru árlegar en einnig er unnt að sækja um skyndistyrki. Við mat á umsóknum er menningarstefna Kópavogs höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta við úthlutanir úr sjóðnum:

- * Listræns mats á verkefninu og faglegri hæfni aðstandenda.
- * Verkefna sem fela í sér frumsköpun eða frumflutning en þeim er veitt brautargengi.
- * Leitast er við að hafa ákveðna endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi.
- * Hvernig verkefnið/starfsemin auðgar menningarlífið í Kópavogi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- * Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- * Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, skýrleika og sýnar umsækjenda og faglegra vinnubragða.

Þann 24. janúar 2018 fór fram í Gerðarsafni úthlutun úr sjóðnum vegna umsókna sem bárust árið 2017. Fjörtíu umsóknir bárust og hafði sjóðurinn yfir að ráða um fimmtíu milljónum króna. Danstvíæringurinn Ís heitur Kópavogur, Tónlistarhátíð unga fólksins og tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs hlutu hæstu styrkina; Ísheitur Kópavogur eina milljón en tvö hin síðarnefndu 650.000 krónur hvort. Þjóðlagasveitirnar Þula og Regnboginn, sem skipuð er ungum tónlistarmönnum, fengu saman 500.000 króna styrk, Kammerhópurinn Reykjavík Barokk

300.000 kr. til að flytja Stabat Mater og A&R Photos 200.000 kr. fyrir ljósmyndasýningu sem tvinnar saman listir og íþróttir. Þá fengu Þórunn Elín Pétursdóttir og Lenka Mateova 100.000 kr. styrk vegna tónleika í Kópavogskirkju, Erlu-sjóður fékk sömu upphæð fyrir dagskrá í minningu Þorsteins Valdimarssonar í Salnum og Bókasafninu og Camerartica fékk einnig 100.000 kr. fyrir tónleikana Mozart við kertaljós. Áður hafði sjóðurinn skuldbundið sig til að styrkja nokkra listhópa í tvö til þrjú ár og hlutu þessir einnig styrki á árinu: Listahátíðin Cycle kr. 6.000.000 og Ljóðahópur Gjábakka, Sögufélag Kópavogs, Samkór Kópavogs, Söngvinir – kór aldraðra, Karlakór Kópavogs, Kvennakór Kópavogs og Ritlistarhópur Kópavogs hlutu einnig starfsstyrki sem nema á bilinu kr. 100.000–200.000.


Árið 2017 samþykkti ráðið að veita árlega kr. 3.500.000 til listaverka-kaupa Gerðarsafns árin 2018 og 2019. Þá var samþykkt að að styrkja Tíbrá, tónleikaröð Salarins, og tónlistarsmiðju um kr. 4.500.000 árið 2018 og kr. 1.500.000 til ljóðahátíðar Jóns úr Vör sama ár. Árið 2017 undirritaði Lista- og menningarráð einnig þriggja ára samning við Leikfélag Kópavogs sem felur í sér árlegan styrk að upphæð kr. 3.200.000. Þá veitir Lista- og menningarráð bæjarlistamanni árlega styrk að upphæð kr. 1.500.000.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Kópavogur – kröftugur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Í anda menningarstefnu Kópavogsbæjar styður ráðið enn fremur eflingu viðburðadagskrár Menningarhúsanna í Kópavogi með eftirfarandi framlagi: Fjölskyldustundir kr. 3.000.000, Barnamenningarhátíð kr. 2.000.000, Safnanótt kr. 2.000.000 og Menning fyrir alla, sem er tónlistarkynning í Salnum fyrir 1.–7. bekki í grunnskólum Kópavogs, kr. 1.000.000. Ráðið hefur einnig úthlutað um kr. 9.000.000 til sautjanda júní dagskrár bæjarins.



Styrkir og framlög 2018

- A 20% Viðburðir og hátíðir Menningarhúsanna (Barnamenningarhátíð, Fjölskyldustundir, Menning á miðvikudögum, Safnanótt, Aðventuhátíð, Menning fyrir alla) 9.600.000
- B 9% Tíbrá og tónverkasmiðja 4.500.000
- C 7% Listaverka kaup Gerðarsafns 3.500.000
- D 3% Ljóðahátíð Jóns úr Vör 1.500.000
- E 4% Bæjarlistamaður 1.800.000
- F 19% 17. júní hátíðarhöld 9.000.000
- G 13% Cycle listahátíð 6.000.000
- H 2% Ísheitur Kópavogur 1.000.000
- I 1% Tónlistarhátíð unga fólksins 650.000
- J 1% Starfsmannafélag Tónlistarskóla Kópavogs 650.000
- K 1% Þjóðlagasveitirnar Þula og Regnboginn 500.000
- L 1% Myndlistarskólinn í Kópavogi 500.000
- M 4% Styrkir 300.000 kr. og lægri 2.120.000
- N 13% Óráðstafað 6.333.000

Bæjarlistamaður Kópavogs

Bæjarlistamaður Kópavogs árið 2016–2017 var tónlistarmaðurinn Ásgeir Ásgeirsson og heiðurslistamaður fyrir sama tímabil var myndlistarmaðurinn Kristín Þorkelsdóttir. Bæjarlistamaður Kópavogs 2017–2018 var tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson og heiðurslistamaður fyrir sama tímabil var tónlistarmaðurinn og rithöfundurinn Margrét Örnólfsdóttir.



Framlag Sigtryggs Baldurssonar var með margvíslegum hætti. Fyrir hans tilstuðlan héldu Hildur Kristín Stefánsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson tónsmíðanámskeið fyrir unglina í Kársnesskóla en afraksturinn var fluttur á tónleikum á Barnamenningarhátíð. Bæjarlistamaðurinn bauð upp á tónleika í Salnum á Safnanótt, 2. febrúar, þar sem Jón Ólafsson fór yfir feril Sigtryggs í tónleikaröðinni Af fingrum fram en með þeim komu fram fleiri tónlistarmenn. Á Sundlauganótt bauð Sigtryggur ásamt fleiri tónlistarmönnum upp á „slagverks-performans“ í innilaug Kópavogslaugar. Bæjarlistamaðurinn tróð einnig upp á árshátíð starfsmanna bæjarins 14. apríl 2018. Auglýst var eftir umsóknum og ábendingum um nýjan bæjarlistamann fyrir tímabilið 2018–2019 í mars 2018 og 24. maí sama ár var Stefán Hilmarsson tilnefndur bæjarlistamaður Kópavogs árið 2018. Á fundi Lista- og menningarráðs var samþykkt að heiðurslistamaður Kópavogs skyldi ekki vera tilnefndur að þessu sinni, heldur yrði það gert á tveggja til fjögurra ára fresti. Í kjölfarið voru nýjar reglur um bæjarlistamann og heiðurslistamann samþykktar í bæjarráði.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðadagatal hátíða á vegum Kópavogsbæjar 2018

Viðburðadagatal hátíða

13.–21. jan.

Dagar ljóðsins

1.–4. feb.

Vetrarhátíð: Safnanótt og Sundlauganótt

16.–21. apr.

Barnamenningarhátíð í Kópavogi

19. apr.

Sumardagurinn fyrsti

17. jún.

Þjóðhátíðardagurinn

1. des.

Fullveldisdagur Íslendinga og árleg aðventuhátíð

Kópavogur – kröftugur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Viðburðir í tengslum við fullveldisafmæli Íslands 2018

Febrúar/mars

6. bekkingar skoða ljósmyndir út frá listrænni nálgun annarsvegjar og hinsvegjar sem sögulegar heimildir

8. feb.–28. mar.

Sýningin Áhrifavaldar æskunnar á Bókasafni Kópavogs

17. feb.

Barbara ferðalangur, listsmiðja á Fjölskyldustund í Gerðarsafni

19. og 20. feb.

Myndasögusmiðja í vetrarfrí þar sem hugmyndum um sjálfstæði og fullveldi er varpað fram

10. mar.

Sjálfsmyndasmiðja á Fjölskyldustund í Gerðarsafni

28. mar.

Erindi Páls Einarssonar um Kötlugos á Menningu á miðvikudögum

16.–21. apr.

Fræðsla um Kópavogsfundinn fyrir unglíngastig grunnskólans á Barnamenningarhátíð

12. maí

Þjóðkvæði og sagnadansar með Evu Maríu, Fjölskyldustund í Salnum

1.–31. maí

Lestraráttak fyrir yngsta stig grunnskólans: Hvernig lærðu börn í gamla daga að lesa?

2. jún.

Gerður ferðalangur, Fjölskyldustund í Gerðarsafni

1. sep.

Barnaleikir í 100 ár, Fjölskyldustund á Bókasafni Kópavogs

22. sep.

Skúlptúrsmiðja, Fjölskyldustund í Gerðarsafni

29. sep.

Kötlugosið – vísindasmiðja, Fjölskyldustund í Náttúrufræðistofu

6. okt.

Þjóðsöngurinn í dag, Fjölskyldustund í Salnum

18. og 19. okt.

Ritsmiðja með Þorgrími Þráinssyni í haustfrí grunnskólanna, hugrekki og sjálfstæði sérstaklega rætt og sjálfstæði

20. okt.

Málþing Héraðsskjalasafns Kópavogs í Salnum, Kópavogsfundur um fullveldið

5. des.

Erindi um jólahefðir Íslendinga á Bókasafni Kópavogs, aðalsafni



REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

Rekstur menningarmála

Innan málaflokksins er lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri á sama tíma og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnunnar. Launakostnaður nemur 45% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga 20%. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna lánskírteina haldi áfram að lækka eins og verið hefur á undanförunum árum. Um óverulega vörusölu er að ræða í Menningarhúsunum en vonir standa til að hún aukist ef unnt verður að koma upp safnverslun í Gerðarsafni árið 2018. Tekjur af aðgangseyri eru um 0,6% af tekjum málaflokksins og gerir áætlun ráð fyrir sambærilegum tekjum á milli ára. Samkvæmt áætlun verður Salurinn með um 21% hlutdeild af tekjum málaflokksins en Bókasafnið um 7% hlutdeild. Um 87,7% af fjárhagsramma málaflokksins árið 2018 er varið til rekstrar stofnana sviðsins.

Fjármál

Frumvarp 2018 (í þús.kr.)


Tekjur

Rekstrartekjur	172.803
Rekstrartekjur samtals	172.803

Gjöld


Laun og launatengd gjöld	305.383
Annar rekstrarkostnaður	438.353
Rekstrargjöld samtals	743.737
Rekstrarniðurstaða	-570.934

Skipting tekna




A	0,0515	Tekjur af útlánum
B	0,0061	Aðgangseyrir
C	0,0319	Vörusala
D	0,0037	Sala bæklinga og bóka
E	0,6839	Aðrar millifærslur
F	0,2229	Aðrar tekjur og endurgreiðslur

Stofnanir sviðs – skipting gjalda




A	0,0755	Vörukaup
B	0,4199	Þjónustukaup
C	0,4116	Starfsmannakostnaður
D	0,0929	Aðrir styrkir og framlög

Stofnanir sviðs – skipting tekna



A	0,0737	Bókasafn Kópavogs
B	0,0055	Lindasafn
C	0,5461	Safnahús sameiginlegt
D	0,0052	Héraðsskjalasafn
E	0,1026	Náttúrufræðistofa
F	0,0528	Gerðarsafn
G	0,2141	Salurinn

Stofnanir sviðs – skipting rekstrar



A	0,051	Menningarmál yfirstjórn
B	0,26	Bókasafn Kópavogs
C	0,0295	Lindasafn
D	0,1269	Safnahús sameiginlegt
E	0,0653	Héraðsskjalasafn
F	0,1015	Náttúrufræðistofa
G	0,1521	Gerðarsafn
H	0,0725	Lista- og menningarráð
I	0,0161	Leikfélög
J	0,125	Salurinn

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Fjárhagsáætlun 2018

	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2017	Áætlun 2018				
			Tekjur	Laun og Itgj.	Annar rekstrar-kostn	Samtals	
Menningarmál yfirstjórn	05011	32.207	41.922	0	26.618	11.294	37.913
Bókasafn Kópavogs	05211	179.221	174.404	-12.735	115.577	77.795	180.638
Lindasafn	05212	20.010	19.769	-950	16.128	5.816	20.994
Safnahús sameiginlegt	05230	0	0	-94.370	0	94.370	0
Héraðsskjalasafn	05311	38.758	39.040	-900	30.776	17.784	47.660
Tónlistarsafn Íslands	05321	30.006	23.249	0	0	0	0
Náttúrufræðistofa	05351	65.234	58.310	-17.724	47.227	28.254	57.757
Gerðarsafn	05511	104.283	103.994	-9.124	30.575	82.560	104.011
Listasafn kaffitería	05512	0	0			82	82
Lista- og menningarráð	05812	31.869	33.306	0	6.251	47.654	53.905
Leikfélög	05814	9.801	12.002	0	0	12.002	12.002
Salurinn		48.435	49.890	-37.000	32.231	60.742	55.973
		559.824	555.886	-172.803	305.383	438.353	570.934

Rekstur og mannaúðsmál

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Mannauðsmál

Hjá Menningarhúsum Kópavogsbæjar starfar öflugur og hæfileikaríkur hópur starfsmanna, sem telur 57 manns. Breytingar urðu á yfirstjórn menningarmála en Arna Schram lét af störfum í maí 2017 og Soffía Karlsdóttir tók við keflinu í lok ágúst sama ár. Í upphafi árs 2018 var gerð tilfærsla á störfum innan Menningarhúsanna og nýtt 80% starf verkefnastjóra Menningarhúsanna varð til m.a. til að styðja betur við nýjar áskoranir og mæta nýjum tímum innan málaflokksins. Kröfur samtímans eru fjölbreyttir viðburðir innan Menningarhúsanna, viðburðir fyrir börn og fjölskyldur og virk þátttaka þar sem lögð er áhersla á fjölmenningsamfélag. Nýtt stöðugildi varð einnig til í Héraðsskjalasafni frá 1. janúar 2018 með áherslu á varðveislu ljósmynda og úrvinnslu þeirra. Það er metnaður stjórnenda Menningarhúsanna að hlúa vel að starfsfólki sínu og búa þeim jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi. Mikinn mannauð er að finna innan Menningarhúsanna og er lögð áhersla á að hann fái fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar sem taka mið af áskorunum í starfsumhverfi og niðurstöðum úr starfsmannasamtölum, sem fara fram árlega. Árið 2018 verður unnið að því að efla stjórnendur í hlutverkum sínum og lögð áhersla á að byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu, viðurkenningu og vellíðan starfsmanna. Árið 2018 leggja stjórnendur sérstaka rækt við að tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Starfsmannafjöldi menningarmálaflokksins

	2017		2018	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Starfsmenn	57	34	57	34
Stöðugildi eftir stofnunum				
Bókasafn Kópavogs	23	15	23	13
Héraðsskjalasafn	4	3	3	3
Lindasafn	3	2	5	2
Gerðarsafn (rekstur)	9	3,5	7	3
Náttúrufræðistofa	8	5	7	6
Stjórn menningarmála	1	2	3	3
Salurinn	8	3	8	4
Tónlistarsafn Íslands	2	1,5	-	-

Framtíðarsýn menningarmála

Menningaruppeldi er afar mikilvægur hluti af starfsemi allra Menningarhúsanna og á sama tíma fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í bæjarfélaginu. Sem annað stærsta bæjarfélag landsins eru skyldur lagðar á herðar bæjarfélagsins og mikilvægt að málaflokkurinn gegni þar ákveðinni forystu. Fáheyrnt er að eitt bæjarfélag státi af svo ólíkum menningarstofnunum sem tengdar eru hver annarri og felast í því fjölmörg tækifæri sem skapa um leið afar mikla sérstöðu ef litið er til höfuðborgarsvæðisins í heild sinni.

Menningarhúsasamstæðan rennir styrkum stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf innan bæjarfélagsins og skapar bæjarfélaginu sterka og einstaka ímynd. Nánd Menningarhúsanna auk nálægðar þeirra við eina vinsælustu sundlaug landsins, Kópavogslaug, er tækifæri sem hægt er að nýta til að efla ferðaþjónustu innan bæjarfélagsins auk þess sem orðspor Garðskálans í Gerðarsafni hefur afar jákvæð áhrif á svæðið. Þá má einnig nefna að stutt er í alla útivist og opin svæði í kringum Menningarhúsin sem veitir fjölmörg tækifæri til leiks

Rekstur og mannauðsmál

ÁRSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

og náms. Jafnframt verður horft til þess að greina opin svæði innan bæjarins með það fyrir augum að þau megi fegra með útilista- verkum. Menningarstarfsemi Kópavogsbæjar er nú að mestu leyti bundin við miðbæinn en áhugavert væri að skoða önnur svæði í nýrri byggð með það í huga að efla menningarstarf þar.

Samstarf og samráð er lykilatriði innan málaflokksins. Áhersla hefur verið lögð á góða samvinnu milli menningarhúsa bæjarins og einnig á stofnanir og fagsvið innan bæjarfélagsins og annarra hagsmunaaðila. Eftirsóknarvert er að horfa til nánara samstarfs utan landssteinanna, meðal annars með samstarfi við vinabæi Kópavogs á sviði menningarmála og menningarhátíða. Kópavogur hefur beitt sér fyrir öflugri miðlun og nýtir til þess upplýsingatækni á markvissan og framsækinn máta í tengslum við varðveislu og miðlun menningar. Stuðlað er að aðgengi, gagnvirkni og öflugri dreifingu menningar með hjálp stafrænna miðla og er áhugavert að vinna enn frekar á því sviði. Stöðugt er unnið að markvissum og faglegum leiðum Menningarhúsanna á sviði söfnunar, rannsóknna, varðveislu og miðlunar. Áhersla er lögð á að söfnin séu opin bæjarbúum og að þeir eigi góðan aðgang að þeim.



VIÐBURÐIR, FRÆÐSLA OG KYNNING

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðadagatal

Fræðsla í Menningarhúsunum í Kópavogi

Menningarhúsin í Kópavogi standa sameiginlega fyrir ýmis konar dagskrá allan ársins hring. Má þar nefna viðburðaröð sérsniðna fyrir skólahópa undir heitinu *Menning fyrir alla, Fjölskyldustundir á laugardögum* og *Menning á miðvikudögum*. Auk þess standa Menningarhúsin sameiginlega að árvissri dagskrá á Safnanótt, Dögum ljóðsins, sem er dagskrá tengd Jóni úr Vör, Barnamenningarhátíð í Kópavogi og Aðventuhátíð auk skipulagðrar dagskrár í vetrarfríum grunnskólanna. Viðburðirnir eru skipulagðir af verkefnastjóra viðburða í nánú samstarfi við forstöðumenn og sérfræðinga Menningarhúsanna. Tilgangur sameiginlegrar dagskrár Menningarhúsanna er að ná til gesta óháð áhugasviði þeirra, en það hefur sýnt sig að gestir sem sækja viðburð í einu menningarhúsi hafa meiri hvata til að sækja viðburði í öðru menningarhúsi.

Menning fyrir alla

Hugmyndin að baki viðburðaröðinni Menning fyrir alla er að miðla menningu og listum og starfsemi Menningarhúsanna til skólabarna á ólíkum aldri með því að bjóða þeim í heimsókn í Menningarhúsin. Í flestum tilfellum sækja börnin tvö hús heim í hverri heimsókn en sérfræðingar móta áhugaverða dagskrá sem er ætlað að opna augu þeirra fyrir tengslum milli ólíkra viðfangsefna. Salurinn er með sérsniðna tónlistardagskrá sem miðar að því að kynna klassíska tónlist og ólíkar tónlistarstefnur fyrir nemendum. Árið 2018 er stefnt að því að auka framboð viðburða og bjóða fleiri bekkjardeildum í Menningarhúsin. Tilgangur dagskrárinnar er að gefa öllum skólabörnum í Kópavogi tækifæri til að njóta menningar og opna augu þeirra fyrir þeim möguleikum sem Menningarhúsin í Kópavogi hafa upp á að bjóða.

2017

Góð þátttaka var í Menning fyrir alla og gekk dagskráin vonum frammar á árinu 2017 en allir 513 nemendur í 4. bekk grunnskólanna í Kópavogi komu á Bókasafn Kópavogs og Gerðarsafn á dagskrá sem kölluð var *Til annarra heima*. Þá komu um 400 nemendur 9. bekkja í heimsókn á Náttúrufræðistofu og Bókasafn Kópavogs á dagskrá þar sem vöngum var velt yfir staðreyndum. Haustið hófst svo á tónleikum í Salnum fyrir 1.–3. bekklinga en þar kynntu Jón Svavar Józefsson barítónsöngvari og Guðrún Dalía Salómons dóttir píanóleikari íslenska sönglagið við mikla kátínu 1.550 nemenda á alls sex tónleikum. Í nóvember var svo sérstök dagskrá fyrir 4. bekk í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu en útgangspunkturinn var sýningin *Staðsetningar*. Málverk á sýningunni eru unnin úr mold og öðrum jarðvegi sem skoðaður var meðal annars í smásjá á Náttúrufræðistofu í því skyni að opna augu nemenda fyrir tengingu myndlistar og náttúruvísinda. Um 500 nemendur úr 4. bekk grunnskóla Kópavogs nutu dagskrárinnar og auk þess nokkrir bekkir úr skólum í Reykjavík.

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

2018

Árið 2018 hófst á heimsóknnum nemenda 6. bekkja í Gerðarsafn og á Héraðsskjalasafn þar sem börnin fengu að velta fyrir sér ljósmyndum sem listrænum miðli annarsvegar og hinsvegar sögu- og heimildagildi þeirra. Með þessi atriði að leiðarljósi skoðuðu nemendur sýninguna *Likamleiki á Gerðarsafni* og hlýddu svo á erindi í Héraðsskjalasafni en um 450 nemendur nutu dagskrárinnar. Sérstök dagskrá fyrir 9. bekk er svo á vormánuðum í Náttúrufræðistofu og á Bókasafni Kópavogs og einnig lestrarátaksdagskrá fyrir börn sem eru að ljúka 1. bekk. Í haust verður svo yngsta stigi grunnskólans boðið á sýningar á óperunni *Gilitrutt* og 4. bekk býðst að skoða skúlptúra í Gerðarsafni og náttúrulega skúlptúra í Náttúrufræðistofu til samanburðar.

Fjölskyldustundir á laugardögum

Með grunnstarf hvers Menningarhúss að leiðarljósi skiptast húsin á að bjóða dagskrá fyrir fjölskyldur á hverjum laugardegi yfir vetrarmánuðina í því skyni að gefa fjölskyldum færi á að njóta samvista og viðburða sem gefa innsýn í mismunandi kima menningar. Tónleikar og aðrir tónlistartengdir viðburðir fara fram í Salnum, viðburðir tengdir bókmenntum og ljóðlist, föndur og spilastundir á Bókasafni Kópavogs, á Náttúrufræðistofu Kópavogs eru viðburðir tengdir safnkosti eða viðfangsefni stofunnar og listsmiðjur sem tengjast safneign eða yfirstandandi sýningum í Gerðarsafni. Þá er boðið upp á mánaðarlega dagskrá á Lindasafni. Aðgangur á fjölskyldustundir er ávallt ókeypis. Fjöldi gesta á Fjölskyldustundum fer vaxandi en með áframhaldandi fjölbreytni í vali á viðburðum og gæðum þeirra sem koma fram eða miðla mætti þetta enn frekar hóp fastagesta og ná til nýrra gesta óháð búsetu.

Menning á miðvikudögum

Öll miðvikudagshádegi yfir vetrartímann bjóða Menningarhúsin til skipulagðrar dagskrár. Tilgangur dagskrárinnar er að auðga menningarlífið í bænum og bjóða upp á dagskrá þegar stór hópur fólks á auðvelt með að mæta. Viðburðirnir skiptast á milli húsanna þar sem boðið er upp á tónleika, leiðsögn, fyrirlestra og fræðsluerindi ýmis konar sem endurspeglar sérvið húsanna. Dagskráin er gestum að kostnaðarlausu og sívaxandi fjöldi gesta sækir viðburðina. Fjölbreytni og gæði viðburða er lykilatriði þegar kemur að því að festa Menningu á miðvikudögum í sessi. Utanaðkomandi fræðimenn og listamenn eru þar mikilvægur liður, sem og að áfram verði byggður upp hópur fastagesta.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018



Barnameningarhátíð í Kópavogi

Barnameningarhátíð í Kópavogi var haldin í fyrsta sinn árið 2017 og fór þá fram á sama tíma og Barnameningarhátíð í Reykjavík, en áður hafði sambærileg hátíð í bænum gengið undir heitinu Ormadagar. Með þessu var ætlunin að höfða einnig til eldri barna og bjóða fjölbreytta dagskrá og verkefni fyrir skólahópa. Tilgangur hátíðarinnar er að bjóða börnum að taka þátt í menningarviðburðum og njóta menningarviðburða í sínum heimabæ með það að leiðarljósi að viðburðir, smíðjur og aðrir dagskrárliðir henti aldri nemenda. Kennurum og skólastjórnendum er gert kleift að bóka hópa á hátíðina og hefur skapast gott samstarf milli stjórnenda hátíðarinnar og skólasamfélagsins. Að loknum þátttökudögum barnanna sem eru á skólatíma er haldin vegleg uppskeruhátíð þar sem fjölskyldum gefst færi á að taka þátt í smíðjum, skoða sýningar á verkum sem börn hafa unnið á hátíðinni, njóta dagskrár í Salnum og víðar. Dagskráin er þéttofin alla hátíðarvikuna en stefnt er að því að bjóða upp á enn fleiri viðburði og horfa þá sérstaklega til unglíngastígsins með vinnustofum í skólunum og jafnvel að bjóða leikskólahópum að undirbúa sýningu á hátíðinni. Á Barnameningarhátíð 2018 var miðað að því að dreifa viðburðum og þannig bauð bæjarfélagið í samstarfi við Leikfélag Kópavogs upp á ókeypis leiksýningar hjá Leikfélaginu og viðburður var haldinn í Lindasafni. Vel mætti hugsa sér að taka þessa tilraun lengra á næstu árum. Þegar sumar- dagurinn fyrsti tengist barnameningarvikunni er tilvalið að tengja hann við hátíðina, eins og gert var árið 2018.

Dagskrá Barna- menningarhátíðar 2017

Leikskólahópum bauðst að sækja dagskrá um selinn í Náttúrufræðistofu og á Bókasafninu og að hlusta á tónleika með Dúó Stemmu í Salnum. Grunnskólahópar sóttu listsmiðju í Gerðarsafn og fræðsludagskrá um seli í Náttúrufræðistofu en auk þess bauðst unglíngum að sækja námskeið hjá Steinunni Eldflaug sem kenndi undirstöðuatriði í raftónlistargerð í Molanum. Laugardaginn 29. apríl var uppskeruhátíð þar sem fjölskyldum gafst færi á að upplifa það sem skólabörn höfðu unnið að og upplifað dagana á undan. Ljóðatrúðurinn Gjóla var með smíðju á Bókasafninu en sýning á myndskreyttum ljóðum sem leikskólabörn á Álfatúni og Marbakka unnu með trúðnum var sett upp á fyrstu hæð Bókasafnsins. Í Salnum var sýning á gluggaverki eftir unglíngum úr Kársnesskóla sem unnið var í anda Gerðar Helgadóttur með myndlistarkennaranum Guðnýju Jónsdóttur og myndlistarmanninum Guðrúnu Kristjánsdóttur. Í Salnum voru þjóðlagatónleikar með 5. bekklingum í Smáraskóla ásamt Möggu Stínu en hópurinn vann í nokkurn tíma með tónlistarkonunni að útsetningu á þjóðlögum sem þau fluttu á tónleikunum og í tengslum við verkið var unnið vídeóverk sem var varpað á sviðið. Á tónleikunum kom þjóðlagahópurinn Þula einnig fram en meðlimir hópsins eru nemendur í Tónlistarskóla Kópavogs. Á tónleikunum lauk svo Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

bæjarlistamannsári sínu en Ásgeir hafði þá heimsótt allra grunnskóla Kópavogs. Í Gerðarsafni gafst fjölskyldum kostur á að gera sín eigin listaverk innblásin af verkum Gerðar Helgadóttur, líkt og skólabörn höfðu gert á hátíðinni. Í Náttúrufræðistofu var boðið upp á fræðsludagskrá um seli. Dagskránni lauk svo með kennslu á parabólu á útivistarsvæði Menningarhúsanna en trommuleikarinn Dísar, á vegum Stelpur tromma, kenndi trommuslátt.

Dagskrá Barnameningarhátíðar 2018

Fjölbreytt dagskrá fyrir allar bekkjardeildir grunnskólans og leikskólabörn var í boði í Menningarhúsunum í Kópavogi dagana 16.–21. apríl 2018. Tekið var á móti 200 börnum á dag í mismunandi smíðjum en auk þess var boðið upp á tvær sýningar af barnaóperunni Gilitrutt eftir Hildigunni Rúnarsdóttur fyrir eldri börn leikskóla Kópavogs sem fylltu Salinn í tvígang. Smíðjurnar voru fullskipaðar en þær voru haldnar fjóra virka daga kl. 9 og kl. 11. Samtals komu tæplega 1.400 börn í Menningarhúsin á meðan á hátíðinni stóð. Í Náttúrufræðistofu var 1.–3. bekk boðið að taka þátt í leirsmíðju með útskriftarnemum úr listkennsludeild Listaháskóla Íslands, í Gerðarsafni tóku 4.–6. bekkir þátt í teiknsmíðju með myndlistarkonunum Eddu Mac og Hrafnhildi Gissurardóttur, á Héraðsskjalasafni fóru 7.–8. bekkir í ritsmiðju með Hildi Knútsdóttur rithöfundu og 9. og 10. bekkir hlýddu á hugleiðingar um Kópavogsfundinn á Héraðsskjalasafni.

Á lokadegi Barnameningarhátíðar, laugardaginn 21. apríl, var fjölskyldum boðið að taka þátt í uppskeruhátíð þar sem afrakstur leir- og teiknsmíðja var til sýnis en einnig fengu fjölskyldur tækifæri til að leira og teikna og kynna þannig því sem skólabörn höfðu fengið við á hátíðinni. Á Lindasafni var japönsk dúkkulíkusmíðja og Leikfélag Kópavogs í samstarfi við Kópavogsbæ bauð upp á ókeypis sýningu á leikritinu Fróða og öllum gríslíngunum. Fyrstu hæð Gerðarsafns var breytt í arabískt menningarsetur en konur úr félagi arabískumælandi kvenna á Íslandi buðu upp á hennatattú, te og aðrar veitingar. Á Bókasafni Kópavogs var kennd arabísk, pólsk og rússnesk leturgerð. Opin sýning á Gilitrutt stóð fjölskyldum til boða í Salnum og botninn í daginn slógu unglíngar úr Kársnesskóla sem kynntu afrakstur tónsmíðavinnu á iPad undir handleiðslu Unnsteins Manuela og Hildar Kristínar en verkefnið var að frumkvæði bæjarlistamanns Kópavogs, Sigtryggs Baldurssonar.

Safnanótt

Safnanótt miðar að því að opna Menningarhúsin fyrir fjölskyldunni á óhefðbundnum tíma dags með það fyrir augum að kynna þeim afar fjölbreytt starf sem þar fer fram. Stefnt er að því að húsin vinni út frá einu þema þannig að gestir fái enn betri tilfinningu fyrir sterku samstarfi þeirra á milli.

Dagskrá Safnanætur 2017

Metfjöldi gesta sótti Menningarhúsin á Safnanótt 2017. Kópavogskirkja var lýst upp með listaverki Doddu Maggýjar og kyrrðartónleikar fóru fram í kirkjunni með tónlistarhópnum Umbru. Vinsælt Harry Potter vöfundarhúsið var sett upp á Bókasafni Kópavogs en þar var einnig boðið upp á ýmskonar erindi, smiðjur og fönður. Fuglasýning var sett upp í Náttúrufræðistofu en einnig var fjallað um sögu náttúrugripasafna og flutt erindi um sögu og tilgang slíkra safna. Teiknismiðja var á dagskrá í Gerðarsafni en auk þess voru í boði leiðsagnir og kvikmyndasýning. Í Héraðsskjalasafni var sýnd heimildamynd um upphafsár Félagsmálastofnunar Kópavogs en einnig stóð yfir sýning á símaskrá. Kvöldinu lauk á tónleikum í fordyri Salarins með Ásgeiri Ásgeirssyni, bæjarlistamanni Kópavogs, og Sigríði Thorlacius auk fleiri tónlistarmanna.

Dagskrá Safnanætur 2018

Aldrei hafa fleiri sótt viðburði Safnanætur í Menningarhúsunum í Kópavogi en árið 2018. Star Wars þema var undirliggjandi en á Bókasafni Kópavogs fór fram ratleikur og geislasverðabardagi í anda Stjörnustríðsmyndanna. Náttúrufræðistofa Kópavogs sýndi stjörnulaga lífverur, Stjörnu-Sævar hélt erindi og Gunnar Helgason bauð til ritsmiðju. Kópavogskirkju var breytt í geimskip með listgjörningi Steinunnar Eldflaugar sem varpaði ljósaverki á ytra byrði kirkjunnar og bauð til geimferðalags í tali, tónum og ljósum innan veggja hennar. Í Gerðarsafni voru teiknismiðja og sjálfsmyndasmiðja og boðið upp á leiðsögn um sýninguna Líkamleiki. Á Bókasafni Kópavogs hélt Jón Gnarr erindi og í Salnum var bæjarlistamaðurinn Sigtryggur Baldursson með tónleika ásamt Jóni Ólafssyni sem fór yfir feril Sigtryggs fyrir fullum sal gesta. Dr. Ólafur R. Dýrmondsson hélt erindi um sauðfjárbúskap í Kópavogi á Héraðsskjalasafni Kópavogs en þar var einnig opnuð sýning um Kópavogsfundinn og fullveldið. Á Náttúrufræðistofu Kópavogs var rannsóknarstofa um plast og erindi um fatasóun. Gestir húsanna hafa aldrei verið fleiri, eða um 3.500 manns, og vakti dagskráin mikla athygli í fjölmiðlum.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Aðventuhátíð Kópavogsbæjar

Aðventuhátíð Kópavogsbæjar er haldin í upphafi aðventu ár hvert í Menningarhúsunum og á útivistarsvæði þeirra. Hátíðin er iðulega með líku sniði frá ári til árs. Litlum sölubásur með varningi og matvöru er komið upp á útisvæðum og í Menningarhúsunum er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í anda jóllanna. Meðal þess má nefna dagskrá um jólaköttinn á Bókasafni og í Náttúrufræðistofu og gerð jólalukta í Gerðarsafni. Árið 2017 lék Bjöllukórin í Gerðarsafni og jólaleikrit um systkini sem bíða jóllanna var flutt við húsfylli í fordyri Salarins. Þá var upplestur á dagskrá á Bókasafni en á útimarkaði voru ýmsar kræsingar til sölu. Undir lok hátíðardagsins fór fram útiskemmtun á sviði og tendrað var á ljósum jólatrésins. Vert væri að huga að því að stækka aðventuhátíðina og skoða nýja dagskrárliði innan húsanna.

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Dagar ljóðsins

Dagar ljóðsins fara fram árlega í tengslum við afmælisdag Jóns úr Vör sem var hvatamaður að stofnun Bókasafnsins og fyrsti bæjarbókavörður Kópavogs. Jón var brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð og margar af ljóðabókum hans lifa með þjóðinni. Jón féll frá árið 2000 en tveimur árum síðar fór fram fyrsta ljóðasamkeppnin í hans nafni og Ljóðstafur Jóns úr Vör hefur síðan þá verið afhentur á afmælisdegi hans en fremstu ljóðskáld landsins sem og óþekkt ljóðskáld senda jafnan inn ljóð í samkeppnina. Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs hefur farið fram þessa sömu daga frá því 2012 en verðlaun í keppninni eru veitt við sama tækifæri og Ljóðstafurinn. Dagskráin á Dögum ljóðsins fer sívaxandi og liðir eins og Ljóðakvöld orðnir að föstum þáttum í hátíðinni.

Stefnt er að meiri þátttöku grunnskólabarna í samkeppninni í því skyni að efla ljóðlistina meðal barna og ungmenna en æskilegast væri að fá ljóðskáld til að heimsækja skólana og vera með innlegg í vinnu grunnskólabarna. Þá er stefnt að því að taka saman vinningsljóð undanfarinna ára og gefa út á bók.

Dagskrá Daga ljóðsins árið 2017

Hátíðin var haldin í 16. skipti árið 2017 í kringum 100 ára afmæli skáldsins og fór að venju fram í Salnum. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá fyrir skólahópa og fjölskyldur, ljóðakvöld í Garðskálanum og haldið var málþing um Jón þar sem fræðimenn og skáld komu fram. Ljóðstaf Jóns úr vör hlaut Ásta Fanney Sigurðardóttir, í öðru sæti var Áslaug Jónsdóttir og í því þriðja Friða Ísberg. Nemendur úr Kársnesskóla voru hlutskarpastir í grunnskólakeppninni en Rebekka Rún Oddgeirsdóttir lenti í fyrsta sæti og Ásta Hauksdóttir í öðru sæti. Benedikt Árni Björnsson úr Sala-skóla lenti í þriðja sæti, en öll eru þau í 10. bekk. Ellefu önnur skáld á aldrinum 11–16 ára fengu viðurkenningar í keppninni. Í dómnefnd sátu skáldin Anton Helgi Jónsson, formaður, Ásdís Óladóttir og Bjarni Bjarnason.

Dagskrá Daga ljóðsins árið 2018

Á þessari 17. hátíðardagskrá tengdri Jóni úr Vör hlaut Sindri Freysson Ljóðstafinn fyrir ljóðið Kínversk stúlka les uppi á jökli. Í öðru sæti var Hrafnhildur Þórhallsdóttir og í þriðja sæti Valgerður Benediktsdóttir. Verðlaunahafinn í grunnskólakeppninni var Henrik Hermannsson, nemandi í 7. bekk Hörðuvallaskóla. Formaður dómnefndar var Anton Helgi Jónsson en Bjarni Bjarnason og Ásdís Óladóttir voru einnig í dómnefnd. Ýmsir viðburðir fóru fram í Menningarhúsunum í Kópavogi vikuna fram að afhendingu verðlauna, tvær fjölskyldustundir voru tileinkaðar ljóðinu, ljóðakvöld fór fram í Garðskálanum í Gerðarsafni, sýning á myndljóðum Kára Tulinius fór fram á Bókasafni Kópavogs og Nýlókórinn flutti verk eftir Kára á ljóðakvöldinu sem var haldið í samvinnu við Blekfjelagið, félag ritlistarnema við Háskóla Íslands. Þórarinn Eldjárn flutti erindi til minningar um nýlátinn vin sin og kollega, Sigurð Pálsson. Ljóð grunnskólannemanna Henriks Hermannssonar verðlaunahafa, Eyrúnar Flosadóttur og Söndru Diljár Kristinsdóttur voru prentuð á veggspjöld sem hengd voru upp í strætisvögnum og á skólabókasöfnum í Kópavogi.

Önnur dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi

Sumarnámskeið

Sumarnámskeið var haldið í annað sinn árið 2017 þvert á Menningarhúsin með ljóðasmiðju á Bókasafni tvo morgna og fjöru- og jurtaskoðunarferðum þrjá morgna í ágúst mánuði. Að loknum hádegisverði var listsmiðja í Gerðarsafni á dagskrá alla fimm dagana. Mikil ánægja var meðal barna og foreldra og full ástæða til að bjóða slík heilsdagsskóla áfram en þátttökugjöld mættu útlögðum kostnaði. Stefnt er að því að bjóða upp á fleiri slík námskeið.

Haust- og vetrarfrí

Menningarhúsin opna dyr sínar fyrir börnum í Kópavogi og skipuleggja þar fjölbreytta dagskrá í haust- og vetrarfríum grunnskóla bæjarins. Á meðal þess sem boðið hefur verið upp á er Vísindasmiðja HÍ og ritsmiðjur á Bókasafni Kópavogs og listsmiðjur tengdar sýningum í Gerðarsafni. Verkefnið hefur mælst afar vel fyrir hjá börnum jafnt sem foreldrum.

Sumardagurinn fyrsti

Menningarhúsin bjóða jafnan upp á hógværa dagskrá á Sumardaginn fyrsta þar sem skátarnir hafa staðið fyrir hátíðarhöldum annars staðar í bænum á þessum degi. Í Menningarhúsunum var börnum boðið að spila fjölbreytt borðspil, púsla, leika sér með útileikföng eða fara í klippismiðju.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018



Nýmæli 2018 – Ratleikur

Menningar- og viðburðastarfsemi Menningarhúsanna í Kópavogi er í sífelldri þróun og sífellt er leitast við að efla þá starfsemi sem þegar hefur fest sig í sessi og bæjarbúar kunna að meta. Einnig er stöðugt leitað nýrra leiða til að auka á fjölbreytni í upplifun bæjarbúa og til að mæta nýjum kröfum í anda menningarstefnu bæjarins.

Menningarhúsin í Kópavogi hlutu styrk úr Safnasjóði að upphæð 1,5 milljón króna til gerðar ratleiks fyrir Menningarhúsin. Leikurinn er samofinn öllum menningarhúsunum og snýst um bækur og bókmenntir, ljóðlist og lestur á Bókasafni Kópavogs, dýr, fiska og jarðfræði í Náttúrufræðistofu, myndlist í Gerðarsafni og arkitektúr Salarins. Þá verður sjónum beint að arkitektúr húsanna, vegalengdum á milli þeirra og tengingu við náttúru á svæðinu, svo og Kópavogskirkju. Verkefnið er unnið undir stjórn verkefnisstjóra menningarmála sem sótti þekkingu sína til V&A safnsins í London. Ratleikurinn verður gerður aðgengilegur á íslensku, ensku og pólsku og hugsanlega einnig á arabísku.

Smiðjur óháð tungumáli

Samvinna við arabískumælandi fjölskyldur undir handleiðslu Soumiu I. Georgsdóttur kom til vegna hugmynda um að ná til nýrra hópa á fullveldisafmæli Íslands árið 2018. Styrkur fékkst frá afmælisnefnd til að halda fjórar listsmiðjur með það að markmiði að ná til arabískumælandi fjölskyldna. Smiðjurnar gengu vonum framár með Soumiu í fararbroddi ásamt listamönnum sem leiddu vinnuna. Smiðjur sem fjalla um ferðalög, önnur lönd og minningar voru tvær, ein smiðja sem tengdist sjálfsmyndum og ein að hausti sem tengist skúlptúra-sýningu í Gerðarsafni.

Markaðssetning og kynningarmál

Dagskrárbæklingur Menningarhúsanna fyrir vormisseri og haustmisseri var hannaður af Arnari Frey Guðmundssyni hjá Studio Studio líkt og annað kynningarefni húsanna. Dagskráin var borin á hvert heimili í Kópavogi og lá einnig frammi í húsunum og á helstu stöðum í bænum. Í dagskránni voru allar fjölskyldustundir annarinnar kynntar stuttlega og upplýsingar um starfssemi húsanna kynnt. Fyrir árið 2018 var ákveðið að hverfa frá því að gefa út heildardagskrá fyrir heilt misseri en hanna þess í stað dagskrá fyrir hvern mánuð sem aðgengileg væri í bæjarblöðum, á vef Kópavogsbæjar, prentuð á veggspjöld og hengd upp í verslunum og á samkomustöðum í Kópavogi og í Menningarhúsunum sjálfum.

Fréttabréf Menningarhúsanna voru sameinuð haustið 2017 og eru nú sameiginlegar fréttir af viðburðum sendar út vikulega á póstlista allra menningarhúsanna sem telur 2276 netföng. Gestir á viðburðum skrá sig iðulega á póstlista. Að öðru leyti var Facebook, sem nú telur 648 áskrifendur helsti vettvangur kynningarmála með ókeypis og keyptum kynningum og auglýsingum. Fjölmíðlar birtu einnig mjög reglulega umfjallanir um viðburði, sýningar og tónleika og viðtöl voru tekin við starfsmenn. Aðferðir við að ná til ákveðinna hópa á Facebook voru virkjaðar eftir námskeið hjá Hugsmiðjunni og samfélagsmiðlafyrirtækið Ghostlamp stýrði áhrifavalda markaðsherferð einn mánuð í tengslum við Fjölskyldustundir. Einnig var auglýst í samlesnum auglýsingum hjá Ríkisútvarpinu.

Horfið var frá því að auglýsa í Grapevine að staðaldri eins og áður hafði verið gert en nú er verið að skoða nýjar leiðir til að ná til erlendra ferðamanna.

Vefhópur þvert á Menningarhúsin var stofnaður 2017 og vann að þarfagreiningu fyrir nýjar vefsíður Menningarhúsanna með fyrirtækinu Sjá. Vefsíðurnar voru formlega teknar í notkun í maí 2018.

Sérhæfðar kynningar, ráðstefnur og námskeið

Verkefnastjóri menningarmála tók þátt í kynningum á starfi Menningarhúsanna við ýmis tækifæri. Á árinu 2017 m.a. fyrir kennara og skólalastjórnendur á höfuðborgarsvæðinu, á ráðstefnunni Menningarlandinu á Dalvík og á málþingi á Egilsstöðum. Árið 2018 hélt hún kynningu fyrir Rótarýklúbb Kópavogs. Verkefnastjórar menningarmála sóttu Masterclass hjá Paul Gudgin, hátíðarstjóra frá Bretlandi, sem fram fór í Iðnó. Þá fara verkefnastjórar á Farskóla safnmanna í Dublin í september og kynna sér sérstaklega fræðsludagskrá safna í borginni. Verkefnastjóri fór í skoðunarferð á Feneyjatvíæringinn árið 2017 og kynnisferð á helstu söfn New York borgar sama ár. Í lok árs 2017 hélt verkefnastjóri í skoðunar- og kynnisferð til Edinborgar og árið 2018 til Stokkhólms í sömu erindagjörðum.

Viðburðadagatal

Fjölskyldustundir 2017

7. jan.

- * Spilavinir í Lindasafni
- * Ratleikur á Bókasafni, aðalsafni

14. jan.

- * Náttúrulífsbíó í Náttúrufræðistofu

21. jan.

- * Ljóðatónleikar í Salnum, liður í Dögum ljóðsins
- * Sögusmiðja á Bókasafni

28. jan.

- * Klessusmiðja í Gerðarsafni

4. feb.

- * Bingó á Lindasafni
- * Legósmiðja á Bókasafni, aðalsafni

11. feb.

- * Tónlistarsmiðja í Salnum
- * Perlusmiðja á Bókasafni, aðalsafni

18. feb.

- * Vísindasmiðja á Bókasafni, aðalsafni

25. feb.

- * Skrímsla- og furðudýrasmiðja í Gerðarsafni

4. mar.

- * Legósmiðja á Lindasafni
- * Bingó á Bókasafni, aðalsafni

11. mar.

- * Vísnatónleikar í Salnum

18. mar.

- * Opin rannsóknarstofa í Náttúrufræðistofu

25. mar.

- * Listsmiðja í Gerðarsafni

1. apr.

- * Ratleikur á Lindasafni
- * Spilavinir á Bókasafni, aðalsafni

8. apr.

- * Náttúrulífsbíó á Náttúrufræðistofu
- * Páskaföndur á Bókasafni

22. apr.

- * Listsmiðja í Gerðarsafni

29. apr.

- * Uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar, fjölbreytt dagskrá í öllum húsum

6. maí

- * Töframaður á Lindasafni
- * Flugdrekasmiðja á Bókasafni, aðalsafni

13. maí

- * Vídeólist, smiðja fyrir stálpaða krakka í Gerðarsafni
- * Fuglaskoðun í fjöru með Náttúrufræðistofu

20. maí

- * Hjóladagur fjölskyldunnar á útivistarsvæði

27. maí

- * Krílaklassík í Salnum

2. sep.

- * Fjölskyldufjör í tilefni Cycle-listahátíðar í Gerðarsafni
- * Ratleikur um Bókasafn, aðalsafn

9. sep.

- * Vísnaugull í Salnum

16. sep.

- * Opnun jarðfræðigangs Náttúrufræðistofu á Degi íslenskrar náttúru

23. sep.

- * Hringrás hljóðsmiðja í Gerðarsafni

30. sep.

- * Spilastuð á Lindasafni
- * Töframaður á Bókasafni, aðalsafni

7. okt.

- * Fjöruferð með Náttúrufræðistofu

14. okt.

- * Myndlistarratleikur í Gerðarsafni

21. okt.

- * Vetrar(h)ljóð Dúó Stemmu í Salnum

28. okt.

- * Hrekkjavökugrímusmiðja á Bókasafninu

MENNINGARGHÚSIN Í KÓPAVOGI

4. nóv.

- * Leiksýning á Lindasafni og Bókasafni, aðalsafni
- * Ljósmyndaspjall fyrir fjölskyldur á Héraðsskjalasafni

11. nóv.

- * Rannsóknarsmiðja í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu

18. nóv.

- * Krílaklassík, tónsmiðja í Salnum

25. nóv.

- * Opin rannsóknarstofa á Náttúrufræðistofu

2. des.

- * Aðventuhátíð, fjölbreytt dagskrá í öllum húsum

9. des.

- * Jólaföndur á Bókasafni, aðalsafni
- * Jólaleikrit í Salnum

16. des.

- * Jólábíó á Bókasafni, aðalsafni

2018

13. jan.

- * Lesið fyrir hunda á Bókasafni Kópavogs
- * Ljóðasmiðja með Aðalsteini Ásbergi á Bókasafni, liður í Dögum ljóðsins

20. jan.

- * Björt í Sumarhúsi, í Salnum, liður í Dögum ljóðsins

27. jan.

- * Stjörnustríðsratleikur á Lindasafni
- * Kóder-forritunarnámskeið á Bókasafni, aðalsafni

3. feb.

- * Spilavinir á Lindasafni
- * Lesið fyrir hunda á Bókasafni, aðalsafni
- * Plastsmiðja í Náttúrufræðistofu

10. feb.

- * Ofurhetjusögustund á Bókasafninu, aðalsafni

17. feb.

- * Barbara ferðalangur, teiknismiðja óháð tungumáli í Gerðarsafni●

24. feb.

- * Kóder-forritunarnámskeið á Bókasafni, aðalsafni
- * Krummi krunkar, tónleikar í Salnum

3. mar.

- * Náttfatasögustund á Lindasafni
- * Lesið fyrir hunda á Bókasafni, aðalsafni
- * Teiknismiðja í Náttúrufræðistofu með Lóu Hlín

10. mar.

- * Sjálfsmýndasmiðja óháð tungumáli í Gerðarsafni●

17. mar.

- * Kóder-forritunarnámskeið á Lindasafni
- * Páskaföndur á Bókasafni, aðalsafni

24. mar.

- * Kóder-forritunarnámskeið á Bókasafni, aðalsafn
- * Söngstund í Salnum

7. apr.

- * Ævar Þór Benediktsson les upp úr nýrri bók á Lindasafni
- * Lesið fyrir hunda á Bókasafni, aðalsafni
- * Fugla- og náttúruljósmyndun á Náttúrufræðistofu

14. apr.

- * Húlladúllan á Bókasafni, aðalsafni

21. apr.

- * Uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar í Kópavogi. Listsmiðjur, barnaóperan Gilitrutt og arabískt menningarboð

28. apr.

- * Kóder-forritunarnámskeið á Bókasafni, aðalsafni
- * Fjöruferð í Kópavoginn með Náttúrufræðistofu

-
- 5. maí**
- * Vísindasmiðja HÍ á Lindasafni
 - * Lesið fyrir hunda á Bókasafni, aðalsafni
 - * Flugdrekasmiðja á Bókasafni, aðalsafni
-

- 12. maí**
- * Þjóðkvæði og sagnadansar í Salnum●
 - * Hjóladagur fjölskyldunnar á útivistarsvæði Menningarhúsanna
-

- 26. maí**
- * Sumarlesturinn hefst á Bókasafninu, Kristín Helga Gunnarsdóttir les úr Fíúsól
 - * Listkennsludeild LHÍ með fjölbreyttar smiðjur á Bókasafni og í Gerðarsafni
-

- 9. jún.**
- * Gerður ferðalangur og nýir Íslendingar í Gerðarsafni●
 - * Lestrarganga með Margréti Tryggvadóttur frá Bókasafni Kópavogs um Kópavogsdalinn
-

- 16. jún.**
- * Andlitsmálning á Bókasafni Kópavogs, aðalsafni, í tilefni af leiks Íslands og Argentínu í heimsmeistarumótinu í fótbolta
-

- (áætlað)**
-
- 1. sep.**
- * Leikir barna í 100 ár á Bókasafninu●
-

- 8. sep.**
- * Fjölskyldustund í Salnum
-

- 15. sep.**
- * Fjölskyldustund á Bókasafni, aðalsafni
-

- 22. sep.**
- * Skúlptúrsmiðja óháð tungumáli í Gerðarsafni●
-

- 29. sep.**
- * Kötlugos vísindasmiðja í Náttúrufræðistofu●
-

- 6. okt.**
- * Þjóðsöngurinn í dag í Salnum●
-

- 13. okt.**
- * Listsmiðja í Gerðarsafni●
-

- 20. okt.**
- * Haustföndur á Bókasafni, aðalsafni
-

- 27. okt.**
- * Furðudýrasmiðja í Náttúrufræðistofu
-

- 3. nóv.**
- * Tónleikar í Salnum
-

- 10. nóv.**
- * Listsmiðja í Gerðarsafni
-

- 17. nóv.**
- * Ljóðasmiðja á Bókasafni, aðalsafni
-

-
- 24. nóv.**
- * Opin rannsóknarstofa á Náttúrufræðistofu
-

- 1. des.**
- * Aðventuhátíð, fjölbreytt dagskrá í öllum húsum
-

- 8. des.**
- * Jólafondur á Bókasafni
-

- 15. des.**
- * Jólaleikrit í Salnum
-

Menning á miðvikudögum 2017

- 27. sep.**
- * Hádegi í París í Salnum
-

- 4. okt.**
- * Ljósmyndagreining á Héraðsskjalasafni
 - * Erindi á Bókasafni, aðalsafni
-

- 11. okt.**
- * Jarðfræði Íslands á Náttúrufræðistofu
-

- 18. okt.**
- * Ljósmyndagreining á Héraðsskjalasafni
 - * Skoðum málverk á Gerðarsafni
-

- 25. okt.**
- * Árferð, tónleikar í Salnum
-

- 1. nóv.**
- * Ljósmyndagreining á Héraðsskjalasafni
 - * Matarmenning Íslendinga á Bókasafni, aðalsafni
-

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

-
- 8. nóv.**
- * Þöddustund á Náttúrufræðistofu
-

- 15. nóv.**
- * Ljósmyndagreining á Héraðsskjalasafni
 - * Gamalt og nýtt fyrir sembal í Salnum
-

- 22. nóv.**
- * Innlit í listaverkageymslu á Gerðarsafni
-

- 29. nóv.**
- * Bókmenntaumfjöllun á Bókasafni, aðalsafni
-

- 6. des.**
- * Ljósmyndagreining á Héraðsskjalasafni
 - * Spjall um sýningargerð í Gerðarsafni
-

- 13. des.**
- * Jólatónleikar í Salnum
-

2018

- 17. jan.**
- * Þórarinn Eldjárn á dagskrá um Sigurð Pálsson á Bókasafni, aðalsafni, Liður í Dögum ljóðsins
-

- 24. jan.**
- * Jarðskjálftar á Íslandi, í Náttúrufræðistofu
 - * Myndgreining á Héraðsskjalasafni
-

- 31. jan.**
- * Leiðsögn um Líkamleika í Gerðarsafni
-

-
- 7. feb.**
- * Grieg og Kreisler í Salnum
-

- 14. feb.**
- * Viltu lesa fyrir mig á Bókasafni
-

- 21. feb.**
- * Borgarlínan á Náttúrufræðistofu
-

- 28. feb.**
- * Leiðsögn um verk Barböru Árnason á Gerðarsafni
 - * Leiðsögn um sýninguna Áhrifavalda æskunnar á bókasafni
-

- 7. mar.**
- * Myndgreining á Héraðsskjalasafni
 - * Olivier Manoury harmonikkuleikari í Salnum
-

- 14. mar.**
- * Bókmenntir á flakki á Bókasafni
-

- 21. mar.**
- * Leiðsögn um sýninguna Líkamleiki á Gerðarsafni
 - * Myndgreining á Héraðsskjalasafni
-

- 28. mar.**
- * Eldstöðin Katla á Náttúrufræðistofu
-

- 4. apr.**
- * Bon appetit súkkulaðiópera í Salnum
-

- 9. maí**
- Flaututónleikar í Salnum
-

-
- 23. maí**
- Opin rannsóknarstofa á Náttúrufræðistofu
-

- 30. maí**
- Fyrirlestur Katrínar Káradóttur aðjúnks í fatahönnun á Bókasafni Kópavogs
-



BÓKASAFN KÓPAVOGS

Hlutverk

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi og -fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

Framtíðarsýn

Bókasafn Kópavogs sem hluti af Menningarhúsunum í Kópavogi mun festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða ímynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarfélagsins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi í efri byggðum.

Markmið

- * Safnið þjóni öllum bæjarbúum með jöfnum aðgangi allra hópa samfélagsins að safninu með hentugri staðsetningu og safnkosti sem endurspeglar eftirspurn og standi vörð um þá fjölbreyttu og persónulegu þjónustu sem safnið býður.
- * Starfsemi safnsins sé í samræmi við nýjustu tækni, búnað og miðlun hverju sinni.
- * Safnið hafi á að skipa fjölbreyttum og metnaðarfullum starfsmönnum með breiða þekkingu.
- * Safnið styrki enn frekar jákvæða ímynd sína í samfélaginu með öflugri menningarfræðslu og kynningu og styrki á sama tíma tengsl, samspil og samvinnu Menningarhúsanna í Kópavogi.

Unnið er að eftirfarandi markmiðum:

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- Unnið er að ofangreindu markmiði með því að:
- * Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
 - * Aðgengi að fjölbreyttum og lifandi safnkosti og hlýlegu umhverfi.
 - * Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins.
 - * Nýta og styrkja samstarf og nálægð við hin Menningarhúsin í Kópavogi í þágu gesta safnsins.

Að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu.

- Unnið er að ofangreindu markmiði með því að:
- * Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
 - * Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
 - * Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og erlendis.
 - * Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

Starfsemi 2017

Hér er stiklað á stóru yfir helstu verkefni sem unnin voru á Bókasafni Kópavogs árið 2017.

Söfn og afgreiðslutími

Bókasafn Kópavogs er starfandi á tveimur stöðum í bæjarfélaginu. Aðalsafn er í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

Afgreiðslutími aðalsafns

Mánudaga – fimmtudaga
kl. 9:00–18:00
Föstudaga – laugardaga
kl. 11:00–17:00

Afgreiðslutími Lindasafns

Mánudaga – fimmtudaga
kl. 14:00–19:00
Föstudaga
kl. 14:00–17:00
Laugardaga
kl. 11:00–14:00

Á sumrin er lokað á laugardögum (júní – ágúst).

Samstarfssöfn

Samstarfssöfn Bókasafns Kópavogs eru Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Garðabæjar og gildir eitt lánþegaskírteini á öllum þremur söfnum. Útlánareglur hvers safns gilda þó fyrir það efni sem er tekið á hverju safni fyrir sig.

Þjónusta

Þjónustan er einn af lykilþáttunum í starfsemi safnsins og hún þarf að vera í lagi. Í nóvember 2017 stóð safnið fyrir þjónustukönnun þar sem áhersla var lögð á að kanna hvaða breytingar og nýjungar íbúar Kópavogs vildu helst sjá. Stór hluti svarenda, eða rúmlega 70%, sagðist vilja fá útibú frá safninu í efri byggðir Kópavogs. Lindasafn hlaut góða umsögn í könnuninni og ýmislegt kom fram sem haft verður í huga þegar kemur að stefnumótun safnsins í framtíðinni.

Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynir eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er. Haustið 2017 hóf safnið þjónustu í ráðgjöf fyrir innflytjendur í samstarfi við Soumiu I. Georgsdóttur, en ráðgjöfin er í boði alla þriðjudaga og símatímar þrjá daga í viku. Einnig hóf safnið að skipuleggja lestrargöngu um Kópavogsdalinn, en verkefnið er samstarfsverkefni safnsins og Barnabókaseturs Íslands.

Gjaldskrá

Breyting á gjaldskrá safnsins var samþykkt af bæjarráði fyrir nýtt fjárhagsár 2017, en árgjald safnsins var hækkað um 100 kr., úr 1.800 í 1.900 kr.

Starfsmenn

Árið 2017 voru 24 starfsmenn í 16,05 stöðugildum á safninu, þar af 14,3 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni. Á árinu urðu þær breytingar að Jakobína Ólafsdóttir, deildarstjóri þjónustu, lét af störfum sökum aldurs eftir rúmlega 25 ára starf á safninu. Í hennar stað kom Brynhildur Jónsdóttir upplýsingafræðingur. Rúna Bjarnadóttir bókaforður lét einnig af störfum eftir 14 ára starf á safninu og Ásta Sirrí Jónasdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og tæknimála, fór í fæðingarorlof hluta ársins. Sumarstarfsmenn voru í samtals fjórum stöðugildum á báðum söfnum.

Sí- og endurmenntun starfsmanna

Starfsmenn voru duglegir að sinna sí- og endurmenntun af ýmsum toga. Má þar nefna að tveir fræðslufundir voru haldnir fyrir starfsmenn bókasafna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Stór hluti starfsmanna fór í fræðslu- og kynnisferð til Danmerkur í maí þar sem almenningabókasöfn á Jótlandi voru skoðuð, en starfsmenn fengu styrki frá stéttarfélögum fyrir ferðinni. Einnig fóru forstöðumaður og útibússtjóri Lindasafns í fræðslu- og kynnisferð til Þýskalands með Samtökum forstöðumanna almenningabókasafna. Starfsmenn voru duglegir að sækja bæði fræðslufundi og námskeið innan vinnutíma og utan og drjúgur hluti starfsmanna í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu, svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningabókasafni mikilvægt.

Félagsstörf starfsmanna

Gréta Björg Ólafsdóttir er fulltrúi Upplýsingar í nefnd um Gerðubergsráðstefnu. Lís Z. Valdimarsdóttir situr í stjórn Samtaka forstöðumanna almenningabókasafna og einnig í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis, ásamt því að sitja í fulltrúaráði Þjónustumiðstöðvar bókasafna. Hún er einnig ritari stjórnar Stofnunar Wilhelms Beckmann. Ragna Guðmundsdóttir er trúnaðarmaður starfsmanna hjá Bandalagi háskólamanna og Eva Hrunð Kristinsdóttir tók við af Rúnu Bjarnadóttur sem trúnaðarmaður starfsmanna hjá Starfsmannafélagi Kópavogsbæjar í byrjun árs 2017. Sigrún Guðnadóttir hefur setið í stjórn Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga síðastliðin níu ár og þar af fimm ár sem formaður.

Safngestir og útlán

Gestateljari var ekki virkur á aðalsafni á árinu 2017 og því ekki hægt að sjá nákvæmar gestatölur fyrir árið. Út frá útlánnum má þó reikna með að fjöldi gesta á aðalsafni hafi verið svipaður og árið 2016. Á Lindasafni var gestateljari settur upp í byrjun árs 2017 og því hægt að telja gesti þar í fyrsta sinn frá opnun safnsins. Reikna má með að safngestum á aðalsafni hafi fjölgað um tæp 1% á milli árána 2016 og 2017.

Útlán á Bókasafni Kópavogs drógust saman um 1,97% milli árána 2016 og 2017. Má það teljast mjög gott þar sem útlán síðustu ár drógust saman um allt að 10% þegar mest lét. Árið 2016 voru útlán samtals 198.305 á báðum söfnum en árið 2017 voru þau 194.972.

Safnkostur

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 93.023 eintök í árslok 2017 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Nýskráningar í Gegni árið 2017 voru samtals 6.462 á báðum söfnum. Áhersla hefur verið lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega. Töluvert er keypt inn af hljóðbókum en minna af mynddiskum og geisladiskum.

Innkaup, gagnaval og grisjun

Gagnaval er í höndum gagnavalsnefndar sem hittist á tveggja vikna fresti. Í jólabókaflóðinu hittist nefndin þó að jafnaði tvisvar í viku. Við innkaup, gagnaval og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn. Hana má finna á vefsíðu safnsins.

Skráning og flokkun

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, tímarita, hljóðbóka og mynddíska auk annarra gagna. Þunginn af þessari vinnu fer fram á aðalsafni en útibússtjóri Lindasafns sér um flokkun, skráningu og tengingu safnkosts sem eingöngu er keyptur fyrir Lindasafn. Auk þess skráir deildarstjóri aðfanga bækur fyrir skólabókasöfn í Kópavogi þegar þörf er á. Ný verk eftir Wilhelm Beckmann hafa verið skráð í Sarp (www.sarpur.is) eftir því sem þau hafa komið í leitirnar.

Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar gjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.

Stafræn og rafræn gögn

Sem almenningabókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs fyrir landsaðgang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast Netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum úr tæplega 22 þúsund tímaritum og þar af 5.478 tímaritum beint frá útgefendum.

Í júní hóf safnið útlán raf- og hljóðbóka í samvinnu við Landskerfi bókasafna og Borgarbókasafn Reykjavíkur. Raf- og hljóðbækurnar eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er einkum á ensku. Vonir standa til að efni á íslensku bætist við á þessu ári. Regluleg örnámskeið á rafbókasafnið voru í boði fyrir gesti safnsins í september og voru þau ágætlega sótt.

Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár en með aukinni samvinnu við önnur Menningarhús í Kópavogi hafa nokkrar breytingar orðið á. Bókasafn Kópavogs hefur lagt áherslu á að senda inn fréttatilkynningar í þá Kópavogsmiðla sem út koma hverju sinni og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er áhersla lögð á kynningu stakra og fastra viðburða.

Alls voru 2.320 manns áskrifendur að Facebook-síðum safnsins í árslok.

Menningarhúsin í Kópavogi héldu áfram vinnu við gerð nýrra vefsíðna fyrir húsin, þar með talið bókasafnið. Hönnun og uppsetning á vefsvæðunum er unnin af TM Software (nú Origo). Vinnan hefur gengið vel og stefnt er að því að opna nýjar síður á vormánuðum 2018.

Ákveðið var loka Pinterest-síðu safnsins og leggja áherslu á uppbyggingu Facebook-síðunnar. Keyptar voru auglýsingar á Facebook til að kynna staka viðburði á safninu. Þær kynningar virðast áhrifaríkar og ódýr auglýsing.

Viðburðir og viðburðadagatal

Um allan heim er þróun bókasafnsstarfs sú að æ meiri þungi starfseminnar færast yfir í viðburði af ýmsum toga. Bókasafn Kópavogs er þar engin undantekning en á safninu fjölgaði viðburðum á árinu 2017 miðað við árið 2016. Auk sameiginlegra viðburða Menningarhúsanna í Kópavogi skipulagði safnið fjölmarga viðburði, bæði fasta og einstaka, fyrir börn og fullorðna. Hlutverk þeirra er að fræða, skemmta og laða að gesti sem annars hefðu kannski ekki ratað á safnið.

Nokkrir viðburðir eru orðnir fastir í starfsemi safnsins og má þar nefna eftirtalda:

Bókmenntaklúbburinn Hananú er opinn öllum. Hann hittist hálfsmánaðarlega og umsjón með honum hefur Sigurður Flosason. Klúbburinn hefur aðsetur í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns.

Hannyrðaklúbbinn Kaðlín er starfræktur vikulega yfir vetrartímann. Umsjón með klúbbnum hefur Íris Dögg Sverrisdóttir bókavörður.

Slökunarjoga er í boði vikulega yfir vetrartímann í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs, en starfsmaður stofunnar er kennari þess.

Lesklúbburinn Huginn fyrir 8–12 ára börn var fastur liður tvisvar sinnum í mánuði á vorönninni. En vegna lítillar þátttöku barna var ákveðið að hvíla klúbbinn á haustönn.

Sögustundir fyrir 3–6 ára börn hafa í áraraðir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina. Þær halda alltaf vinsældum en eru nú nær eingöngu sóttar af leikskólabörnum. Fjórar sögustundir eru haldnar í hverri viku, ein fyrir leikskólabörn á hvoru safni, ein fyrir börn í dægradvöl haldin á Lindasafni og ein opin fyrir alla á mánudögum á Lindasafni. Á árinu 2017 komu 508 börn í sögustundir á aðalsafn sem er 5% aukning frá árinu 2016. Árið 2017 komu 931 börn í sögustund fyrir leikskóla og í bókastundir fyrir börn á Lindasafni sem er svipaður fjöldi og árið 2016.

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár. Árið 2017 var hann fyrstu vikuna í hverjum mánuði á aðalsafni. Einnig yfir sumartímann á Lindasafni.

Aðrir viðburðir á árinu voru fjölmargir og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan:

Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur kom á aðalsafn 24. janúar og fjallaði um nýjstu jólabækurnar eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Var fólk áhugasamt um að ræða við Jón og skiptast á skoðunum.

Dagar ljóðsins í Kópavogi voru haldnir hátíðlegir 21.–28. janúar en 21. janúar er fæðingardagur Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavörðar í Kópavogi, og árlega afhendir Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstaf Jóns úr Vör á þeim degi. Árið 2017 voru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns og hátíðin því með veglegra móti. Ýmislegt var gert á aðalsafni til að fagna ljóðinu. Sýning um Jón úr Vör var sett upp, en hún kom frá Mynda- og sögusafni Vestur-Barðastrandar-sýslu á Patreksfirði, fæðingarbæ Jóns úr Vör þar sem Jón orti mjög fallega til heimaslóðanna héðan úr Kópavogi. Á sýningunni var einnig hægt að setjast niður í Jónsstofu, þar sem voru til sýnis allar bækur Jóns sem Jóhann Þ. Guðmundsson hefur bundið inn og einnig var hægt að blaða í bókum úr einkabókasafni Jóns, sem ættingjar hans gáfu safninu.

Á aðalsafni var einnig sett upp ljóðlistaverk eftir Hörpu Dís Hákonardóttur. Í fjölskyldustund laugardaginn 21. janúar var ritsmiðjan Búum til bók á Bókasafni Kópavogs, en leikskólabörnum í bænum var jafnframt gefinn kostur á því að sækja smiðjuna á virkum dögum vikuna á undan. Dögum ljóðsins lauk með veglegu málþingi sem haldið var í Salnum, sem bar yfirskriftina Jón úr Vör – skáld þorps og þjóðar. Þar minntust fræðimenn og rithöfundar Jóns í nokkrum erindum, Þorsteinn frá Hamri ávarpaði málþingið og stutt heimildarmynd Marteins Sigurgeirssonar var sýnd. Málþingið var fjarskalega vel sótt.

Árleg febrúarerindaröð fjallaði að þessu sinni um upprunann og voru fjögur erindi haldin um efnið. Fyrirlesarar voru Sema Erla Serdar, stjórn mála- og Evrópufræðingur og formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi, Sverrir Jakobsson, prófessor í miðaldasögu við Háskóla Íslands, Friðrik Skúlason, tölvunarfræðingur og einn skapara Íslendingabókar, og Anna Kristjánsdóttir, vélstjóri og áhugamaður um ættfræði.

Í byrjun maí sendi deildarstjóri barnastarfs bréf í grunnskóla bæjarins til að kynna sumarlestur fyrir 6–12 ára börn sem stóð yfir 3. júní til 18. ágúst eins og hefð er orðin fyrir. Þetta sumarnámskeið er ókeypis og hugsað til að börnin viðhaldi þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skóla yfir veturinn. Þátttakendur fengu pása til að skrá í lestur sinn og tóku jafnframt þátt í happaleik með því að fylla út miða fyrir hverja lesna bók. Alls voru þátttakendur 471 á báðum söfnum og hafa þeir aldrei verið fleiri. Lesnar voru 1.836 bækur. Dregið var úr miðunum vikulega og fengu 10 heppnir vinning. Í lokin var uppskeruhátíð þar sem þrjú að auki fengu vinning og allir hressingu.

Björn Thoroddsen hélt útitónleika á svölum aðalsafns 24. júní við góðar undirtektir í blíðskaparveðri.

Bókasafnsdagurinn var 8. september undir slagorðinu „Lestur er bestur – fyrir lýðræði“. Dagurinn er sérstakur tilhaldsdagur starfsfólks sem gerir vel við sig og lætur gesti njóta góðs af. Var frítt kaffi allan daginn í kaffikrök og kex með því og sérstakur leyndarmálaveggur var settur upp á aðalsafni.

Alþjóðlegi bangsadagurinn, 27. október, var haldinn hátíðlegur með bangsagetraun allan októbermánuð með afar góðri þátttöku og var dregið úr svörum laugardaginn 28. október. Hlutu tíu heppnir þátttakendur vinning, sem að sjálfsögðu var myndarlegur bangsi.

Í Norrænu bókasafnavikunni 13.–20. nóvember var 100 ára afmælis Finnlands sérstaklega minnst. Í vikulegri sögustund á Lindasafni var lesin bókinn Pönnuköku-kóngurinn eftir sænska höfundinn Gerda Ghobé og á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember sungu börn frá leikskólunum Kópasteini og Urðarhóli fyrir gesti á aðalsafni. Ljóðahópur Gjabakka stóð svo fyrir ljóða-upplestri fyrir fullorðna seinni partinn sama dag.

Aðventan er skemmtilegur tími á Bókasafni Kópavogs og er barnastarfið þá í hámarki. Bókasafnið tók þátt í aðventuhátíð bæjarins og var safngestum boðið í jólaföndur 9. desember en þar tók á móti þeim leiðbeinandi og efni í boði safnsins. Nemendur Tónlistarskóla Kópavogs spiluðu ljúfa jólatónlist á miðvikudögum fram að jólum, gestum til mikillar gleði. Þá var boðið upp á jóga til slökunar í jólastressinu og jólabíó fyrir börnin. Á Lindasafni var hægt að læra um vegan-matreiðslu fyrir jólin í erindi sem systurnar á Veganistur.is héldu í lok nóvember. Í byrjun desember kom sálfræðingurinn Pálína Erna Ásgeirsdóttir einnig á Lindasafn og spjallaði um árvekni og hvernig hægt er að minnka jólastressið.

Þrjú daga í desember voru haldnar bókakynningar sem nefndust Höfundar bjóða í heimsókn. Safnið fékk til sín skáldsagnahöfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á rithöfundabrautinni og lásu þeir úr nýjum bókum sínum.

Jólabókaflóðinu var fagnað 1. desember með árlegu bókasþjalli sem Maríanna Clara Lúthersdóttir stjórnaði að venju. Rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson, Vilborg Davíðsdóttir og Yrsa Sigurðardóttir lásu úr verkum sínum og sátu fyrir svörum. Var fjölmenni á aðalsafni og allir skemmtu sér hið besta við góða dagskrá og léttar veitingar.

Af öðrum stökum viðburðum sem vert er að telja upp má nefna erindi um samtökin Missir.is í mars, erindi um garðrækt í lok apríl og á sumardaginn fyrsta var opið á safninu með úti- og innidóti fyrir alla. Í lok sumars stóð Agnes Ársælsdóttir, starfsmaður skapandi sumarstarfa í Kópavogi, fyrir gjörningnum Lýsingarframleiðslan tvo laugardaga.

Sýningar

Sýningaraðstaða í fjölnotasal á 1. hæð var vel nýtt á árinu og er sýningartími nú fjórar vikur í senn. Sýnendur voru: Guðbjörg Sigmundsdóttir, Erna Mist Pétursdóttir, Inga Kristjánsdóttir, Ynja Mist, Rannveig Tryggvadóttir, Steinar Ársælsson, Jódís Hlökkversdóttir, Bolli Magnússon, Gunnar Gunnarsson og Kolbrún Lorange. Árinu lauk með sýningu á jólasveinamyndum í desember. Að auki voru settar upp sýningar á 2. hæð safnsins í tengslum við barnamenningarhátíð og afmæli Jóns úr Vör.

Viðburðadagatal Bókasafns Kópavogs 2017

Janúar

Fjölskyldustundir: Ratleikur, Spilavinir og listsmiðjan Búum til bók – Ljóðahátíðin
Dagar ljóðsins – Erindi um jólabókaflóðið – Myndlistarsýningin Moss

Febrúar

Erindaröðin Uppruninn – Fjölskyldustundir: Bingó, Legósmiðja, perlusmiðja, vísindasmiðja – Bókamarkaður – Vetrarfrí grunnskóla: Bíófjör, ritsmiðja og spilavinir – Menningarlegur miðvikudagur – Dagskrá á Safnanótt

Mars

Fjölskyldustundir: Legósmiðja og bingó – Myndlistarsýningin Tíminn og vatnið – Erindi: Missir.is

Apríl

Dagur barnabókarinnar – Fjölskyldustundir: Ratleikurinn Hvar er Valli?, Spilavinir og páskaföndur – Sumarfjör á sumardaginn fyrsta – Erindaröð um garðrækt – Myndlistarsýningin Beðið eftir vori – Dagskrá á Barnamenningarhátíð

Maí

Erindaröð um garðrækt – Fjölskyldustundir: Jón Víðis töframaður, flugdrekasmiðja, Myndlistarsýningin Hlýnun – Slökunarjoga

Júní

Sumarlestur – Ritsmiðja – Myndlistarsýningin Litirnir vega salt – Jónsmessutónleikar Björns Thoroddsen

Ágúst

Sumarnámskeið: Stefnumót við rithöfunda – Myndlistarsýningin Bókabrölt – Uppskeruhátíð sumarlestrar – Opnun lestrargöngu – Gjørningur: Lýsingarframleiðslan

September

Örnámskeið í Rafbókasafninu – Fjölskyldustundir: Ratleikir, töframaðurinn Jón Víðis, spiladagur – Myndlistarsýningin Ósama-samt-sama – Dagur læsis – Bókasafnsdagurinn

Október

Myndlistarsýningin Betra seint en aldrei – Menning á miðvikudögum: Matarmenning Íslendinga – Haustfrí grunnskóla: Star Wars bíó, vísindasmiðja og spiladagur – Bangsadagurinn – Fjölskyldustundir: Hrekkjavökusögustund og grímusmiðja

Nóvember

Menning á miðvikudögum: Enn er líf í dalnum – Fjölskyldustundir: Leiksýning Stopp-leikhópsins – Hannyrðaklúbburinn Kaðlín – Bókmenntaklúbburinn Hananú – Erindi: Vegan mataræði – Erindi: Árvekni – Dagur íslenskrar tungu – Norræna bókasafnavikan

Desember

Fjölskyldustundir: Sögustund á náttfötum, jólaföndur og jólaperlusmiðja – Dagskrá á aðventuhátíð – Jólakattardagskrá – Höfundaheimsóknir – Bókaspjall – Jólatónlist á aðventunni

Fastir viðburðir yfir vetrarmánuðina

Sögustundir – Slökunarjoga – Lesklúbburinn Huginn – Hannyrðaklúbburinn Kaðlín – Bókmenntaklúbburinn Hananú – Heilahristingur heimanámsaðstoð – Skólaheimsóknir – Safnkynningar – Ráðgjöf fyrir innflytjendur – Fjölskyldustundir – Menning á miðvikudögum

Fastir viðburðir yfir sumarmánuðina

Sumarlestur – Ritsmiðjur – Sumarnámskeið – Útismiðjur

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi á Bókasafni Kópavogs

Fjölskyldustundir Menningarhúsanna eru alla laugardaga og voru þær fjölbreyttar á árinu. Á bókasafninu voru þær einn laugardag í mánuði á bæði aðalsafni og Lindasafni og var dagskráin af ýmsum toga. Meðal annars voru spiladagar, bingó, perlu- og listasmiðjur, ritsmiðja, vísindasmiðja, Legósmiðja, ratleikir, leikrit, töfrasýningar og páska- og jólaföndur. Hjóladaður fjölskyldunnar var haldinn í maí, hrekkjavökusögustund var í lok október í haustfrí grunnskólanna í Kópavogi og kvikmyndasýning var í nóvember í tilefni Norrænu bókasafnavikunnar.

Í september hófu Menningarhúsin í Kópavogi nýja dagskrá sem nefnist Menning á miðvikudögum þar sem boðið er upp á viðburð á hádegi alla miðvikudaga til skiptis í Menningarhúsunum. Bókasafnið bauð upp á þrjá miðvikudaga, Kristín Steinsdóttir var fyrsti gestur safnsins, en í erindi sínu las hún upp úr nýrri bók sinni, Ekki vera sár, og ræddi um feril sinn sem rithöfundur. Nanna Rögnvaldardóttir, matgæðingur og rithöfundur, ræddi um matarmenningu Íslendinga í erindi í byrjun nóvember og Marín Guðrún Hrafnadóttir, barnabarn Guðrúnar frá Lundi, sagði frá ævi og störfum rithöfundarins á síðasta viðburði ársins í lok nóvember.

Tæplega 1.400 gestir mættu á aðalsafn á Safnanótt 2017. Meðal þeirra sem komu fram á Safnanótt var Sævar Helgi Bragason, höfundur bókarinnar Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna, og fjallaði hann um stjörnuhimininn yfir Íslandi. Lóa Hlín Hjalmtýsdóttir teiknari bauð öllu áhugafólki um myndasögur að koma í heimsókn í myndasögudeildina og spjalla. Í vöndarhúsi Þrígaldraleikanna var bókahillunum á annarri hæð safnsins breytt í vöndarhús í anda Harry Potter. Ratleikur var um bókasafnið þar sem þekking, útsjónarsemi og snerpa komu í góðar þarfir. Vísbendingar voru á við og dreif um safnið og var dregið úr réttum lausnum en veglegir bókavinningar voru í boði. Sirrý spá rýndi í framtíðina fyrir gesti og gangandi og sönghópurinn The Darlings sem samanstendur af níu lífsglöðum og lagvissum

Bókasafn Kópavogs

Stofnanir sviðsins

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

söngkonum endaði svo Safnanótt með syrpu af Bítalögum. Vel var staðið að auglýsingum og bæklingagerð fyrir Safnanótt 2017 og skilaði það góðum árangri. Er þar átt við efni sem kom frá Höfuðborgarstofu, bækling sem unninn var á vegum stofnana Kópavogsbæjar og auglýsingar sem útbúnar voru á safninu. Á bókasafninu var vel auglýst, m.a. með veggspjöldum ásamt því að nota Facebook og ytri vef safnsins.

Vetrarfrí grunnskólanna í Kópavogi var dagana 20.–21. febrúar og skipulögðu Menningarhúsin í Kópavogi dagskrá fyrir nemendur í fríi. Bíófjör var í fjölnotasal aðalsafns, Spilavinir komu bæði á aðalsafn og Lindasafn og ritsmiðja þar sem ímyndunaraflinu var gefinn laus taumurinn var haldin á Lindasafni.

Á Barnamenningarhátíð í Kópavogi dagana 25.–29. apríl var ýmislegt um að vera. Leikskólabörnum var boðið á dagskrá þar sem börnin fræddust um seli á Náttúrufræðistofu Kópavogs og hlýddu svo á ormasögu á bókasafninu. Á uppskeruhátíðinni gátu börn komið í smiðju hjá ljóðatrúðnum Gjólú auk þess sem sýning var á myndskreyttum ljóðum leikskólabarna á Álfatúni og Marbakka.

Haustfrí grunnskólanna í Kópavogi var dagana 26.–27. október og var líkt og áður boðið upp á sameiginlega dagskrá í Menningarhúsunum. Á bókasafninu var Star Wars þema og þrjár kvikmyndir sýndar auk þess sem vísindasmiðja Háskóla Íslands kom annan daginn. Á Lindasafni var róleg stemmning með borðspilum fyrir alla.

Safnfræðsla

Hefð er orðin fyrir því að bjóða fjögurra ára leikskólabörnum á námskeið í meðferð bóka á aðalsafni. Reynt er að hafa ekki fleiri en tíu börn í einu til að ná sem bestum árangri. Börnin lærðu um framkomu á safninu, að handleika bækurnar hreinlega, fletta varlega og leggja þær rétt frá sér. Í lokin tóku allir létt próf og fengu prófskírteini.

Heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanemendur hefur nú staðið til boða vikulega í tvö ár. Í byrjun árs 2017 hófst aðstoðin einnig á Lindasafni og var hún vel sótt allt árið. Samtals voru 32 skipti á aðalsafni árið 2017 og 30 á Lindasafni.

Safnið hefur í gegnum tíðina haldið sumarnámskeið fyrir grunnskólanema í sumarfrí. Síðastliðið sumar var námskeiðið endurvakið við góðar undirtektir og mikla ánægju þátttakenda. Námskeiðið kallaðist *Stefnumót við rithöfunda – hvernig verður bókin til?* og stóð það yfir síðustu vikuna fyrir skólabyrjun í ágúst. Á námskeiðið komu rithöfundar í heimsókn og spjölluðu við börnin og einnig var farið í heimsókn í prentsmiðju og unnið verkefni.

Menningarhúsin í Kópavogi stóðu einnig sameiginlega fyrir sumarnámskeiði fyrir börn en markhópurinn var 6–9 ára. Þar fléttaðist saman ritlist, leiklist, myndlist og vísindi og skiptust krakkarnir á að vera í húsunum.

Í júní var í fyrsta sinn boðið upp á sumarnámskeið á Lindasafni en námskeiðið var ætlað 8–12 ára krökkum og þeim kennd skapandi skrif í gegnum mismunandi tegundir bóka.

Jólaötturinn er samstarfsverkefni safnsins og Náttúrufræðistofu sem boðið er upp á fyrir jólin. Gerð var fræðileg úttekt á kattardýrum og lesið frumsamið ævintýri um jólaöttinn eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Að þessu sinni komu 275 börn í heimsókn í 36 hópum.

Safnið bauð grunnskólakennurum í Kópavogi upp á eins dags endurmenntunarnámskeið til undirbúnings fyrir kennslu í samstarfi við skólabókasöfn Kópavogs. Á námskeiðinu var fjallað um hvernig skólabókasöfn geta stutt við og eftl lestraráhuga og rannsóknir á sviði lestrarhvatar og tengsla við lesskilning kynntar.

Skólaheimsóknir

Síðustu ár hefur bókasafnið ásamt Menningarhúsunum í Kópavogi unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og bókasafnið lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að sporna við minnkandi lestri yngri kynslóðarinnar.

Í febrúar og mars var 4. bekk boðið að koma í heimsókn á Gerðarsafn og Bókasafn Kópavogs á dagskrána Til annarra heima þar sem börnin fengu kynningu á lífi og starfi Gerðar Helgadóttur annars vegar og Jóns úr Vör hins vegar. Með dagskránni var leitast við að kynna fyrir nemendum hvernig listin getur verið gátt inn í aðra veröld og hvernig bókasöfn þjóna í raun þeim sama tilgangi, að veita almenningi aðgang að nýjum hugmyndum og öðrum reynsluheimum. Samtímis var börnunum sögð sagan af Jóni litla Jónssyni sem fæddist á Patreksfirði í janúarmánuði 1917 og ólst upp við sára fátækt á einangruðum stað en braust til mennta. Allir 4. bekkir í Kópavogi þáðu boð á þessa dagskrá.

Í lok maí komu um 250 hressir 9. bekkingar í heim-sókn á aðalsafn og fengu þeir góða kynningu á starfsemi og þjónustu safnsins. Stór hluti nemend-anna var nýskráður inn á safnið og áhersla lögð á að þeir þekki hvað safnið hefur upp á að bjóða. Rætt var við nemendur um mikilvægi þess að taka gagnrýna afstöðu til heimilda og hvaða tól væri hægt að nota til þess að leggja mat á áreiðanleika þeirra. Úr urðu fjörugar umræður.

Nokkrir 1. bekkir komu í heimsókn á safnið í maí, við lok skólaárs. Þetta gekk vel og það var ánægjulegt að bjóða nemendum sem voru nú orðnir hagvanir í skólanum í heimsókn á safnið til að minna þá á mikilvægi þess að halda áfram að lesa sér til gleði yfir sumarið. Þetta gekk svo vel að ákveðið var að gera þessar heimsóknir að föstum lið framvegis.

Nemendum 2. bekkjar var boðið í heimsókn í byrjun skólaársins 2017–2018. Í heimsókninni var börnunum kennt að umgangast barnadeild safnsins, þau fengu að skoða bækur sem vöktu áhuga þeirra, farið var yfir með þeim hvernig bókum er raðað með lita-merkingum til að gera þær sem aðgengilegastar og þeim sagt stuttlega frá starfseminni. Áhersla var lögð á að börnunum liði vel á bókasafninu og í kringum bækur og að þau gætu verið ófeimin við að spyrja starfsmenn ef þau vantaði aðstoð. Nokkrir bekkir þáðu boðið.

Fræðsludagskrá Bókasafns Kópavogs 2017

Leikskólabörn

- * Sögustundir
- * Námskeið í meðferð bóka
- * Safnkynningar og heimsóknir
- * Barnamenningarhátíð
- * Jólakattardagskrá

Grunnskólabörn

- * Bókastund fyrir dægradvöl
- * Safnkynningar og heimsóknir
- * Skólaheimsóknir 1. bekkjar, 4. bekkjar og 9. bekkjar
- * Heilahristingur heimanámsaðstoð
- * Lesklúbburinn Huginn
- * Lestrarhvetjandi verkefni
- * Ritsmiðjur á Dögum ljóðsins og í skólafríum

Helstu verkefni 2018

Safnkostur

Gagnafl, innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins og enn meiri áhersla á eftirspurn lánþega. Vonir standa til að á árinu muni nást samningar við íslenska bóka-útgefendur vegna bóka á íslensku í Rafbókasafninu, en Rafbókasafnið er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna, Borgarbókasafns Reykjavíkur og almenningsbókasafnanna í landinu.

Þjónusta

Útlán í sjálfsafgreiðsluvél verða í brennidepli en á árinu verður bætt við sjálfsafgreiðsluvél á aðalsafn. Reglulega yfir árið munu starfsmenn gera átak í kennslu á vélarnar. Þjónusta gagnvart innflytjendum og fjölskyldur með annað móðurmál en íslensku verður aukin á árinu með samstarfi við menntasvið, ráðgjöf fyrir foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og skoðað hvort velferðarsvið kæmi að dagskrá fyrir þennan hóp.

Markaðs- og kynningarmál

Nýr vefur safnsins mun líta dagsins ljós í byrjun árs og með honum verður tekið upp netspjall sem viðbót við þá þjónustu sem nú þegar er. Stefnt er að því að gera Instragram-reikning safnsins virkari en hann hefur verið og nýta miðilinn í markaðssetningu.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Viðburðir og fræðsla á safninu eru í sífelldri þróun og á árinu er stefnt að því að bjóða forritunarkennslu og tölvur fyrir börn og unglunga auk þess sem áhersla verður á kennslu Rafbókasafnsins í safnfræðslu eldri bekkja grunnskóla. Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Sýningarhald verður áfram með svipuðu sniði og áður á aðalsafni en stefnt að því að fá inn utanaðkomandi sýningarstjóra fyrir a.m.k. eina sýningu.


Húsnæði og búnaður

Á árinu verður vinnurými aðalsafns bætt og lokað af og 3. hæð aðalsafns tekin í gegn og endurbætt. Einnig verður handavinnuhorn stækkað. Stefnt er að því að klára allar innan- og utanhússmerkingar samkvæmt nýju útliti safnsins. Settar verða upp öryggismyndavélar á aðalsafni í byrjun árs.

Lykiltölur


	Rauntölur 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi – heildartala	156.474	160.000
Aðalsafn	141.643	144.700
Lindasafn	14.831	15.300
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	324	400
Skólanemar utan skipulagðra heimsókna	1.053	1.053
Fjöldi viðburða	253	260
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	71	71
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	0	0
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	19.545	21.000
Fjöldi uppfléttinga	114.134	120.000
Safnkostur	86.996	85.000
Aðalsafn	70.753	70.000
Lindasafn	16.243	15.000
Safnkostur á íbúa	2,4	2,3
Útlán	194.024	200.000
Aðalsafn	162.657	168.000
Lindasafn	31.367	32.000
Útlán á íbúa	5,4	5,5
Samstarfsaðilar	12	12
Bókin heim (fjöldi notenda)	23	20

Skipting tekna



A	0,5115	Tekjur af útlánnum
B	0,3033	Aðrar tekjur
C	0,0365	Vörusala 24,0% vsk
D	0,1487	Vörusala án vsk

Skipting gjalda



A	0,6117	Starfsmannakostnaður
B	0,1036	Vörukaup
C	0,2847	Þjónustukaup

Fjármál 2018

Frumvarp 2018 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	12.735
----------------	--------

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	115.577
Annar rekstrarkostnaður	77.795

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-180.638
--------------------	----------

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna	24
Fjöldi stöðugilda	16,1

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Bókasafn Kópavogs

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018





GERÐARSAFN

Hlutverk

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn þar sem lögð er áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er endurspegla strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs hefur það að meginhlutverki að varðveita listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla, og varðveita safneignina. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

Leiðarljós

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi listasafna á Íslandi. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928–1975). Sköpunarkraftur og tilraunasemi Gerðar er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifið er virkjuð í samtali við samtímalist og hugðar efni samtímans.

Gerðarsafn leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt; dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til íhugunar og uppfyllingar, og farvegur fyrir áskoranir og ögrandi hugmyndir.

Gerðarsafn trúir á mátt myndlistar og menningar og veitir aukin lífsgæði í opnu og frjálsu samfélagi.

Markmið

Gerðarsafn leggur upp úr því að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætlunin að endurspegla og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar, heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtímalistarinnar.

Markmið safnsins er að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni. Að efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins. Jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum er eitt af grunnildum safnsins og gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglast í starfsemi Gerðarsafns og er sérstaða safnsins leiðandi í allri ímynd og kynningu.

Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

Starfsemi 2017

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2017 hlaut Gerðarsafn símenntunarstyrk, rekstrar- og verkefna- styrk úr safnasjóði Safnaráðs, verkefnastyrki úr Myndlistarsjóði og ferðastyrki frá Nordic Culture Point, Pratt Institute og Danish Arts Foundation vegna sérverkefna. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

Starfsmenn

Föst stöðugildi árið 2017 voru 3,1. Tveir starfsmenn eru í 100% starfi; Kristín Dagmar Jóhannesdóttir forstöðumaður og Brynja Sveinsdóttir verkefnastjóri. Tveir starfsmenn eru í móttöku og gæslu (54,99 % hvor). Linn Björklund starfaði í móttöku út ágúst 2017 og var Anna Karen Skúladóttir ráðin í hennar stað. Hildur Rut Halblaub hóf störf í móttöku í byrjun árs 2017 og kom í stað Valborgar Jónsdóttur sem lauk störfum seinni hluta árs 2016. Næsti yfirmaður er Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi. Safnið heyrir undir stjórnslusviði og þar er sviðsstjóri Páll Magnússon bæjarritari. Ræstitæknar og húsvörður tilheyra stjórnslusviði og starfa þvert á Menningarhúsin í Kópavogi. Aðkeypt vinna ýmissa fagaðila er jafnan við uppsetningu sýninga, sérverkefni og viðburði, s.s. sýningarstjórar, tæknimenn, ljósmyndarar og fleiri til sérhæfðra starfa.

Á undanförunum þremur árum hefur gestafjöldi í safnið aukist mikið. Ef tekið er mið af stærð og umfangi í starfsemi Gerðarsafns var mönnun árið 2017 í algjöru lágmarki. Til að uppfylla öryggiskröfur verður bætt við starfsmönnum um helgar á árinu 2018. Starfsmaður verður ráðinn í samráði og samvinnu við Menningarhúsin í Kópavogi til að sinna fræðslu og kynningu Gerðarsafns.

Simenntun

Gerðarsafn hlaut símenntunar- styrk Safnasjóðs fyrir fræðslu- teymi safnsins til að sækja ráðstefnuna *Communicating the Museum – Power of Education* í júní 2017. Ráðstefnan fór fram í Louvre safninu, Palais de Tokyo og Grand Palais í París dagana 19.–22. júní 2017. Markmið ferðarinnar var að kynna sér möguleika til nýrra leiða á sviði fræðslu og miðlunar. Teymið samanstóð af safnstjóra, verkefnastjóra, starfsmönnum í móttöku og leiðsögnum auk verkefnastjóra fræðslu og kynningarstjóra Menningarhúsanna í Kópavogi. Samkvæmt stefnumótun Gerðarsafns og nýrri Menningarstefnu Kópavogsbæjar hefur að undanförunum verið lagt upp úr því að efla fræðslustarf með fjölbreyttum verkefnum fyrir ólíka gesti. Starfsmenn sóttu einnig Farskóla safnmanna sem haldinn var á Siglufirði í september 2017.

Menningarhúsin í Kópavogi standa reglulega fyrir sam- eiginlegri símenntun og fræðslu. Gerðarsafn hvetur starfsmenn til að sækja og kynna sér fjöl- breyttar leiðir til símenntunar á eigin vegum. Gerðarsafn hlaut símenntunarstyrk frá Safnasjóði fyrir árið 2018 vegna fræðslu og rannsókna í miðlun safnkosts. Menningarhúsin í Kópavogi í samvinnu við Hönnunarsafn Íslands og Hafnarborg sækja Siðareglunámskeið ICOM árið 2018.

Stjórn og listráð

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar er jafnframt stjórn Gerðarsafns og fylgist með starfsemi þess og fjárhag.

Listráð Gerðarsafns var skipað árið 2016. Hlutverk ráðsins er að veita faglega ráðgjöf um listræna starfsemi og stefnumótun safnsins í samvinnu við forstöðumann safnsins. Í Listráði sitja: Bjarni Sigurbjörnsson, Ólöf Nordal og Sirra Sigrún Sigurðardóttir. Skipunartímabil er 27. maí 2016 – 27. maí 2018. Ráðið vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu, sýningarstefnu og almennri starfsemi. Haldnir eru fjórir fundir á ári.

Söfnunar- og innkaupastefna

Forstöðumaður Gerðarsafns í samráði við Listráð vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu safnsins. Ný söfnunar- og innkaupastefna var lögð fyrir og samþykkt af Lista- og menningarráði Kópavogsbæjar sem veitir 3.500.000 kr. til listaverkakaupa árin 2018 og 2019, eða 7.000.000 kr. í heildina. Engin ný aðföng hafa komið í safneignina frá árinu 2007 fyrir utan tvö verk Barböru Árnason og gjafir færðar safninu.

Kynningarmál

Hugað var að kynningarmálum og aukinni samvinnu við önnur Menningarhús í Kópavogi. Gerðarsafn nýtir sér almennar kynningarleiðir á borð við fréttatil- kynningar, boðskort í pósti og tölvupósti og samskipti við fjölmiðla í tengslum við viðburði. Lögð hefur verið áhersla á að efla samfélagsmiðla á borð við Facebook og Instagram. Unnið var að nýrri vefsíðu Gerðarsafns í samvinnu við Menningarhúsin í Kópavogi. Nýjar vefsíður verða opnaðar vorið 2018. Umfjöllun um sýningar og starfsemi safnsins var mjög góð og birtist í ýmsum miðlum; prentmiðlum, útvarpi og sjónvarpi. Sýningar á vegum safnsins voru valdar sem áhugaverðastar á árinu 2017. Morgunblaðið nefndi *Normið er ný framúrstefna*, DV nefndi *Innra, með, og á milli* og Cycle-hátíðin birtist í menningarátt Menningar Kastljóssins.

Opnunartími

Gerðarsafn er öllum opið á auglýstum opnunartíma safnsins. Garðskálinn í Gerðarsafni er opinn samhliða safninu. Fastur opnunartími er alla daga frá kl. 11–17 nema mánudaga. Lokað er yfir hátíðardaga, t.a.m. páska og milli jóla og nýárs. Hægt er að óska eftir aðgangi utan auglýsts opnunartíma og er t.d. gjarnan tekið á móti skólanemendum og öðrum hópum á morgnana fyrir opnun safnsins kl. 11. Einnig er tekið á móti hópum á mánudögum þar sem skrifstofan er opin alla virka daga kl. 9–17.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir árið 2017 var 500 krónur og frítt á miðvikudögum. Frítt er fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára, aldraða, öryrkja, námsmenn og félagar í SÍM, ICOM, FÍMK, FÍSOS gegn framvísun skírteinis.

Bæjarráð samþykkti breytingar á gjaldskrá Gerðarsafns fyrir 2018. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir almenna gesti, 500 kr. fyrir náms- menn og frítt fyrir börn og ung- menni yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja. Félagar í SÍM, ICOM, FÍMK, FÍSOS fá frítt í safnið gegn framvísun skírteinis. Tekinn er upp aðgangseyrir á miðvikudögum. Aðgangur er ókeypis á ákveðnar sýningar og viðburði, frítt er á sýningaropnanir, Fjölskyldustundir, Menningu á miðvikudögum og sérstaka viðburði sem auglýstir eru sérstaklega, t.a.m. Safnanótt og Aðventuhátíð. Frítt er í safnið á meðan á sýningu MA-nema og Cycle-listahátíðinni stendur.

Sýningarmiðaðir viðburðir 2017

15. jan.

Dögurður með listamönnum: Normið er ný framúrsteftna

4. mar.

Hversdagslegt sýningarstjóraspjall: Heiðar Kári Rannversson

2.–30. apr.

Samtal í +Safneigninni – spjall um Gerði Helgadóttur alla sunnudaga í apríl

13. maí

Loftsteinar: Gjörningur Florence Lam (MA-útskriftarnemi)

14. maí

Listamannaspjall með útskriftarnemum í myndlist

21. maí

Listamannaspjall með útskriftarnemum í hönnun

25. jún.

Listamannaspjall og opnun – Innra, með og á milli

26. ág.

Gurdjeff dansar með Sögu Sigurðardóttur

27. ág.

Listamannaspjall – Innra, með og á milli

29. okt.

Sýningarstjóraspjall með Jóni Proppé – Staðsetningar

26. nóv.

Gönguleiðsögn með listamönnum

19. nóv.

Málþing um Staðsetningar

Fjölskyldustundir

28. jan.

Leiktu þér að matnum

25. feb.

Skrímli og furðudýr

25. mar.

Hver ert þú?

20. apr.

Klippimyndasmiðja

22. apr.

Klippimyndasmiðja og þrívíðir skúlptúrar

29. apr.

Listsmiðja innblásin af verkum Gerðar Helgadóttur – Barnamenningarhátíð

13. maí

Vídeólist

2. sep.

Skákmót, listsmiðjur og tónlist í tilefni af opnun listahátíðarinnar Cycle

23. sep.

Hringrás – vídeósmiðja

14. okt.

Myndlistarratleikur

11. nóv.

Rannsóknarsmiðja um myndlist og vísindi

2. des.

Aðventuhátíð – opin listsmiðja jólaluktir

16. des.

Hverfið mitt – Staðsetningar

Menning á miðvikudögum

20. sep.

Leiðsögn um sýninguna Fullveldi I nýlenda

18. okt.

Leiðsögn um sýninguna Staðsetningar

22. nóv.

Innlit í listaverkageymslu

6. des.

Leiðsögn um sýninguna Staðsetningar

Viðburðir á listahátíðinni Cycle

1. sep.

Upphitun, Opnun

2. sep.

Fjölskylduhátíð

3. sep.

Dul-lenda, Matarsamsæti

4.–6. sep.

Torf

7. sep.

Bíókvöld

8. sep.

Hádegisfyrirlestur, Við og við, Hans Jónatan kvikmynd, Matarsamsæti

9. sep.

Efahljómur, Tónlist og þjóðarsjálfsmyndir

10. sep.

Efahljómur, Við og við

11. sep.

Konur, valdefling og kvikmyndagerðarlist, Herbergi Anahi, Vetrarmorgunn

12. sep.

Ómöguleiki

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

13. sep.

Opið hús

14. sep.

Einleikur

15. sep.

Ástarsöngvar, Matarsamsæti

16. sep.

Ástarsöngvar, Á síðasta snúningi

17. sep.

Ástarsöngvar, Bandamenn listanna

18. sep.

Bandamenn listanna

19. sep.

Róttæk gestrisni

20. sep.

Opið hús, Grænlandsmálið

21. sep.

Sjónmál

22. sep.

Stjórnarskrá er ferli

23. sep.

Orviilot

24. sep.

Hetjur hrunsins, Lokamatarsamsæti

Námskeið

11. mar.

Námskeið í ljóðagerð

14.–18. ág.

Sumarnámskeið

26.–27. okt.

Námskeið í vetrarfrí – Málum með jörðinni

Aðrir viðburðir

10. jan.

Blaðamannafundur vegna ríkisstjórnar

26. jan.

Ljóðakvöld í Garðskálanum

3. feb.

Safnanótt

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Safneignin

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans fastrí árlegri fjárhæð. Í safneign Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns eru nú um 4.250 verk. Uppistaðan er um 1.400 verk eftir Gerði Helgadóttur myndhöggvara sem Kópavogsbær fékk að gjöf frá erfingjum hennar árið 1977. Í gjöf Minningarsjóðs Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar, sem barst bænum árið 1983, voru um 300 verk eftir þau hjónin. Frá því að safnið tók til starfa hafa því borist að gjöf frá stofnunum og einstaklingum um 160 verk. Árið 2009 færðu börn Valgerðar Briem listakonu safninu að gjöf 1.640 verk, aðallega teikningar eftir móður þeirra. Verk sem ýmist hafa verið keypt fyrir fé Lista- og menningarráðs eða gefin til safnsins af einstaklingum eru nú um 650 að tölu. Langflest eru eftir íslenska listamenn, einkum núlifandi. Eftir því sem næst verður komist er málverkið Kvöld í Kópavogi, 1965 eftir Eirík Smith fyrsta verkið sem keypt var til bæjarins árið 1965. Engin ný aðföng voru keypt til safnsins árið 2017 fyrir fé Lista- og menningarráðs en safnið hlaut að gjöf verk eftir Valtý Pétursson, Hólmfríði Árnadóttur og Daða Guðbjörnsson.

Varðveislusamningur: Listaverkasafn ÞG/IG

Árið 2001 gerðu Gerðarsafn og stjórn Listaverkasafns ÞG/IG, einkasafns Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, með sér vörslusamning sem nú er fallinn úr gildi. Forstöðumaður Gerðarsafns lagði til árið 2016 að undirritaður yrði tímabundinn samningur á meðan tekin yrði afstaða til listaverkasafnsins. Samningur er ekki frágenginn. Unnið er að framtíðaráætlun í samráði við stjórn Listaverkasafns ÞG/IG.

Verk í almenningsrými og opinberum stofnunum

Talsvert af listaverkageign safnsins er á bæjarskrifstofum og öðrum stofnunum bæjarins. Á árinu 2017 voru stjórnslusvið, menntasvið, umhverfissvið og móttaka bæjarskrifstofa flutt á Digranesveg 1. Vegna flutninganna voru þau verk úr safneign Gerðarsafns sem voru á sviðunum í Fannborg 2 flutt í listaverkageymslu safnsins. Verkin voru í heild um 65 talsins. Undir lok árs 2017 hófst vinna við að velja og setja upp verk úr safneign Gerðarsafns í nýjar bæjarskrifstofur á Digranesvegi 1. Árið 2018 er stefnt að því að setja upp ný verk í öllum skrifstofurýmum í samráði við bæjarstjóra og aðra starfsmenn. Unnið verður þematengt með hverja deild og verk valin í samræmi við settar áherslur. Gerðarsafn mun bjóða upp á leiðsagnir og kynningar um verkin fyrir starfsfólk bæjarins.

Skráning

Skráning á safneign Gerðarsafns hefur verið þrískipt á milli spjaldskrár, FileMaker Virtual Collection og Sarps síðastliðin ár og hófst átaksverkefni 2016 þar sem unnið var að því að flytja alla skráningu yfir í Sarp með styrkjum frá Safnasjóði. Öll rafræn skráning á safneign Gerðarsafns var flutt yfir í Sarp sumarið 2016. Í lok flutnings skráningar yfir í Sarp var skráning yfir verk Gerðar Helgadóttur gerð opin almenningi á ytri vef Sarps. Sumarið 2017 var unnið að yfirferð á skráningu á spjaldskrá og í FileMaker og að því að koma upplýsingum yfir á Sarp til að hægt væri að leggja fyrri kerfum. Starfsmaður í átaksverkefni sinnti skráningarverkefninu sumarið 2017 undir handleiðslu Brynju Sveinsdóttur, verkefnastjóra safneignar. Við yfirferðina kom í ljós að mikið af upplýsingum væri aðeins að finna á spjaldskrá auk þess sem myndir sem höfðu fylgt FileMaker-skráningu yfir í Sarp voru margar illgreinanlegar. Í verkefninu fólst því talvert meiri handavinna en ætlað var og mun verða unnið að yfirferðinni áfram. Verkefnið er unnið af mikilli nákvæmni og verður skráning á verkum talsvert ítarlegri og aðgengilegri en verið hefur. Sótt var um viðbótarstyrk til skráningar í Safnasjóð fyrir árið 2018.

Húsnæði og búnaður

Gerðarsafn er í jaðri Borgarholtsins í Kópavogi og var opnað árið 1994. Benjamín Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Tveir 200 m² sýningarsalir eru á efri hæð. Á neðri hæð safnsins er fjölnotasalur, listaverkageymsla, tæknirými og snyrtingar. Að sunnanverðu á neðri hæð er kaffistofa undir glerhýsi. Rekstraraðili er Garðskálinn í Gerðarsafni sem er opin í samræmi við Gerðarsafn. Safnið hefur afnot af geymslurými fyrir sýningarbúnað í kjallara Safnaðarheimilis Kópavogskirkju og leigir geymslu í Hamraborg.

Fræðsla

Mun fleiri skólabörn komu í fræðslu á safnið árið 2017 og komu börn frá nærliggjandi skólastofnunum á öllum skólastigum á safnið. Heildarfjöldi skólanema í skipulögðum heimsóknum á safnið árið 2017 var 1.723.

Skipulagðar heimsóknir í Menningarhúsin í Kópavogi

Boðið var upp á tvær ólíkar þemaheimsóknir í Gerðarsafn árið 2017. Nemendum í 4. bekk í grunn-skólum í Kópavogi var boðið í sameiginlega heimsókn í Gerðarsafn og Bókasafn Kópavogs undir heitinu Til annarra heima í febrúar 2017. Fjöldi nemenda í þeirri þemaheimsókn var 580. Í október og nóvember var nemendum 4. bekkjar boðið upp á þemaheimsóknina Jörðin sem olúlitur á striga, sameiginlegar heimsóknir Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Fjöldi nemenda í þeim þemaheimsóknum var 487.



Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar
og háskólar

Boðið var upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafn fyrir alla aldurshópa skólastiganna. Skólahópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtál og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega yngri hópa, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smiðjur í Stúdíói Gerðar unnar í tengslum við sýningarnar. Heildarfjöldi nemenda í skólaheimsóknum sem höfðu samband að eigin frumkvæði er 656 eða 38% af heildarfjölda nemenda.



Yfirlit yfir sýningar 2017
NORMIÐ ER NÝ
FRAMÚRSTEFNA
13. janúar – 19. mars 2017

Sýningin NORMIÐ ER NÝ FRAMÚRSTEFNA er hugleiðing um hversdagsleikann í íslenski samtímalist. Á sýningunni eru ný verk ungrar kynslóðar listamanna sett í samhengi við verk sem unnin eru á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.

Á sýningunni er hversdagsleikinn skoðaður frá sjónarhorni ellefu listamanna sem eiga það sameiginlegt að vinna verk sem verða til úr efni og aðstæðum hversdagsins og gera það hver með sínum persónulega hætti, hvort sem er á hugmyndalegan, myndrænan eða rýmislegan hátt.

Listamenn	Anna Hrund Másdóttir, Arna Óttarsdóttir, Arnfinnur Amazeen, Emma Heiðarsdóttir, Finnur Arnar Arnarson, G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Loji Höskuldsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Sveinn Fannar Jóhannsson, Þorvaldur Þorsteinsson.
Sýningarstjóri	Heiðar Kári Rannversson.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

ÚTSKRIFTARSÝNING
MA-NEMA Í MYNDLIST OG HÖNNUN
6. maí – 21. maí 2017

Alþjóðlegt meistaranám í myndlist og hönnun hófst í Listaháskóla Íslands haustið 2012 og er þetta fjórði árgangur meistaranema sem sýnir útskriftarverkefni sín í Gerðarsafni. Á sýningunni má sjá afrakstur tveggja ára háskólanáms á meistarastigi þar sem fimm hönnuðir og fimm myndlistarmenn hafa fengið tækifæri til að þróa og styrkja rannsóknir sínar á viðkomandi fagsviðum undir leiðsögn framúrskarandi hönnuða og myndlistarmanna. Áhersla er lögð á skapandi og greinandi hugsun sem nýtist við framsækin verkefni á sviðum hönnunar og myndlistar á Íslandi.

Útskriftarnemar í hönnun	Angela Edwiges Salcedo Miranda, Lisa Gaugl, María Enriqueta Saenz Parada, Sölvi Kristjánsson, Þorbjörg Valdimarsdóttir
Útskriftarnemar í myndlist	Ásgrímur Þórhallsson, Florence So-Yue Lam, Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir, María Helene Van Veen Aas, Myrra Leifsdóttir
Sýningarstjóri	Dorothee Kirsch

INNRA, MEÐ OG Á MILLI
3. júní – 27. ágúst 2017

Í sýningunni Innra, með og á milli er Gerði Helgadóttur (1928–1975) boðið að taka þátt í samfelldu samtali Ragnheiðar Gestsdóttur (IS), Theresu Himmer (DK/IS) og Emily Weiner (US). Samtal þeirra og könnun á ólínulegri túlkun á stað og tíma, tungumáli og þýðingum tók á sig áþreifanlega mynd haustið 2015 þegar þær umbreyttu rannsóknnum sínum í sýninguna Speak Nearby í Soloway í Brooklyn, New York. Sýningunni í Gerðarsafni er ætlað að fanga vangaveltur um samhengi, tíma og skrásetningu sögunnar þar sem listamennirnir fjórir standa jafnfætis þvert á stað og tíma – einhvers staðar inn á milli.

Sýningarstjóri Malene Dam (DK).

CYCLE
– FULLVALDA | NÝLENDI
1. september
– 1. október 2017

Cycle – Fullvalda | Nýlenda (CFN) er þverfaglegt verkefni þar sem lögð er áhersla á skapandi ferli og tilraunastarfsemi frá samfélagslegu sjónarhorni. Verkefnið byggist á alþjóðlegu samstarfi og miðast sérstaklega við Grænland, Færeyjar og Ísland og tengsl þessara landa við Danmörku í nútíð og fortíð. Á meðan á hátíðinni stendur verður Gerðarsafn undirlagt af smiðjum, vinnustofum, fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, opnum kvöldverðum, tónleikum, kvikspuna, gjörningum og myndlistarsýningu. Á meðan á dagskránni stendur verður Gerðarsafn gróðrarstöð samstarfs þar sem listamenn, fræðafólk og almennir borgarar geta skipst á skoðunum og reynslu á jafningjagrundvelli. Markmiðið er að veita listamönnum innblástur fyrir þróun og sköpun nýrra listaverka sem verða sýnd á ári fullveldisafmælisins.

Sýningarnefnd Guðný Guðmundsdóttir og Sara Öldudóttir

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

STAÐSETNINGAR
EINAR GARIBALDI & KRISTJÁN STEINGRÍMUR
7. október – 29. október 2017
3. nóvember 2017 – 7. janúar 2018

Staðsetningar er sýning á verkum Einars Garibalda Eiríkssonar og Kristjáns Steingríms Jónssonar, sem unnið hafa með málverkið um árabil. Einar Garibaldi og Kristján Steingrímur hafa báðir mótað með sér persónulega nálgun í rannsóknum sínum á náttúru, stöðum og staðsetningum. Sett verður upp sýning í tveimur hlutum. Á fyrri hluta sýningarinnar má sjá ný verk listamannanna en á seinni hluta sýningarinnar verður veitt frekari innsýn í vinnuaðferðir þeirra og rannsóknir.

Einar Garibaldi skoðar kennileiti, landakort og merki í náttúrunni og vekur athygli á því hvernig skilningur okkar á umhverfinu mótast og breytist. Leikur hans með landakort og náttúruleg tákn opnar fyrir heimspekilegar samræður um heiminn.

Staður og náttúra í verkum Kristjáns Steingríms hefur tekið sér fótfestu í verkinu sjálfu. Hann ferðast á ákveðna staði og vinnur verkin úr sjálfum jarðveginum. Í stað þessa að mála mynd af staðnum malar hann „með“ sjálfum staðnum.

Sýningarstjórar Jón Proppé og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir

+SAFNEIGNIN
Yfirstandandi allt árið

+Safneignin er rými fyrir rannsóknir á neðri hæð Gerðarsafns þar sem gestum er gefinn kostur á að líta á bak við tjöldin og kynnst því sem að öllu jöfnu tilheyrir innra starfi safns.

Leitað er aftur í grunninn og rýnt í safneignina með þeim hætti að listaverkageymslan teygir sig fram í sýningarrýmið. Hverju sinni eru dregin fram verk úr safneigninni til sýningar um leið og unnið er fyrir opnum tjöldum að skráningu verkanna, ástandsskoðun, rannsóknum og fræðslu. Meðal verka úr safneign sem sýnd voru í +Safneigninni 2017 voru fyrstu járnverk Gerðar Helgadóttur frá 1951–1953 og geómetrískum járnverkum hennar frá 1954–1958. Vorið 2017 voru sýnd verk frá ólíkum tímum á ferli hennar þar sem gestir fengu innsýn í skráningu á verkunum í gegnum texta og samtali við starfsmann safnsins sem starfaði að skráningu þeirra.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Helstu verkefni 2018
Sýningardagskrá

LÍKAMLEIKI
19. janúar – 15. apríl 2018

Sýningin er hugleiðing um líkamann eins og hann birtist í samtímalist. Á sýningunni eru valin verk eftir listamenn sem eiga það sammerkt að vísa í líkamann og líkamleika af ýmsu tagi.

Leiðarljós sýningarinnar er maðurinn sem líkamleg vera sem upplifir, bregst við og á samskipti við annað fólk, náttúru og borgarumhverfi. Leit að einlægu sambandi mannsins við heiminn má finna í formi líkamlegrar upplifunar og viðbrögðum við heiminum. Líkaminn birtist meðal annars sem miðill listamannsins í gjörningum þar sem hann umbreytist í skúlptúr, form og hreyfingu. Í öðrum verkum er sjónum beint að líkamlegum eiginleikum umhverfis okkar þar sem náttúrulegir og manngerðir hlutir verða áþreifanlegir og holdlegir.

Listamenn sýningarinnar Bára Kristinsdóttir, Claire Paugam, Eirún Sigurðardóttir, Elín Hansdóttir, Eva Ísleifsdóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Haraldur Jónsson, Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter, Hrafnkell Sigurðsson, Hreinn Friðfinnsson, Katrín Elvarsdóttir, Klængur Gunnarsson, Margrét Bjarnadóttir, Roni Horn, Sigurður Guðmundsson, Steina, Una Margrét Árnadóttir og Örn Alexander Ámundason.

Sýningarstjóri Brynja Sveinsdóttir

Sýningin er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands 2018.

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

ÚTSKRIFTARSÝNING
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS
28. apríl – 15. maí 2018

Laugardaginn 28. apríl verður opnuð útskriftarsýning meistara-nema í hönnun og myndlist frá Listaháskóla Íslands í Gerðarsafni. Á sýningunni má sjá afrakstur tveggja ára háskólanáms á meistarastigi þar sem hönnuðir og myndlistarmenn hafa fengið tækifæri til að þróa og styrkja rannsóknir sínar á viðkomandi fag-sviðum. Áhersla er lögð á skapandi og greinandi hugsun sem nýtist við framsækin verkefni á sviðum hönnunar og myndlistar á Íslandi.

Í MA-námi í myndlist er nemendum skapaður vettvangur til að dýpka og auka þekkingu sína á sviði samtímamyndlistar, styrkja persónulega sýn og tengja listsköpun sína við fræðilegar forsendur fagsins. Í MA-námi í hönnun er sjónum beint að aðkallandi viðfangsefnum í samtímanum en í auknum mæli er yfirlýst markmið MA-hönnunar-brautarinnar að leiða hugsunina, breyta hugarfari og hafa jákvæð áhrif á það hvernig fólk lifir.

Útskriftarnemendur í myndlist
Andreas Brunner, Arnar Ómarsson, Clara Bro Uerkvitz, Einar Örn Benediktsson, Juliane Foronda, Juliette Frenay og Maria-Magdalena Ianchis.

Útskriftarnemendur í hönnun
Andrés Julián León Cruz, Arjun Singh, Árdís Sigmundsdóttir, Guðrún Margrét Jóhannesdóttir og Michelle Site.

Sýningarstjóri Brynja Sveinsdóttir.

GERÐUR

24. maí – 12. ágúst 2018

Sýningin GERÐUR er yfirlitssýning á verkum Gerðar Helgadóttur (1928–1975) myndhöggvara. Gerður var fjölbreytt myndlistarmaður sem fékkst við skúlptúr, steint gler og mósaík. Á sýningunni verður gefið yfirlit yfir fjölbreyttan feril listamannsins þar sem lögð verður áhersla á þemu innan verka hennar og sjónrænar tengingar þeirra á milli. Til grundvallar sýningunni eru 1.400 verk Gerðar í safneign Gerðarsafns en safnið er stofnað listamanninum til heiðurs í kjölfar listaverkagjafar erfingja hennar 1977.

Sýningarstjórar Kristín Dagmar Jóhannesdóttir og Brynja Sveinsdóttir

Sýningin er hönnuð af Studio Studio, Friðriki Steini Friðrikssyni og Hreini Bernharðssyni. Verkefnið hlaut styrk úr Safnasjóði 2018.

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR

24. ágúst – 7. október 2018

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er sýningaröð sem haldin verður í þriðja sinn í Gerðarsafni 2018 en sett verður upp samsýning á verkum samtímalistamanna. Sýningunni er ætlað að draga fram skúlptúrinn í samtímanum, ekki einungis sem mikilvægan hluta listasögunnar heldur einnig sem lifandi sjónrænt tungumál samtímalistarinnar.

Sýningaröðinni SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er ætlað að heiðra Gerði Helgadóttur (1928–1975) myndhöggvara og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru saman tengingar við íslenska sýningarsögu og hreyfingar í samtímaskúlptúr. Titillinn vísar til sýningarinnar Skúlptúr / skúlptúr sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1994 en hún var opnuð sama ár og Gerðarsafn var opnað fyrir gestum. Þar sýndu á þriðja tug listamanna verk sín en sýningunni var ætlað að gefa yfirlit yfir höggmyndalist þess tíma.

Sýningin hlaut styrk úr Myndlistarsjóði.

CYCLE

25. október 2018

– 6. janúar 2019

Cycle – Fullvalda | Nýlenda er þverfaglegt verkefni þar sem lögð er áhersla á skapandi ferli og tilraunastarfsemi frá samfélagslegu sjónarhorni. Verkefnið byggist á alþjóðlegu samstarfi og miðast sérstaklega við Grænland, Færeyjar og Ísland og tengsl þessara landa við Danmörku í nútíð og fortíð. Listahátíðin Cycle tekur fyrir 100 ára fullveldisafmæli Íslands árin 2017–2018. Hátíðin hefur staðið frá árinu 2015 og stendur á mörkum listgreina.

Sýningarstjóri Jónatan Habib Engqvist.
Sýningin hlaut styrk úr Myndlistarsjóði.

+SAFNEIGNIN

Yfirstandandi allt árið

Á árinu 2018 verður áfram unnið með safneign Gerðarsafns í rýminu +Safneignin, þar sem gestum er gefinn kostur á að líta á bak við tjöldin og kynnast því sem að öllu jöfnu tilheyrir innra starfi safns. Leitað er aftur í grunninn og rýnt í safneignina með þeim hætti að listaverkageymslan teygir sig fram í sýningar-rýmið. Hverju sinni eru dregin fram verk úr safneigninni til sýningar um leið og unnið er fyrir opnum tjöldum að skráningu verkanna, ástandsskoðun, rannsóknnum og fræðslu.

Í upphafi árs 2018 voru sýnd verk Gerðar Helgadóttur (1928–1975). Í febrúar – mars voru verk og myndskreytingar Barböru Árnason (1911–1977) sýnd í +Safneigninni en í tilefni af fullveldisafmæli Íslands var haldin fjölbreytt dagskrá í Menningarhúsunum í Kópavogi tengd barnabókinni í 100 ár. Áhersla var lögð á myndskreytingar Barböru í barnabókum samhliða barnabókasýningunni Áhrifavaldar æskunnar í Bókasafni Kópavogs.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Gerðarsafn

Stofnanir sviðsins

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Fræðsla og viðburðir

Gerðarsafn mun leggja metnað sinn í að vera leiðandi á sviði safnfræðslu. Fremur en að auka við fjölda viðburða og/eða fræðslu verður lagt upp úr því að auka gæði, þar sem inntak og upplifun gesta er meginatriði. Áfram er unnið með skólum í Kópavogsbæ en lagt er upp með að ná enn fremur til nýrra gesta, s.s. ungs fólks og nýrra Íslendinga í nærumhverfi safnsins.

Safneign, skráning og aðbúnaður

Safnið hlaut styrk úr Safnasjóði til áframhaldandi átaks í skráningu safnkosts. Unnið verður að ítarskráningu og yfirfærslu upplýsinga.

Unnið er að því að mæta niðurstöðum úr matsskýrslu sem safnið fékk árið 2017 í kjölfar eftirlits safnaráðs. Heildarmat er að ástand á listaverkageymslu almennt er mjög gott. Safnið þarf að bæta sig á nokkrum sviðum sem hugað verður að á árinu. Helstu tillögur til úrbóta eru eftirfarandi:

- * Huga að þáttum er varða umhverfisþætti (ljósamál, mælingar á hita og raka, skordýraeftirlit).
- * Útbúa þarf skriflegar húsreglur fyrir starfsfólk, sérstaklega um aðbúnað og aðgengi að húsi (húsverðir).
- * Verklagsreglur um aðgang, umgengni og frágang listaverka í geymslum. Útbúa skriflegt verklag fyrir starfsmenn sem sjá um þrif.
- * Skipuleggja sérrými fyrir járnskúlpúra í innri geymslu.
- * Finna langtímaúrræði fyrir ytri geymslu.
- * Mikilvægt er að íhuga framtíðaráætlun um stækkun geymslna fyrir safnið.

Verk í almenningsrými og opinberum stofnunum

Gerðarsafn vinnur að uppsetningu verka í nýjum skrifstofum Kópavogsbæjar við Digranesveg. Merkingum og kynningum fyrir starfsfólk er ætlað að veita upplýsingar um verkin.

Árið 2018 er stefnt að því að vinna greiningu á útilistaverkum í eigu bæjarins og móta stefnu um verk í almenningsrými. Lagt er til að Gerðarsafn hafi umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu bæjarins og komi að ákvörðunum um framkvæmdir og uppsetningu nýrra verka. Að veitt verði sérstök fjárveiting vegna átaks í skráningu og viðgerðum útilistaverka í eigu bæjarins. Sótt verður um fjárveitingu til kaupa og framleiðslu á nýjum verkum.


Greiðslur til listamanna

Síðustu ár hefur SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna – unnið að herferð um greiðslur til listamanna frá opinberum söfnum og sýningarsölum. Árið 2017 tilkynnti Listasafn Reykjavíkur að borgarráð Reykjavíkurborgar hefði samþykkt aukin fjárframlög til safnsins vegna greiðslu til listamanna fyrir þátttöku í sýningum á vegum safnsins í samræmi við nýjar verklagsreglur fyrir árið 2018. Önnur söfn og sveitarfélög hafa fylgt í kjölfarið um starfsáætlanir og fjárframlög. Gerðarsafn mun innleiða eigin verklagsreglur svo að mæta megi kröfum listamanna um sanngjarnari greiðslur bæði vegna vinnu við eigin sýningar og þóknun vegna þátttöku í sýningum. Gerðarsafn hefur aðlagð sýningardagskrá ársins 2018 til að koma til móts við þær kröfur en er að miklu leyti háð sérstyrkjum vegna þóknana.

Safnverslun


Unnið er að breytingum í safnverslun þar sem greining og mat á söluvöru og lager fer fram, sérstaklega hvað varðar framleiðslu sérstakra sölugripa. Á árinu voru vörur seldar á sérstöku afsláttarverði til að losna við mikinn vörlager sem safnast hafði saman á síðustu árum. Pantaðar voru einstaka vörur sem hafa selst vel, s.s. boli með myndum af verkum Gerðar. Framleidd voru veggspjöld af teikningum Gerðar fyrir júl 2017. Árið 2018 verður unnið að frekari uppbyggingu verslunar og vöruþróun. Framleiddar verða afsteppur af völdum verkum Gerðar fyrir sumarið 2018. Gerðarsafn kannar möguleika á því að fá utanaðkomandi rekstaraðila til að sjá um safnbúð en ekki hefur verið gengið frá neinu samkomulagi vegna þess.

Allir safngestir



- A Almennir gestir
- B Skólahópar
- C Garðskálinn
- D Viðburðir
- E Útleigur/aðrir gestir

Almennir gestir



- A Innlendir fullorðnir
- B Erlendir fullorðnir
- C Innlend börn (gjaldfrjáls)
- D Erlend börn (gjaldfrjáls)
- E Innlendir lífeyrisþegar (gjaldfrjáls)
- F Erlendir lífeyrisþegar (gjaldfrjáls)
- G Öryrkjar (gjaldfrjáls)
- H Innlendir námsmenn
- I Erlendir námsmenn
- J Viðburðir

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Lykiltölur

Aðsókn

Aðsókn gesta í safnið jókst mikið á árinu miðað við fyrri ár. Heildarfjöldi gesta var 31.025. Þar af voru sýningargestir safnsins 13.162 og heildarfjöldi skólanema í skipulögðum heimsóknum 1.723. Átak var gert í talningu gesta í júní 2017 þar sem fengust teljarar í hús sem notaðir eru á móti höfuðtalningu gesta til að fá skýrari sýn á heildarfjölda gesta. Fékkst þá fyrst yfirlit yfir þann fjölda gesta sem kom inn um neðri inngang safnsins.

Árið 2014: 7.901

Árið 2015: 11.980

Árið 2016: 15.999

Árið 2017: 31.025

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Lykiltölur	Rauntölur 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi	31.025	31.000
Sýningargestir	13.162	15.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.723	2.000
Þar af skólanemar á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi	1.067	1.000
Þar af skólanemar á eigin vegum	656	1.000
Fjöldi viðburða	65	50
Fjöldi útleiga	16	60
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	1
Útlán listaverka	8	
Fjöldi útgáfuverka	4	5
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	4.250	4.255
Fjöldi skráðra ljósmynda	192	192
Fjöldi skráðra safngripa	4.442	4.442
Safnkostur	4.658	4.663

Fjármál 2018

Frumvarp 2018 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	9.124
----------------	-------

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	30.575
Annar rekstrarkostnaður	82.560

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-104.011
--------------------	----------

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna	5
Fjöldi stöðugilda	3,1



HÉRAÐSSKJALASAFN

Hlutverk

Héraðsskjalasafn Kópavogs er stjórnsýslu- og menningarstofnun með það hlutverk að tryggja aðgengi almennings og stjórnsýslu að skjölum. Það hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem opinbert skjalasafn gagnvart skjalahaldi og skjalavörslu Kópavogsbæjar. Það á að hafa eftirlit með skjalahaldi bæjarfélagsins og tekur við skjölum þess til varanlegrar varðveislu. Auk þessa tekur Héraðsskjalasafnið við skjölum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka sem hafa þýðingu fyrir sögu Kópavogssvæðisins. Safnkosturinn á að vera aðgengilegur með þeim takmörkunum sem lög bjóða, einkum þá vegna persónuverndar. Auk þessa ber Héraðsskjalasafninu að efla þekkingu á sögu Kópavogssvæðisins.

Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar á grundvelli hugmynda um opið, gagnsætt, borgaralegt lýðræðisþjóðfélag sem rekja má aftur til upplýsingar 18. aldar. Það hefur að leiðarljósi að bæta og styðja við skjalavörslu Kópavogsbæjar, efla og viðhalda vitund Kópavogsbúa um sögu sína og borgaralegan rétt til skjala. Þar skipta máli fagleg og siðleg vinnubrögð í samræmi við alþjóðleg viðmið, en Héraðsskjalasafnið á aðild að Alþjóðlega skjalaráðinu. Mikilvæg eru öflug tengsl við bæjarbúa, t.d. með samvinnu við Sögufélag Kópavogs, miðlun safnkostsins og fræðslu til yngri kynslóðar Kópavogsbúa. Meðalhóf og jafnræði eru kjarninn í þeirri festu og skýrleika sem einkenna eiga starfsemi og þjónustu Héraðsskjalasafnsins.

Markmið

Meginmarkmið Héraðsskjalasafns Kópavogs er að rækja stjórnslu- og menningarhlutverk sitt eins og best verður á kosið miðað við aðstæður hverju sinni. Þannig verður Héraðsskjalasafnið að þeirri miðstöð réttinda Kópavogsbúa og Kópavogsbæjar sem því er ætlað að vera auk þess að gegna mikilvægu hlutverki sem uppspretta heimilda til sögu Kópavogs og Kópavogsbúa með aðgengi að safnkostinum og miðlun hans.

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.



Starfsemi 2017

Útgáfa 2017

Fimmrita rit í röð smárita Sögufélags Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs var gefið út á árinu, Sauðfjárskipur í Kópavogi eftir Dr. Ólaf R. Dýrmondson. Ritin hafa mælst vel fyrir og vegna eftirspurnar hefur þurft að gera aðra prentun af tveimur þeirra. Rit Ólafs kom út föstudaginn 19. maí 2017 á 60 ára afmælisdegi Sauðfjáreigendafélags Kópavogs. Bókin er 78 blaðsíður að lengd og hefur að geyma sögu sauðfjárskipar í Kópavogi á 20. og 21. öld, fjallað er um fjallskil í nánd þéttbýlis, lögskilaréttir, fjárskipti, sauðfjárstríð í Reykjavík, hrútasýningar, sauðfjársöðun, uppgæðslu, öflun heyja og fjármörk. Sauðfjáreigendafélag Kópavogs hefur gegnt lykilhlutverki í þessari atburðarás í 60 ár og er ritið því einnig saga þess.

Vefsíða 2017

Ekki var haldið úti sérstakri vefsíðu fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs árið 2017, en undirbúningur hófst að því á árinu og var henni hleypt af stokkunum árið 2018.

Héraðsskjalaverðirnir í Kópavogi og Árnassýslu halda úti Skjalavefnum, upplýsingasíðu um skjalavörslumál sem að nokkru hefur bætt úr þessu: www.heradsskjalasafn.kopavogur.is

Sýningarhald 2017

Sýningin Símaskráin og ættir hennar hófst á Safnanótt 2017 og stóð fram í desember. Sýndar voru símaskrár úr safni Ásgeirs Svanbergssonar ættfræðings sem hann afhenti Héraðsskjalasafninu og önnur rit úr fórum skjalasafnsins, m.a. talsímaskrá sem Þórbergur Þórðarson rithöfundur samdi og viðskiptaskrá sem Sveinn Björnsson, síðar forseti, var ritstjóri að. Rit skyld símaskránni voru einnig til sýnis; bæjaskrár, útsvarsskrár, viðskipta- og þjónustuskár, sérsímaskrár, almanök og ríkishandbækur að ógleymdri prentaðri netfangaskrá. Brot úr sögu íslensku símaskrárinnar voru tekin saman, m.a. er vörðuðu uppröðun hennar, prentun og not. Varpað var ljósi á rætur símaskrárinnar sem liggja ekki aðeins til símtækninnar heldur einnig lengra aftur í aldir. Í sýningunni fólst gagnrýni á þá ákvörðun að hætta útgáfu prentaðrar símaskrár.

Störf 2017

Settur var kraftur í skráningu ljósmynda á árinu 2017, nýtt skráningarkerfi tekið í notkun og um 40.000 ljósmyndir eru komnar inn í það, flest eldri skannanir sem lágu fyrir en a.m.k. annað eins á eftir að skanna inn í kerfið af óskráðum ljósmyndum í safnkostinum. Aðeins um 1.000 myndir eru þó skráðar. Mikið starf er því framundan í þessum efnum. Önnur skráning skjala vék á árinu 2017 að mestu fyrir hagræðingu til að fullnýta geymslur og hillur, en miklar afhendingar vegna flutninga bæjarskrifstofa og áhaldahúss hafa skapað nokkurt álag og skjalageymslupláss er senn á þrotum. Mesta vinnan fór í tilfæringar á hillum, vörubrettum og afhendingum, umpökkun og bráðabirgðaskráningu. Vegna flutninganna fékkst fé til að bæta við hillum í hillukerfi Héraðsskjalasafnsins. Hinn 18. janúar 2017 var tekin upp sú nýjung að halda myndgreiningarmorgna þar sem leitað er aðstoðar gesta við að bera kennsl á og tímasetja myndefni ljósmynda í vörslu skjalasafnsins. Voru slíkir morgnar haldnir hálfsmánaðarlega yfir vetrartímenn.

Haldnar voru kynningar á starfsemi Héraðsskjalasafnsins fyrir félagasamtök og háskólanema.

Helstu verkefni 2018

Sýningar og viðburðir

Haldið verður upp á aldarafmæli fullveldisins með sýningunni Kópavogsfundurinn og fullveldið í Héraðsskjalasafninu. Sýningin verður opnuð á Safnanótt 2018 og mun standa út fullveldisafmælisárið. Þar verður fjallað um Kópavogsfundinn 28. júlí 1662 í tilefni af hundrað ára afmælisári fullveldis Íslands 2018. Með erfðahyllumunni í Kópavogi komst á einveldi konungs. Fullveldi Íslands fékkst rúmum 250 árum síðar 1. desember 1918. Hyllingareiðurinn, afrit einveldisskrárinnar og bænaskrár Íslendinga frá Kópavogsfundinum verða til sýnis, prentaðar útgáfur og umfjöllun um það.

Málþingið Kópavogsfundur um fullveldið fer fram í Salnum í Kópavogi 20. október 2018. Fræðimenn á þessu sviði halda erindi. Fjallað verður um fullveldi, hugtakið og þýðingu þess í sagnfræðilegu og lögræðlegu ljósi. Það hefur mótast í aldanna rás og á sér áhugaverða sögu. Með einveldisskránni í Kópavogi 28. júlí 1662 var komið á „fullkominni einvaldsstjórn“ á Íslandi. Þetta var í fyrsta skipti sem fullveldishugtakið var notað í íslensku samhengi, um leið og konungur lagði fullveldið undir sig. Ísland varð svo frjálst og fullvalda konungsríki 1. desember 1918. Hvað felur þetta í sér? Hvaða áhrif hefur þetta haft? Hvað er fullveldi og hver er þýðing þess?

Fyrirhugað er að halda upp á 70 ára afmæli stofnunar Kópavogshrepps í samvinnu við Sögufélag Kópavogs.

Myndgreiningarmorgnar verða haldnir að jafnaði annan hvern miðvikudag á vetrartíma.

Enn sem fyrr verður stefnt að því að auka notagildi Héraðsskjalasafnsins fyrir almenning með meiri skráningu og birtingu skráa. Þar mun ný vefsíða gegna nokkru hlutverki en einnig prentuð útgáfa.

Stefnt verður að því að gefa út smárit í samvinnu við Sögufélag Kópavogs.

Nauðsynlegt verður að finna Héraðsskjalasafninu aukið geymslurými.

Lögð verður áhersla á að koma afhendingum skjala nefnda, stjórna og ráða bæjarins á formfastari grunn. Þá verður aukið aðgengi að handbókasafni Héraðsskjalasafnsins með betri skráningu þess á dagskrá.

Fræðsla um opinbera skjalavörslu gagnvart persónuverndarlögum verður einnig í forgrunni, þar sem ný persónuverndarlög verða væntanlega sett í maí 2018. Mikilvægt er að tryggja að skjalahald og skjalavarsla fari að lögum og verði ekki fyrir tjóni við innleiðingu þeirrar löggjafar.

Frekar en áður verður lögð áhersla á miðlun ljósmynda í safnkostinum og fyrirhugað er að Héraðsskjalasafnið taki við Myndavef Kópavogsbæjar sem afmælisnefnd í tilefni af sextíu ára kaupstaðarafmæli Kópavogs stofnaði árið 2015, en Héraðsskjalasafnið hafði ráðgjafarhlutverki að gegna við uppsetningu hans á sínum tíma. Myndgreiningarmorgnar verða áfram haldnir og leitað annarra leiða við greiningu ljósmynda.

Kynningar á starfsemi og einstökum þáttum hennar verða áfram haldnar fyrir skólanemendur og frjáls félagasamtök ýmist í húsakynnum safnsins eða á öðrum vettvangi.

Í deiglunni er að vekja athygli á sögustöðum í landi Kópavogsbæjar með fræðslu í fjölbreytilegu formi, s.s. myndskreiðum og á annan hátt. Skráning minjasafns bæjarins og birting hennar stendur og fyrir dyrum í samvinnu við Sögufélag Kópavogs.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Héraðsskjalasafni

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Lykiltölur

Ekki hafa fleiri afhendingar borist Héraðsskjalasafni Kópavogs á einu ári frá stofnun þess en árið 2017. Helstu skýringar þessa eru flutningar bæjarskrifstofa Kópavogs og Áhaldahúss Kópavogs. Fyrirsjáanlegt er að geymslupláss Héraðsskjalasafnsins verði á þrotum árið 2018.

Héraðsskjalasafnið fékk 892.500 kr. fjárframlag frá ríkinu en var að öðru leyti fjármagnað af Kópavogsbæ.

Lykiltölur	Rauntölur 2017	Áætlun 2018
Gestafjöldi	854	1000
Þar af á Safnanótt	50	100
Myndgreiningarmorgnar	18	18
Fjöldi gesta á myndgreiningarmorgnum	427	450
Fjöldi afhendinga árið 2017	146	75
Umfang afhendinga árið 2017	237 hillumetrar	100
Fyrirspurnir, erindi og aðgengisbeiðnir afgreiddar	Um 500	600

Fjármál 2018

Frumvarp 2018 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	900
----------------	-----

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	30.776
Annar rekstrarkostnaður	17.784

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-47.660
--------------------	---------

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna	4
---------------------------	---

Fjöldi stöðugilda	3
-------------------	---



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA

Hlutverk

Samkvæmt stofnskrá eru aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs:

- A** að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- B** að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,
- C** að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
- D** að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- E** að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

Leiðarljós

Langtímamarkmið markast af aðalhlutverkum Náttúrufræðistofunnar á sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 4. gr. stofnskrár). Það verður áfram meginmarkmið í starfsemi Náttúrufræðistofunnar á komandi árum að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og fræðandi fyrir safngesti.

Sérhæfing Náttúrufræðistofunnar í rannsóknum er á sviði vatnalíffræði, einkum stöðuvatna. Því sviði er lítið sinnt af öðrum rannsóknastofnunum. Rannsóknastarfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs skarast því lítið við starfsemi systurstofnana, en hver stofnun bætir aðra upp með sérhæfingu.

Markmið

Til skemmri tíma er unnið að afmörkuðum markmiðum. Þau helstu eru:

- * Að fjölga safngestum, innlendum sem erlendum,
- * Að nýta margmiðlunartækni til að auðvelda aðgengi að upplýsingum í grunnsýningum safnsins,
- * Að auka samstarf við grunnskóla í Kópavogi og nýta betur sérfræðipækkingu starfsmanna Náttúrufræðistofunnar í þeirra þágu,
- * Að treysta betur rekstrargrundvöll Náttúrufræðistofunnar með því að auka vægi langtíma vöktunarverkefna í rannsóknastarfseminni.

Viðburðadagatal og safnfræðsla

Náttúrufræðistofan stendur fyrir margvíslegum viðburðum sem allir lúta að fræðslu er tengist náttúrunni. Alls voru þeir níu talsins árið 2017. Rannsóknir skipa veglegan sess í starfi Náttúrufræðistofunnar og útgefnar skýrslur voru fjórar. Í öllu starfi Náttúrufræðistofunnar er fræðsla um náttúru Íslands í fyrirrúmi.

Stakir viðburðir

Auk fastra sýningaratriða er á hverju ári boðið upp á nokkrar sérsýningar. Bæði er um að ræða meðalstórar þemasýningar sem standa í tvo til þrjá mánuði og smærri kynningar sem vara í skemmri tíma, t.d. sýningar á árstíðabundnum fyrirbærum á borð við flækingskordýr sem berast safninu. Framlag Náttúrufræðistofunnar til fjölskyldustunda Menningarhúsanna á árinu 2017, sem fram fara alla laugardaga, var með eftirfarandi viðburðum:

14. jan. Á fyrstu fjölskyldustund Náttúrufræðistofunnar var sýnd náttúrulífsmyndin *Krumminn, fugl viskunnar*. Hún var sýnd í minningu höfundarins, Páls Steingrímssonar, er lést í lok árs 2016. Samtals sóttu 46 manns sýninguna.

3. feb. Þátttaka í Safnanótt fólst í umfjöllun um stöðu náttúrufræðisafna í nútímapjódfélagi.

18. mar. Rannsóknastofan var opnuð fyrir gesti safnsins. Hægt var að kíkja í smásjár og skoða rannsóknatæki. Um 160 manns mættu þennan laugardag.

8. apr. Þennan dag var aftur boðið í bíó. Nú var tekin til sýningar myndin *Flug spóans* eftir Pál Steingrímsson. Rúmlega 40 manns sáu sýninguna.

13. maí Um miðjan maí var komið að árlegri fuglaskoðunarferð Náttúrufræðistofunnar. Safnast var saman í Náttúrufræðistofunni þar sem menn gátu skoðað fugla í návígi. Svo var gengið niður í Kópavog þar sem sjónaukum var komið fyrir þannig að menn gætu virt fuglalíf Kópavogsleiru fyrir sér.

20. maí Hjóladagur fjölskyldunnar var haldinn í annað sinn. Hjólað var frá Menningarhúsunum á Borgarholtinu og í kringum Kársnesið undir leiðsögn Gunnars Marels Hinrikssonar, sagnfræðings á Héraðsskjalasafninu, og Finns Ingimarssonar á Náttúrufræðistofu. Stoppað var á nokkrum völdum stöðum á leiðinni þar sem sögu og náttúru var lýst.

16. sep. Fyrsti viðburður haustsins var ferð í Kópavoginn, á stefnumót við lóuna sem þar er alla jafna í stórum hópum að búa sig undir farflugið til meginlands Evrópu. Einnig var kíkt á matseðil hennar í leirunni.

7. okt. Í byrjun október var endurnýjuð grunnsýning Náttúrufræðistofunnar um jarðfræði Íslands opnuð með viðhöfn af Ármanni Kr. Ólafssyni bæjarstjóra. Samtals komu 93 gestir á safnið þennan dag.

25. nóv. Rannsóknastofan er alltaf vinsæl og forvitnilegt að skoða hvað þar er grúskað. Um 86 manns kíktu í heimsókn og í smásjárnar þar sem rannsóknaviðföng vatnalíffræðinnar voru til skoðunar.

Sýningar

Söfnunar- og sýningarstefna

Náttúrufræðistofa Kópavogs er eign Kópavogsbæjar og starfar í samræmi við stofnskrá sem samþykkt var af Lista- og menningarráði 7. nóvember 2013. Söfnunar- og sýningarstefna Náttúrufræðistofu Kópavogs er einnig samþykkt af Lista- og menningarráði Kópavogs. Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs fer fram í samræmi við siðareglur ICOM (International Council of Museums) eins og þær eru kynntar hjá Íslandsdeild ICOM (sbr. 3. gr. stofnskrár Náttúrufræðistofunnar).

Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs má skipta í tvö meginvið. Annars vegar er sýningarstarfsemi og almenn fræðslustörf, ásamt rannsóknnum og vinnu sem tengjast sýningarhaldi. Hins vegar eru grunnrannsóknir á sviði vatnalíffræði auk rannsókna í tengslum við ýmis útseld þjónustuverkefni.

Kjölfestan

Sýningarstefna Náttúrufræðistofunnar markast af kjölfestueign stofunnar á sýningarmunum. Þar er einna umfangsmest lindýrasafn Jóns Bogasonar. Auk þess er gott fuglasafn, einkum vatnafuglar, ágætt safn af sjávarhryggleysingjum og jarðfræðisafn með helstu berggerðum og tegundum kristalla sem finnast á Íslandi. Jafnframt eru til sýnis spendýr og fiskar. Fjögur fiskabúr eru á safninu með lifandi fiskum, sjávardýrum og ferskvatnslífverum. Lifandi kúluskít úr Mývatni er einnig að finna í búri og honum gerð sérstök skil.

Upplýsingar

Fróðleik um sýningarmuni er að finna á texta- og myndaspjöldum við hliðina á viðkomandi gripum. Allur texti í sýningarbásnum er á íslensku. Ítarlegar upplýsingar um flesta sýningarmuni er að finna á vefsíðu Náttúrufræðistofunnar. Unnið er að því að nýta margmiðlunartækni til að auka aðgengi að upplýsingum umfram það sem nú er, ásamt því að koma leiðsögn með virkari hætti yfir á ensku og í kjölfarið fleiri tungumál.

Sýningar og miðlun

Við hönnun á sýningum og miðlun fróðleiks er horft til upplýsingagildis og fagurfræði. Við þá vinnu er leitað aðstoðar hjá hönnuðum og öðru fagfólki. Á þennan hátt er leitast við að sameina vísindi og listir, kennslu- og skemmtigildi. Í samræmi við þetta hefur Náttúrufræðistofan einnig starfað náið með listamönnum, sem sett hafa upp sérstaka listviðburði í sýningarrými stofunnar.

Erlendir ferðamenn

Sýningarsafn Náttúrufræðistofunnar er ætlað bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Allveglegur safnabæklingur og vegvísir um safnið á enskri tungu var gefinn út vorið 2012 og auðveldar hann til muna erlendum gestum að skoða það sem fyrir augu ber og kynnast íslenskri náttúru. Unnið er að þróun leiðsagnar fyrir erlenda ferðamenn sem byggir á margmiðlunartækni.

Leiðsögn

Starfsfólk veitir gestahópum leiðsögn um safnið. Stærstur hluti þessara hópa eru nemendur leikskóla og grunnskóla. Í hverri viku eru nokkrar heimsóknir og árlegur fjöldi slíkra safngesta er nokkur þúsund skólabörn. Tekið er á móti hópum af öllu höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Fræðsla

Í fjölnotasal flytja starfsmenn og gestafyrirlesarar erindi og kynna rannsóknir sínar. Haldin eru sumar-námskeið í náttúrufræðum fyrir 10–12 ára börn og hafa þau aðstöðu á rannsóknastofunni, en sýningar-rými og fjölnotasalur eru einnig nýtt. Náttúrufræðistofan og starfsmenn hennar hafa staðið fyrir og tekið þátt í ráðstefnum þar sem fjallað er um sitthvað á sviði náttúrufræða og umhverfismála.

Opið safn og ókeypis

Safnið er opið almenningi mánudaga til fimmtudaga kl. 9–18, föstudaga og laugardaga kl. 11–17. Aðgangur að sýningarsafni Náttúrufræðistofunnar hefur frá upphafi verið ókeypis.

Helstu verkefni 2018

Áfram verður unnið að þeim langtímarannsóknaverkefnum sem í gangi eru, vöktun Þingvallavatns, Reykjavíkurtjarnar og Elliðaáanna, ásamt vöktun eðlisþátta (vatnshiti, leiðni, sýrustig) í sex vötnum á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnu við margmiðlunarvæðingu grunnsýningarinnar verður haldið áfram og fengist hefur áfram-haldandi stuðningur frá Safnasjóði fyrir árið 2018. Sýningarrými Náttúrufræðistofunnar þykir aðeins falið fyrir gestum hússins en hugmyndir um að skapa tengingu úr anddyrinu inn í safnið með gluggalausnum eru í skoðun.

Fyrir liggur að fara yfir safngripa-skrár safnsins, sameina og samræma skráningu safngripa. Hluti þeirra hefur enn ekki verið færður á stafrænt form.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI


Lykiltölur

Fjármál Náttúrufræðistofunnar eru eftirfarandi:

Fjármál	2016	2017	Áætlun 2018
Tekjur	-11.156.900	-21.112.425	-17.723.667
Starfsmannakostnaður	50.825.200	50.601.457	47.226.600
Vörukaup	863.600	5.617.469	2.776.000
Þjónustukaup	24.547.800	31.832.736	25.478.385
Gjöld alls	87.547.800	67.293.630	75.181.000
Rekstrarniðurstaða	65.233.700	46.181.205	57.757.285


Skipting tekna og gjalda er eftirfarandi:

Rekstrarniðurstöður 2017



- A 18% Tekjur
- B 47% Starfsmannakostnaður
- C 5% Vörukaup
- D 30% Þjónustukaup

Fjárhagsáætlun 2018



- A 19% Tekjur
- B 51% Starfsmannakostnaður
- C 3% Vörukaup
- D 27% Þjónustukaup

Starfsstöð Náttúrufræðistofunnar er ein, að Hamraborg 6a.


	2017	2018
Heildarfjöldi starfsmanna	6	7
Fjöldi stöðugilda	4,75	5

Stofnanir sviðsins Náttúrufræðistofa



ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Aðsóknartölur á safnið

Árið 2017 sóttu ríflega 15 þúsund manns safnið heim á móti ríflega 13.700 gestum árið 2016. Aðsókn síðustu fimm ára má sjá á myndinni hér til hliðar.



Ýmsir hópar koma í skipulegar heimsóknir en þar eru skólahópar af ýmsu tagi í miklum meirihluta. Árið 2017 komu 3.199 gestir í skipulögðum heimsóknum. Á myndunum hér til hliðar má sjá skiptingu eftir skólastigum og hvaðan hóparnir koma. Á neðri myndinni eru erlendir hópar undir óstaðsettir.



MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Lykiltölur

	Rauntölur 2017
Gestafjöldi	15.143
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.530
Fjöldi viðburða	8
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	175
Útlán listaverka	5
Fjöldi útgáfuverka	4
Safnkostur	Um 7.000

Heimsóknir

	2016	2017
Heildarfjöldi gesta	13.741	15.143
Gestir í skipulögðum heimsóknum	4.150	3.199
Leikskólanemar, fjöldi nema	1.103	1.031
Leikskólanemar, fjöldi hópa	74	68
Grunnskólanemar, fjöldi nema	2.078	1.430
Grunnskólanemar í skipulögðum skólaheimsóknum	578	492
Grunnskólanemar, fjöldi hópa	2.078	1.430
Hópar úr Kópavogi, fjöldi gesta	1.888	1.272
Hópar úr Reykjavík, fjöldi gesta	1.087	779
Hópar úr Hafnarfirði, fjöldi gesta	403	569
Hópar úr Garðabæ, fjöldi gesta	188	271
Háskólanemar	28	20
Framhaldsskólanemar	145	69
Fjöldi viðburða	122	8
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	634	175
Fjöldi útgáfinna skýrsla	3	4

Náttúrufræðistofa

Stofnanir sviðsins

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Fjármál 2018

Frumvarp 2018 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	17.724
----------------	--------

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	47.227
--------------------------	--------

Annar rekstrarkostnaður	28.254
-------------------------	--------

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-57.757
--------------------	---------

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna	5
---------------------------	---

Fjöldi stöðugilda	4,75
-------------------	------



Stofnanir sviðsins

SALURINN

Hlutverk

Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist, meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi. Sem og að eiga sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

Leiðarljós

Leiðarljós Salarins, sem eitt flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hlúð sé að tónlistarmönnum, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, unglingar og fullorðnir líti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

Markmið

Stefnan er tekin á að:

- * Þjóða upp á metnaðarfulla tónleikaröð með afburðatónlistarmönnum.
- * Þjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti.
- * Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lifandi stofnun í samfélaginu um leið og aldar eru upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.
- * Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.
- * Ná til sem breiðasta hóps samfélagsins.

Starfsemi 2017

Hér er stiklað á stóru yfir helstu verkefni sem unnin voru í Salnum árið 2017.

Tíbrá, tónleikaröð Salarins

Í febrúar 2016 samþykkti Lista- og menningarráð tillögu forstöðumanns Salarins um að tónleikasjóður Salarins yrði fjármagnaður með framlagi úr Lista- og menningarsjóði og að auglýsa skyldi eftir umsóknum. Forstöðumaður Salarins ásamt fagráði sem skipað var forstöðumanni til ráðgjafar, mat og afgreiddi umsóknir. Í Tónlistarráði Salarins fyrir verkefni veturinn 2016–2017 voru Bjarni Frímann Bjarnason, Erpur Eyvindarson og Guðrún Birgisdóttir.

16. febrúar 2017 samþykkti Lista- og menningarráð að sjóðurinn styrkti áframhaldandi tónleikaröð í Salnum og heimilaði að auglýst yrði eftir umsóknum vegna Tíbrár fyrir veturinn 2017–2018.

Við val á tónleikum í Tíbrártónleikaröðina var gætt að því að bjóða upp á tónleika með okkar besta tónlistarfólki um leið og nýjum efnilegum tónlistarmönnum var gefið tækifæri til að „debutera“ í Salnum.

Sextán tónleikar voru í Tíbrártónleikaröðinni á árinu. Níu um vorið og sjö um haustið, auk þess sem einir tónleikar voru endurteknir vegna góðrar aðsóknar. Sjötíu tónlistarmenn komu fram í Tíbrá á þessum sextán tónleikum.

Á stuttum tíma hefur tónleikaröðin Tíbrá vaxið og dafnað. Almenn ánægja er með tónleikana meðal tónleikagesta, fjöldi gesta á Tíbrártónleika fer vaxandi, boðsmiðum fækkar, áskriftum fjölgar og um leið hefur innkoman aukist.

Á árinu var undirritaður tveggja ára samningur við Toyota sem aðalbakhjarl Tíbrár.

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsa Kópavogs í Salnum

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna hefur vaxið töluvert og tók Salurinn þátt í velflestum þáttum hennar.

Fjölskyldustundir á laugardögum í Salnum voru níu yfir árið og fjölgaði þeim um fimm frá árinu áður. Fjölbreytt dagskrá var á fjölskyldustundunum. Boðið var upp á Vísnaulltónleika fyrir allra yngstu börnin, Vísnatónleika fyrir aðeins eldri aldurshóp, Dúó Stemma frumflutti tónleik sinn Veturkarlinn kominn er, Jón Svavar og Fjöla fluttu jólasöngleikrit í tvígang auk þess sem boðið var upp á tónlistarsmiðju með Möggu Stínu og Krílaklassík með Guðrúnu Hrund Harðardóttur og Tinnu Þorsteinsdóttur þar sem börnin spreyttu sig sem tónskáld. Fjölskyldustundir eru mikilvægur liður í að efla barna- og fjölskyldustarf í Salnum og kynna tónlist fyrir nýjum áheyrendahópum.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Menning fyrir alla hélt áfram annað árið í röð en í byrjun október var 1.–3. bekkjum í grunnskólum Kópavogs boðið í Salinn til að hlusta á fjöruga söngtónleika með yfirskriftinni Ég sá sauð. Barítónsöngvarinn Jón Svavar Jósefsson og píanóleikarinn Guðrún Dalía Salómondóttir kynntu íslenska sönglagið fyrir nemendum. Ýmsar þekktar söngperlur lifnuðu við í flutningi þeirra en nemendum var bent á ýmislegt í tónlistinni sem er táknrænt, svo sem dýrahljóð, hætta, gleði og veður. Markmið tónleikanna var að efla hlustun barnanna.

Á **Barnameningarhátíð** fluttu börn í 5. bekk Smáraskóla tónverk sem þau sömdu og unnu í samvinnu við tónlistarkonuna Möggu Stínu. Þema verksins voru þjóðlög. Magga Stína vann verkefnið í tónlistartímum barnanna í samvinnu við tónlistarkennara Smáraskóla. Á tónleikum komu einnig fram Þjóðlagahópurinn Þula og bæjarlistamaður Kópavogs, Ásgeir Ásgeirsson. Gluggaverk í anda Gerðar Helgadóttur var sett upp í forsal Salarins á Barnameningarhátíðinni. Í tilefni hátíðarinnar vann hópur 13–16 ára nemenda í vali í myndlist í Kársnesskóla gluggaverk í anda Gerðar Helgadóttur. Hópurinn kynntist teikningum og hugmyndaheimi Gerðar í heimsókn í Gerðarsafni og þróaði sitt eigið gluggaverk undir handleiðslu Guðnýjar Jónsdóttur, myndmenntakennara í Kársnesskóla, og Guðrúnar Kristjánsdóttur myndlistarmanns.

Verkið var einstaklega vel heppnað og var ákveðið að leyfa því að standa fram að næstu Barnameningarhátíð.

Um nokkurra ára skeið hafa verið haldnir hádegis-tónleikar í Salnum á miðvikudögum undir yfirskriftinni Líttu inn í hádeginu. Haustið 2017 var hugmyndin útvíkkuð þvert á menningarstofnanir Kópavogs þannig að á hverjum miðvikudegi er boðið upp á dagskrá til skiptis milli húsa undir yfirskriftinni

Menning á miðvikudögum.

Salurinn bauð upp á fimm hádegis-tónleika á árinu og komu alls níu tónlistarmenn fram á tónleikum sem voru hverjir fyrir sig hálf tímalangir. Boðið var upp á ljúfa flaututóna með Guðrúnu Birgisdóttur og Selmu Guðmundsdóttur, Parísarstemmningu með Hafðísi Vigfúsdóttur flautuleikara og gítarleikaranum Svani Vilbergs-syni. Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari fluttu verkið Árferð eftir Báru Grímsdóttur, Guðrún Óskarsdóttir semballeikari flutti ólík verk frá barokktímanum og 21. öldinni og í desember lýstu söngkonan Hanna Dóra Sturludóttir og píanóleikarinn Snorri Sigfús Birgisson upp skammdegið með ljúfum jólalögum.

Á **Safnanótt** var boðið upp á ljúf íslensk og amerísk djaslög í bland við suðræna tóna í forsal Salarins. Fram kom Trío Ásgeirs Ásgeirssonar ásamt Sigríði Thorlacius. Tríoíð er skipað gítarleikaranum Ásgeiri Ásgeirssyni, bæjarlistamanni Kópavogs, Snorra Sigurðarsyni trompetleikara og Gunnari Hrafnssyni kontrabassaleikara. Tónleikarnir voru einstaklega vel heppnaðir og var húsfyllir á þá.

Samstarf við LHÍ

Fjórtán útskriftartónleikar frá LHÍ voru haldnir í Salnum vor og haust 2017. Samningur milli Lista- og menningarráðs Kópavogs, Salarins og Listaháskóla Íslands var endurnýjaður í febrúar til næstu þriggja ára. Samkvæmt samningnum styrkir Lista- og menningarráð LHÍ um leigu í Salnum fyrir útskriftartónleikana og stuðlar þannig að því að framtíðartónlistarmenn kynnist Salnum og tónleikahaldi.

Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. TK hefur fasta æfingatíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónleikum. Einnig hafa framhaldsprófstónleikar TK farið fram í Salnum. Árið 2017 voru 52 tónleikar á vegum TK í salnum, þar af átta framhaldsprófstónleikar. Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs flutti óperuna Spámanninn (Le Devin du village) eftir franska heimspekinginn og rithöfundinn Jean-Jacques Rousseau 28. og 29. mars.

Nýting TK á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er víkjandi fyrir starfsemi Salarins.

Almennir tónleikar

Á árinu fóru 63 viðburðir í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 33 talsins, 23 tónleikar án hljóðkerfis og 7 viðburðir aðrir en tónleikar.

Af fingrum fram með Jóni Ólafssyni hélt áfram sem fyrr í Salnum níunda veturinn í röð en gestir hans á árinu voru Egill Ólafsson, Ragnheiður Gröndal, Svavar Knútur, Helgi Björnsson, Björn Jörundur, Sigríður Thorlacius og Mugison. Auk Af fingrum fram og Tíbrár var fjöldi stakra viðburða í Salnum, svo sem Afmælistónleikar Hilmars Oddssonar, Söngvakeppni Vox Domini, Leonard Cohen tribute-tónleikar, Vortónleikar Karla-kórs Rangæinga og árlegir vortónleikar Karla-kórs Kópavogs, afmælistónleikar Duo Harpverk, útgáfutónleikar Helenu Eyjólfsdóttur, Ástarsöngvar, Vetrarferðin, Sjómannalög, danslagakeppni, Lögin af Vísnaplötunni, Jólatónleikar Friðriks Ómars og margt fleira.

Ráðstefnur og fundir

Á árinu voru fjölbreyttir viðburðir í Salnum aðrir en tónleikar. Má meðal annars nefna Home Exchange kynningu í forsalnum, undankeppni Nótunnar, útgáfuhóf og kynningu á bókinni Handan fyrirgefningarinnar, fermingar hjá Siðmennt, fund um Borgarlínuna, afhendingu viðurkenningar úr sjóði Halldórs Hansen, útgáfuhóf, ráðstefnu Félags fagfólks um offitu, hljóðfærakeppni LHÍ og margt fleira.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018



Tónleikar í tónleikaröðinni
Tíbrá 2017

21. jan.

**Píanókvartettar eftir
Mozart og Schumann**

Guðrún Dalía Salómonsdóttir,
Helga Þóra Björgvinsdóttir,
Þórarinn Baldursson og Júlía
Mogensen.

18. feb.

Í veröld nýrri

Þóra Einarsdóttir, Kristinn
Sigmundsson og Matthildur
Anna Gísladóttir.

25. feb.

**Frá Frakklandi til
Rússlands**

Ari Þór Vilhjálmsson og
Roope Gröndahl.

2. mar.

**Trúbadorar og trobairitzur
með UMBRU**

Alexandra Kjeld, Arngerður
María Árnadóttir, Guðbjörg
Hlín Guðmundsdóttir, Lilja
Dögg Gunnarsdóttir og
Kristín Þóra Haraldsdóttir.

11. mar.

Vísnatónlistarhátíð

Guðrún Gunnarsdóttir,
Aðalsteinn Ásberg
Sigurðsson, Þorgerður Ása
Aðalsteinsdóttir, Storis-
Limpan Band, Þjóðlagasveitin
Draupnir o. fl.

17. mar.

Mógil

Eiríkur Orri Ólafsson, Heiða
Árnadóttir, Hilmar Jensson,
Joachim Badenhorst, Kristín
Þóra Haraldsdóttir.

18. mar.

Strengir og söngur

Nicola Lolli, Vera Panitch,
Þórunn Ósk Marinósdóttir,
Bryndís Halla Gylfadóttir og
Þóra Einarsdóttir.

6. apr.

Íslenski saxófónkvartettinn

Vigdís Klara Aradóttir,
Sigurður Flosason, Peter
Tompkins og Guido Bäumer.

30. apr.

Brahms-marapön

Rúnar Óskarsson, Helga
Bryndís Magnúsdóttir, Una
Sveinbjarnardóttir, Helga
Þóra Björgvinsdóttir, Þórunn
Ósk Marinósdóttir og
Sigurður Bjarki Gunnarsson.

23. sep.

**Of Miles and Men – lög af
glæstum ferli Miles Davis**

Ari Bragi Kárason, Snorri
Sigurðarson, Kjartan
Valdemarsson, Róbert
Þórhallsson og Einar
Scheving.

30. sep.

**Guitarama – tíu ára
afmælishátíð**

Björn Thoroddsen, Lay Low,
Friðrik Karlsson, Ingó H.
Geirdal, Beggi Smári, Erla
Stefánsdóttir og Fúsi
Óttarsson.

13. okt.

**Taktu mig tangó
– argentínskt
ævintýraferðalag**

Svanlaug Jóhannsdóttir,
Agnar Már Magnússon,
Matthías Stefánsson, Matti
Kallio, Gunnar Hrafnsson
og Margrét Pálmadóttir.

19. okt.

**Schumann og Mahler –
ljóðatónleikar**

Jóhann Kristinsson og
Ammiel Bushakevitz.

3. nóv.

**Sönglög frá Suður-
Ameríku – Dúó Atlantica**

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
og Francisco Javier Jáuregui.

12. nóv.

**Fiðla og píanó – frá
Ungverjalandi til Spánar**

Páll Palomares og Eva Þyri
Hilmarsdóttir.

22. og 23. nóv.

**Sætabrauðsdrengirnir
– jólatónleikar**

Gissur Páll Gissurarson,
Hlöðver Sigurðsson, Bergþór
Pálsson, Viðar Gunnarsson
og Halldór Smárason.

Fjölskyldustundir
í Salnum

21. jan.

**Ég sá sauð – ljóðatónleikar
fyrir börn**

Kisa mín, Tengdamæðurnar,
Æri-Tobbi, draugar og fleiri
kynlegar verur lifna við á
tónleikunum í líflegum
flutningi Jóns Svavars
Jósefssonar og Hrannar
Þráinsdóttur.

Á sinn einstaka hátt kynna
þau tónsmíðar Atla Heimis
Sveinssonar, Karls Ottós
Runólfssonar og Sigvalda
Kaldalóns fyrir áheyrendum.
Skemmtilegir tónleikar fyrir
börn á öllum aldri.

Tónleikarnir eru í tilefni
ljóðahátíðar í Kópavogi.

11. feb.

**Tónlistarsmiðja með
Möggu Stínu fyrir 7–9 ára**

Að kynnast í gegnum
tónlistina er eitthvað alveg
sérstakt. Magga Stína býður
til tónlistarsmiðju þar sem velt
verður upp spurningum á
borð við: Hvers konar
hljóðfæri er líkami okkar?
Hvaða hljóð eru í daglegu
umhverfi okkar? Hvernig
greinum við hljóðin í kringum
okkur? Í framhaldinu verður
leitast við að semja tónlist og
texta og virkja hlustun
þátttakenda.

11. mar.

**Vísnatónleikar fyrir
fjölskylduna í forsal
Salarins**

Í tilefni Vísnatónlistarhátíðar í
Tíbrá er fjölskyldum boðið á
fjölskyldustund í forsal
Salarins þar sem Guðrún
Gunnarsdóttir, Aðalsteinn
Ásberg Sigurðsson,
Þorgerður Ása
Aðalsteinsdóttir, Vigdís
Hafliðadóttir, Storis Limpan
Band, Þjóðlagasveitin
Draupnir o. fl. flytja þjóðlaga-
og vísnatónlist eftir sænsk og
íslensk söngvaskáld.

27. maí

Krílaklassík

Guðrún Hrund Harðardóttir
víóluleikari fær nokkra
hljóðfæraleikara í lið með sér
og saman opna þau
töfrakisturnar sínar. Þegar
viðarkubbar í undarlegum
formum og kannski sitthvað
fleira kemur upp úr
töfrakistunum er full ástæða
til að undrast. Til hvers eru
böndin og skrufurnar og
prikinn með hárunum? Og
tekst tónlistarfólkinu að töfra
fram bæði framandi hljóma
og kunnuglega og kannski
dusta rykið af nótum
sem skrifaðar voru af
undrabarninu Mozart fyrir
langalangalangöngu? Í
þessari samverustund eru
yngstu krílin sérstaklega
boðin velkomin ásamt
foreldrum, afa og ömmu eða
eldri systkinum.

9. sep.

Vísnaugull

Þátttökutónleikar á léttum
nótum fyrir 1–3 ára börn í
fylgd foreldra og/eða ömmu
og afa þar sem sungnar
verða þekktar perlur og
barnagælur. Tónleikagestum
býðst að taka undir söng og
taka þátt í flutningi með
klappi og smáhljóðfærum.
Við klöppum saman lófunum
og ríðum heim til Hóla svo
eitthvað sé nefnt. Vísur og
þulur úr bókinni Vísnaugull
– Vísur og þulur fyrir börn
í fangi verða flutt á
tónleikunum. Hugmynda-
smiður Vísnaugulls, Helga
Rut Guðmundsdóttir, leiðir
þátttakendur í söng og
hljóðfærslætti ásamt fleirum.

21. okt.

– Fyrsti vetrardagur
Vetrar(h)ljóð Dúó Stemmu

Dúó Stemma fagnar komu
vetrar með því að leika sér
að vetrar(h)ljóðum í nýju
tónleikverki fyrir börn á öllum
aldri. Þau Herdís Anna
Jónsdóttir víóluleikari og
Steef van Oosterhout
slagverksleikari hafa
skemmt börnum og frætt
undanfarin ár með
tónleiksýningum sínum sem
tvíanna saman tónlist, frásögn
og leik á einstakan og
skemmtilegan hátt.

MENNINGARGHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

18. nóv.

Krífaklassík

Víóluleikarinn Guðrún Hrund Harðardóttir og píanóleikarinn Tinna Þorsteinsdóttir mæta í Salinn og opna töfrakisturnar sínar. Úr kistunum birtist hljóðfæri og prik eða bogi sem mynda alls kyns hljóð. Áheyrendur fá tækifæri til að semja eigin tónverk með því að teikna nótur á blað sem Guðrún og Tinna flytja fyrir þau. Þannig verða mörg ný lög til á staðnum auk þess sem önnur eldri verða flutt. Notaleg stund fyrir öll börn.

2. og 9. des. – í forsalnum Jól í Salnum

Jón Svavar Jósefsson og Fjóla Nikulásdóttir fara með hlutverk systkina sem spjalla og syngja um jólin á meðan þau taka til í herberginu sínu. Grýla og jólasveinarnir, jólamatur og jólaföt er á meðal þess sem ber á góma í leikritinu sem ætlað er allri fjölskyldunni.

Menning á miðvikudögum

17. maí

Tónlistarstund – ljúfir flaututónar í hádeginu

Guðrún Birgisdóttir flautuleikari og Selma Guðmundsdóttir píanóleikari leika sígildar perlur eftir Vivaldi, Bach, Grieg, Elgar og Rachmaninoff auk vel valinna laga eftir Sigfús Halldórsson.

27. sept.

Hádegi í París

Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Svanur Vilbergsson gítarleikari leika tónlist eftir Poulenc, Ibert, Debussy og Ravel.

25. okt.

Árferð

Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari ferðast með áheyrendum um árstíðirnar og dægrin. Þær flytja m.a. verkið Árferð eftir Báru Grímsdóttur. Verkið byggt er á íslenskum þjóðlagaarfi.

15. nóv.

Gamalt og nýtt fyrir sembal

Guðrún Óskarsdóttir semballeikari fléttar saman ólíkum verkum frá barokktímanum og 21. öldinni.

13. des.

Og kóngarnir heilögu sungu

Hanna Dóra Sturludóttir söngkona og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari flytja jólalög og lög sem lýsa upp skammdegið.

Tónleikar og viðburðir sem fóru í sölu

5. jan.

Búin með námið – Berta Dröfn syngur uppáhaldsariurnar og ljóðin

19. jan.

Allur lurkum laminn – Hilmar Oddsson sextíu ára

21. jan.

Píanókvartettar eftir Mozart og Schumann – Tíbrá

26. jan.

Af fingrum fram – Svavar Knútur

29. jan.

Söngvakeppni Vox Domino

8. feb.

Líttu inn í hádeginu – Heitar nætur á Þorra

11. feb.

Jóhanna Guðrún heiðrar Evu Cassidy

11. feb.

Jóhanna Guðrún heiðrar Evu Cassidy – aukatónleikar

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

16. feb.

Af fingrum fram – Ragnheiður Gröndal

18. feb.

Í veröld nýrri – Tíbrá

25. feb.

Frá Frakklandi til Rússlands – Tíbrá

2. mar.

Trúbadorar og trobairitzur um UMBRU – Tíbrá

10. mar.

Af fingrum fram – Egill Ólafsson

11. mar.

Vísnatónlistarhátíð – Tíbrá

15. mar.

Líttu inn í hádeginu – Söngur slaghörpunnar

16. mars

Jón Ólafs ásamt hljómsveit – Útgáfutónleikar

17. mars

Mógil – Tíbrá

18. mars

Strengir og söngur – Tíbrá

22. mars

Handan fyrirgefningar – fyrirlestur Þórdísar Elvu og Tom

24. mars

Við eigum samleið 2 – Lögin sem allir elska

25. mars

Á léttum nótum – Þematónleikar Tónskólans DoReMe

31. mars

The Saints of Boogie Street – Leonard Cohen

1. apr.

Vortónleikar Karlaórs Kópavogs

5. apr.

Karlaórá Rangæinga

6. apr.

Íslenski saxófónkvartettinn – Tíbrá

7. apr.

Helena Eyjólfis – Útgáfutónleikar

8. apr.

Eftirherman og orginalinn – Láta gamminn geysa

12. apr.

Eftirherman og orginalinn – Láta gamminn geysa

20. apr.

Eftirherman og orginalinn – Láta gamminn geysa

21. apr.

Rokkið í 60 ár

27. apr.

Eftirherman og orginalinn – Láta gamminn geysa

30. apr.

Brahms maraþon – Tíbrá

25. maí

Duo Harpverk – Tíbrá

28. maí

Hljómvangur Tónstofu Valgerðar – Afmælistónleikar

9. ág.

XX Duo – Tónlistarhátíð unga fólksins

10. ág.

Ástarsöngvar

15. sep.

Af fingrum fram – Mugison

22. sep.

Við eigum samleið 2 – Lögin sem allir elska

23. sep.

Of Miles and Men – Tíbrá

30. sep.

Guitarama 2017 – Tíbrá

4. okt.

Brautryðjendur 2

5. okt.

Af fingrum fram – Sigríður Thorlacius

13. okt.

Taktu mig tangó – Tíbrá

19. okt.

Schumann og Mahler – Ljóðatónleikar – Tíbrá

26. okt.

Af fingrum fram – Helgi Björnsson

Salurinn Stofnanir sviðsins

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

27. okt.
Af fingrum fram – Helgi Björnsson – aukatónleikar

2. nóv.
Trio – Linda Ronstadt, Dolly Parton, Emmylou Harris

3. nóv.
Sönglög frá Suður Ameríku – Tíbrá

4. nóv.
Danslagakeppnin á Króknum 60 ára

7. nóv.
Vetrarferðin – Winterreise eftir Franz Schubert

10. nóv.
Flottasta áhöfnin í flotanum – Sjómannaög

11. nóv.
Lögin af Vísnaplötunni – Einu sinni var og Út um græna grundu

12. nóv.
Fiðla og píanó – Frá Ungverjalandi til Spánar – Tíbrá

16. nóv.
Af fingrum fram – Björn Jörundur

17. nóv.
Af fingrum fram – Björn Jörundur – aukatónleikar

22. nóv.
Sætabrauðsdrengirnir – Jólatónleikar – Tíbrá

23. nóv.
Sætabrauðsdrengirnir – Jólatónleikar

1. des.
Heima um jólin 2017 – Friðrik Ómar ásamt gestum

2. des.
Heima um jólin 2017 – Friðrik Ómar ásamt gestum

2. des.
Heima um jólin 2017 – Friðrik Ómar ásamt gestum

8. des.
Heima um jólin 2017 – Friðrik Ómar ásamt gestum

9. des.
Heima um jólin 2017 – Friðrik Ómar ásamt gestum

9. des.
Heima um jólin 2017 – Friðrik Ómar ásamt gestum

Helstu verkefni 2018

Helstu verkefni ársins 2018 eru að halda áfram uppbyggingu Tíbrartónleikaraðarinnar, efla enn frekar barnastarf Salarins meðal annars með því að bæta við 4.–7. bekkjarheimsóknum og halda áfram að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá á fjölskyldustundum. Áfram verða mánaðarlegir hádegistónleikar á miðvikudögum. Tæknibúnaður hússins verður endurnýjaður að hluta og þannig mun aðbúnaður Salarins verða betri fyrir tónlistar- og ráðstefnuhaldara. Sem fyrr mun starfsfólk Salarins leitast við að bjóða góða og persónulega þjónustu við samstarfsaðila Salarins.

Áframhaldandi uppbygging Tíbrartónleikaraðarinnar

Tónleikaröðin Tíbrá var endurvakin haustið 2016 og verður haldið áfram að byggja upp ímynd og áheyrendahóp raðarinnar með markvissum hætti. Reynsla síðasta eins og hálfis árs verður skoðuð, metin og áætlun gerð um framhaldið. Á vormánuðum verður markaðs- og kynningaráætlun raðarinnar metin og endurskoðuð um leið og ný áætlun verður unnin fyrir haustið. Áfram verður unnið með kynningar á samfélagsmiðlum og þannig reynt að ná til nýrra hópa.

Í byrjun árs verður auglýst eftir umsóknum fyrir haustið 2018 og vorið 2019 í Tíbrá sem Tónlistaráð skipað fagmönnum metur í samráði við forstöðumann Salarins. Stefnt er að því að dagskrá Tíbrár 2018–2019 liggi fyrir í byrjun sumars.

Salurinn er fyrir alla

Undanfarin tvö ár í hefur 1.–3. bekkingum í grunn-skólum Kópavogs verið boðið á tónleika í Salnum og er það mikilvægur þáttur í fræðslu og barnastarfi Salarins. Markmiðið árið 2018 er að fá einnig nemendur í 4.–7. bekk í grunnskólum Kópavogs í tónleikaheimsókn. Leikskólabörnum hefur verið boðið á tónleika á Barnamenningarhátíð og er stefnt að því að svo verði einnig 2018. Skólaheimsóknirnar ásamt Fjölskyldustundum á laugardögum og Menningu á miðvikudögum einu sinni í mánuði eru mikilvægur þáttur í að kynna Salinn fyrir öllum og að allir geti notið tónlistar óháð efnahag. Viðburðir á Fjölskyldustundum og Menningu á miðvikudögum hafa verið nokkuð vel sóttir en þó er rými fyrir fleiri gesti. Þar leika kynningar lykilhlutverk og þarf að stórefla þær í samráði við verkefnastjóra Menningarhúsanna.

Nýsköpun

Árið 2017 veitti Lista- og menningarráð Kópavogs fjármagn í tónverkasmiðju Salarins. Hugmyndin með smiðjunni er að stuðla að frumsköpun í tónverkagerð með því að fá tónskáld til þess að semja verk sem eru síðar frumflutt í Salnum. Þegar hefur verið mótaður rammi um verkefni sem unninn verður áfram í samvinnu við Tónlistarráð Salarins. Tónskáld verða valin í verkefnið og jafnvel kallað eftir umsóknum. Litið er til þess að ný tónverk verði flutt á tónleikum á 20 ára afmælisári Salarins 2019.

Bættur aðbúnaður

Eitt af markmiðum Salarins er að bjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti. Töluvert af búnaði Salarins er komið til ára sinna. Á fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir endurnýjun á mynddreifikerfi frá myndvarpa og endurnýjun á ljósabúnaði og ljósaborði í Salnum. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið sumarið 2018. Verkefnið er unnið í samstarfi við EXTON. Áætlun verður gerð fyrir frekari framkvæmdir og endurnýjun í Salnum, svo sem á hljóðkerfi hússins, fyrir árið 2019.

Stefnumörkun til næstu tveggja ára

Árið 2014 var mörkuð stefna og starfsáætlun til fjögurra ára í Salnum. Flestöllum markmiðum þeirrar stefnu hefur verið náð og því kominn tími til að líta til næstu ára. Síðsumars 2018 verður unnið að því að marka stefnu næstu tveggja ára í samvinnu við Tónlistarráð Salarins til þess að efla enn frekar starf Salarins.

Gott og náíð samstarf

Starfsmenn Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins góða og persónulega þjónustu, hvort heldur um tónlistarmenn, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti er að ræða.

Tónleikar vorsins 2018 í Tíbrá

20. jan.

Sálin meðal strengjanna – víólan

Ásdís Valdimarsdóttir og Marcel Worms flytja verk fyrir víólu og píanó eftir Mieczyslaw Weinberg, Felix Mendelsshon, Dmitri Shostakovich og Dick Kattenburg.

11. feb.

On This Island – 20. aldar sönglög

Söngkonan Þóra Einarsdóttir og píanóleikarinn Peter Máté flytja verk eftir m.a. Béla Bartók, Arnold Schönberg, Claude Debussy og Rakhmanínov.

3. mar.

Vorkoma – ljóðatónleikar

Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og píanóleikarinn Eva Þyri Hilmarsdóttir fagna vorkomunni með norrænum sönglögum. Á tónleikunum munu meðal annars hljóma lög eftir Grieg, Sibelius, Heise, Stenhammar, Jórunni Viðar og frumflutningur laga eftir Guðmund Emilsson.

11. mar.

Stríðsárásveifla með Hexagon – Glenn Miller sveifla í Tíbrá

Brasskvintettinn Hexagon býður til stríðsárásveiflu þar sem tónlist Glenn Miller Band verður í hávegum höfð. Sveitina skipa: Carlos Caro Aquilera, Emil Friðfinnsson, Jóhann Ingvi Stefánsson, Nimrod Ron og Vilhjálmur Ingi Sigurðarson.

16. mar.

Draumskógur – dægurlög í nýjum búningi

Kvartettinn Kurr með Valgerði Guðnadóttur í fararbroddi flytur dægurlög í bland við frumflutning laga eftir Valgerði Guðnadóttur og Helgu Laufeyju Finnbogadóttur. Kvartettinn Kurr skipa Matthías Stefánsson, Helga Laufey Finnbogadóttir, Guðjón Steinar Þorláksson og Erik Qvick.

25. mar.

Ópera fyrir tvo

– ariur og dúettar, lög og ljóð
Dísella Lárusdóttir sópran, Gissur Páll Gissurarson tenór og Bjarni Frímann Bjarnason píanóleikari flytja senur úr dáðustu óperum ítalskra óperubókmennta. Fluttur verður ljóðaflokkur eftir Franz Liszt við ljóð Petrarka og Mähdchenblumen op. 22 eftir Richard Strauss við ljóð Felix Dahn. Einnig munu hljóma tvö af ljóðum Henry Purcell í umritun eftir Benjamin Britten.

8. apr.

Sólin glitrar – gullfallegir dúettar og sönglög

Sígild dagskrá með nýjum sönglögum og þjóðlaga-útsetningum Jónasar Ingimundarsonar í bland við dúetta eftir Mozart, Purcell og Saint-Saëns. Flytjendur eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari.

15. apr.

Strauss og Beethoven – kaffitónleikar

Á tónleikunum leikur Ólöf Sigursveinsdóttir sellósónötu eftir Richard Strauss og með henni leikur Bjarni Frímann Bjarnason á píanó en tekur síðan upp víóluna og flytur ásamt Ólöfu og Páli Palomares fiðluleikara strengjatrío Beethovens.

20. jan.

Björt í Sumarhúsi

Söngleikur í flutningi söngkonunnar Valgerðar Guðnadóttur og Hrannar Þráinsdóttur píanóleikara.

24. feb.

Krummi krunkar í kuldanum

Svanlaug Jóhannsdóttir, söngur og sögumaður, Catherine Maria sellóleikari, Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Laufey Sigrún Haraldsdóttir píanóleikari.

24. mar.

Söngstund með Sigu Eyrúnu og Kalla

Sigga Eyrún og Karl Olgeirsson leiða samsöng fyrir alla fjölskylduna.

12. maí

Eva María og harmonikka

Fjölskyldustund þar sem sjónum er beint að þjóðkvæðum og sagnadönsum. Fram koma Eva María Jónsdóttir miðaldafræðingur og Nanna Hlíf Ingvadóttir harmonikkuleikari.

7. feb.

Grieg og Kreisler

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari flytja rómantíska tónlist eftir Edvard Grieg og Fritz Kreisler.

7. mar.

Frá Gardel til Monk

Franski bandaneonleikarinn Olivier Manoury leikur verk eftir Carlos Gardel, Anibal Troilo, Astor Piazzolla, Leonard Bernstein, Thelonious Monk og sjálfan sig.

4. apr.

Súkkulaðikökuóperan

Súkkulaðikökuópera eftir Lee Hoiby: Sjónvarpskokkurinn frægi, Julia Child, kennir áhorfendum að baka franska súkkulaðiköku. Guja Sandholt fer með hlutverk Frú Child og Matthildur Anna Gísladóttir leikur með á píanó.

9. maí

Vorsól(ó)

Steinunn Vala Pálsdóttir flautuleikari flytur einleiksverkin Cassandra's Dream Song eftir Brian Ferneyhough og Solo nr. 19 eftir Karlheinz Stockhausen.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Lykiltölur	Rauntölur 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi	26.550	27.815
Skóláemmar í skipulögðum heimsóknum	1.900	2.900
Fjöldi viðburða	270	284
Tíbrá	16	16
Almennir tónleikar	60	60
Fyrirtækjatónleikar	4	4
Ráðstefnur og fundir	29	30
Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna	6	6
Fjölskyldustundir	9	9
Skólaheimsóknir	7	10
Útskriftartónleikar	14	20
Nemendatónleikar TK	43	43
Æfingar TK	22	22
Upptökur	4	4
Æfingar	56	60

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2017 OG STARFSÁÆTLUN 2018

Tekjur

Rekstrartekjur 37.000

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 32.231

Annar rekstrarkostnaður 60.742

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða -55.973

Starfsmannafjöldi

	2017	2018
Heildarfjöldi starfsmanna	10	10
Fjöldi stöðugilda	3,0	3,0

Menningarhúsin

í

Kópavogi

www.menningarhusin.is